# Bændablaðið

11. tölublað 2026 • Fimmtudagur 11. júní • Blað nr. 704 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is

**Hjólað um landið** Mikil eftirspurn er eftir bættum innviðum fyrir hjólafólk utan þéttbýlis.

16



**Kjósarsýsla** Bjarki Bjarnason er höfundur nýjustu árbókar Ferðafélags Íslands sem fjallar að þessu sinni um Kjósarsýslu.

34



**Landlæg hamingja** Landsbyggðir Bretlands, bæjarhátíðir og William Morris meðal umfjöllunarefna Jeremy Deller í Gerðarsafni.

48






NÝR FORMAÐUR NAUTGRIPABÆNDA Sigurbjörg Ottesen frá Hjarðarfelli á Snæfellsnesi tók við embætti formanns deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands fyrr á árinu. Hún segir búgreinina hafa þróast hratt á undanförnum árum en mikilvægt sé að halda rétt á spöðunum næstu misserin til þess að tryggja áframhaldandi grundvöll innlendrar nautgriparæktar. *– Sjá nánar á miðopnu.* Mynd / Ástvaldur Lárusson

## Breytingar á landnotkun

**Ný skýrsla um eignarhald á landbúnaðarlandi dregur upp mynd af miklum breytingum á landnotkun og eignarhaldi á Íslandi.**

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, skipulagsfræðingur og höfundur skýrslunnar ásamt Torfa Jóhannessyni, segir að þrátt fyrir að ýmsar niðurstöður komi á óvart sé það ekki síður sláandi hversu takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir. „Við fundum sterkast fyrir því við vinnuna að upplýsingar vantar,“ segir Ásdís.

Samkvæmt skýrslunni eru tæplega 6.800 lögbýli skráð á landinu en aðeins um 2.400 þeirra eru í skráðum landbúnaðartengdum rekstri. Enn færri, eða um 1.500, fá landgreiðslur sem eru greiðslur sem bændur fá fyrir að uppskera land til fóðurgjafar.

Nýleg flokkun sýnir að gott og mjög gott ræktarland sé um 486.000 hektarar en landgreiðslur séu aðeins greiddar til ræktunar á um 90.000 hekturum.

Ekki liggur þó fyrir hversu mikið ræktarland hafi farið varanlega undir aðra landnotkun á undanförnum árum.

Skýrslan sýnir jafnframt að hundruð jarða eru í eigu dánarbúa eða fjölmargra eigenda. Um 600 lögbýli eru í eigu dánarbúa og yfir 500 í eigu fimm eða fleiri aðila. */þh*

*– Sjá nánar á síðum 20–21*

# Búvörusamningar framlengdir til 2027

**Búvörusamningar hafa verið framlengdir um eitt ár en þeir hefðu annars runnið út í lok þessa árs. Heildarframlög til landbúnaðarins verða þau sömu á næsta ári og þau voru í ár en hluti þeirra rennur í sérstakan stuðning við fjárfestingar og nýliðun í greininni. Markmið Bændasamtakanna í komandi viðræðum er að styrkja afkomu bænda og tryggja fyrirsjáanlegt og stöðugt rekstrarumhverfi til lengri tíma.**

Samkomulag Bændasamtaka Íslands, atvinnuvegaráðuneytis og fjármálaráðuneytis um framlengingu búvörusamninga var undirritað í síðustu viku. Tíminn verður nýttur í viðræður um framtíðarskilyrði landbúnaðarins.

Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, segir að áherslan í viðræðum við atvinnuvegaráðuneytið verði á að styrkja afkomu bænda og tryggja fyrirsjáanlegt og stöðugt rekstrarumhverfi til lengri tíma. „Jafnframt að lögð verði áhersla á vernd innlendrar framleiðslu, að efla samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar og styðja við fjárfestingar og nýliðun í greininni. Það er mikilvægt að skapa skilyrði fyrir áframhaldandi þróun og verðmætasköpun án þess að veikja framleiðslugetu eða fæðuöryggi landsins.“

Hún segir liggja í augum uppi að samningar verði að vera langt komnir í byrjun næsta árs, „þannig að unnt sé að bera nýja samninga undir Búnaðarþing og til að þeir geti fengið viðeigandi þinglega meðferð með tilheyrandi lagabreytingum.“

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtakanna, segist fagna því að vinnan við mótun starfsskilyrða bænda og landbúnaðarins sé komin á þetta stig en það hafi legið fyrir lengi að búvörusamningar yrðu framlengdir enda vilji beggja aðila staðið til þess. „Nú getum við hafist handa við samningaborðið og ég geri ráð fyrir að nýir samningar muni renna styrkari stoðum undir íslenskan landbúnað og skapa forsendur fyrir frekari framförum og verðmætasköpun í greininni,“ segir Trausti í fréttatilkynningu frá Bændasamtökunum.

Í grein í blaðinu í dag segir ráðherra eitt mikilvægasta viðfangsefni viðræðnanna vera auðveldun nýliðunar og kynslóðaskipta: „Ástæðan er sú að það er algjört lykilatriði fyrir samfélagið okkar að ungt fólk sjái framtíð og tækifæri í því að starfa við búskap. Nýliðun og kynslóðaskipti eru að mínu mati samofin allri umræðu um hvernig við tryggjum fæðuöryggi þjóðarinnar til framtíðar.“

Í frétt á vef atvinnuvegaráðuneytisins segir að samningarnir verði að mestu óbreyttir, að því frátöldu að fallið var frá því að draga árleg framlög saman um 1% á árinu 2027, eins og gert var árin 2022–2026. „Það svigrúm sem skapast með því, tæpar 200 milljónir króna, verður nýtt til að auka framlög til nýliðunarstuðnings í landbúnaði og til fjárfestingastuðnings í nautgripa- og sauðfjárrækt.“ */þh*

*– Sjá nánar á síðu 7*

CLAAS FENDT KUHN JCB
VÉLFANG Kverneland Schäffer STRAUTMANN

## Garðyrkja:

# Mikill gangur í LED-væðingu

**Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur veitt fjármunum á undanförnum misserum til þess að styðja garðyrkjubændur til fjárfestinga á LED-lömpum í gróðurhúsum. Með breyttri lýsingu tekst bændum að spara orku.**

„Núna eru mörg gróðurhús búin að setja upp LED-lýsingu eða eru að vinna að því," segir Georg Ottósson í samtali. Hann rekur garðyrkjustöðvarnar Flúða-Jörfa og Flúðasveppi. „Við garðyrkjubændur komum skilaboðunum til stjórnvalda og það verður að segjast eins og er að ríkisstjórnin sem nú er við völd tók þátt í þessari þróun með því að veita styrk úr orkusjóði til kaupa á LED-ljósum. Með því hefur LED-væðingin í íslenskri garðyrkju verið tekin skrefinu lengra.

Þetta er búið að vera í deiglunni í mörg ár, en það eru tíu til fimmtán ár síðan fyrstu LED-ljósin komu í gróðurhús. Það sem háði okkur lengst af í garðyrkjunni var helst verðið á lömpunum, en fyrir ekki nema fimm árum var fjárfestingin einstaklega íþyngjandi. Þessi LED-væðing er ekki bara í gróðurhúsum, heldur er þetta komið víða, enda eyða LED-ljós miklu minna rafmagni en eldri tækni miðað við ljósmagn. Þróunin hefur verið ört vaxandi síðustu árin og núna fannst okkur á garðyrkjustöðinni Flúða-Jörfa ástæða til að fara af stað aftur og hafa fleiri stórar stöðvar á Íslandi.

Í okkar tilfelli vorum við með gamla natríum-lampa sem við höfðum áfram til taks í húsinu og bættum LED-lýsingunni við. Það er ekki svo auðvelt að skipta yfir án nokkurra breytinga, þar sem LED-lýsingin gefur ekki sama hitann. En miðað við sama ljósmagn er hægt að áætla að við spörum 30 prósent orkunnar, eða meira. Ég vona að stjórnvöld haldi áfram að styrkja garðyrkjubændur á þessari vegferð, því að LED-lýsingin sparar rafmagn sem gæti nýst fyrir þúsundir heimila. Peningunum er vel varið og er árangurinn mikill og sýnilegur.

Í Flúða-Jörfa ræktum við meðal annars paprikur og hefur það gengið vel yfir dimmasta tímann í vetur. Þegar kemur að lýsingu er paprikan erfiðari við að eiga en til að mynda tómatar og gúrkur. Hún þarf ljósgeisla sem við fáum frá sólinni en ekki hefðbundinni raflýsingu, á meðan LED gefur möguleika á að breyta hlutfallinu á milli ólíkra geisla. Paprikunni líður vel undir þessari lýsingu því að þarna fær hún jafnvægi milli geisla sem við höfum verið að leita eftir og við getum stjórnað því mjög nákvæmlega. Ég geri ráð fyrir að þetta muni þróast enn meira á næstu árum. Þetta mun breyta miklu í framleiðslu á papriku yfir háskammdegið í nóvember, desember og janúar," segir Georg. */ál*

# Framleiðsluvirði landbúnaðarins 100 milljarðar árið 2025

**Heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins árið 2025 er áætlað 100 milljarðar sem er 7% aukning frá árinu 2024 eftir því sem fram kemur í frétt frá Hagstofu Íslands. Áætlað er að 64% framleiðsluvirðisins teljist til búfjárræktar en 27% til nytjaplönturæktar.**

Virði nytjaplönturæktar jókst um 14% frá árinu 2024, sem má að mestu rekja til aukinnar uppskeru þar sem veðurfar sumar og haust 2025 var mun betra en árið áður.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við aðfanganotkun verði 68 milljarðar króna árið 2025 sem er 10% aukning frá fyrra ári. Aðfanganotkun er stærsti útgjaldaliðurinn, 67% af heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins, sem er svipað og það var á fyrra ári. Rétt er að benda á að mat á aðfanganotkun er háð nokkurri óvissu og þar með verður mat á hlutdeild annarra útgjaldaliða einnig óvisst. Áætlunin byggir á lokaúttekt fyrir árið 2024 og svo fyrirliggjandi upplýsingum um magn- og verðbreytingar á landbúnaðarvörum árið 2025, segir í frétt Hagstofunnar.

Árið 2024 var heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins metið 94 milljarðar króna. Virði afurða búfjárræktar, þ.e. framleiðsla dýra og dýraafurða, vegur þar langþyngst eða um 66% en virði afurða nytjaplönturæktar vegur um 26%. Tekjur af landbúnaðarþjónustu eru innan við 1% af heildarframleiðsluvirðinu og tekjur af óaðskiljanlegri aukastarfsemi eru 8%.

Heildaraðfanganotkun árið 2024 nam 61 milljarði króna sem er 4% aukning frá fyrra ári. Aðfanganotkun er stærsti útgjaldaliðurinn og vegur 66% af framleiðsluvirðinu. */ph*






Brotist var inn í alifuglabúið að Reykjum í Mosfellsbæ í byrjun mánaðar. Meðfylgjandi mynd var tekin á Reykjabúinu síðasta haust. Mynd / ál

# Tjón unnið á kjúklingabúi

**Brotist var inn í alifuglabúið að Reykjum í Mosfellsbæ aðfaranótt 1. júní þar sem dyr að húsum voru opnaðar og fuglar bornir út.**

Jón Magnús Jónsson, bóndi á Reykjum, segir í samtali að inni í húsunum séu engin verðmæti til að stela og áætlar hann að innbrotsþjófurinn hafi aðeins ætlað að valda tjóni. Jón og hans fólk var komið snemma á vettvang og segir hann aðkomuna ekki hafa verið góða. Hann þakkar fyrir að kerfi gerði honum viðvart þegar hiti lækkaði í húsunum við það að dyrnar voru opnaðar. Jón segir afar mikilvægt að verja fuglana fyrir utanaðkomandi smiti, en með góðum sóttvörnum er heilbrigði fuglanna tryggt ásamt heilnæmi afurðanna. Slátra þurfti þeim fuglum sem höfðu verið bornir út á hlað til þess að verja aðra fugla frá smiti.

Talsverð líkindi eru milli þessa innbrots og þess sem var í svínabúi á Kjalarnesi í maí og má áætla að sömu aðilar séu þar að baki. Jón hefur verið í sambandi við aðra alifuglabændur til þess að hvetja þá til þess að auka árvekni sína, en þeir eru uggandi yfir stöðu mála. Hann hefur sjálfur farið yfir öll kerfi hjá sér til að bæta öryggi og telur hann líklegt að slíkt hið sama verði gert á öðrum kjúklingabúum. Áfallið vegna þessa hafi verið mikið fyrir Jón og hans fjölskyldu og vonast hann til þess að þetta sé ekki veruleiki sem bændur þurfi að búa við. Ekki sé ljóst hver tilgangur verknaðarins hafi verið, en Jón segir að inngrip af þessu tagi hafi ekkert með dýravelferð að gera. Þegar rætt var við Jón í byrjun þessarar viku hafði hann ekki vitneskju um hverjir stóðu að baki innbrotinu.

Í skriflegu svari við fyrirspurn segir Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands (BÍ), að þegar henni bárust fréttir af innbrotinu í alifuglabúið að Reykjum hafi henni fyrst og fremst verið brugðið. „Innbrot sem þessi raska ró dýranna og öryggiskennd þeirra, og slík röskun veldur streitu, hefur bein áhrif á líðan og getur haft óafturkræfar afleiðingar í för með sér. Þetta eru aðstæður sem enginn á að þurfa að upplifa – hvorki dýr né þeir sem sinna þeim alla daga ársins," skrifar Margrét. Hún bætir við að BÍ hafi fordæmt þessa háttsemi og að samtökin muni beita sér gegn henni.

Eins segist hún hafa áhyggjur af því að á undanförnum misserum hafa komið upp nokkur tilfelli þar sem brotist er inn í útihús bænda undir merkjum dýravelferðar. „Það verður alltaf að vera skýr lína milli skoðanaskipta annars vegar og ólögmætra innbrota og skemmdarverka hins vegar. Að stefna dýrum í hættu er fullkomlega óásættanlegt og grefur undan þeirri málefnalegu umræðu sem samfélagið þarf að eiga um dýravelferð," skrifar Margrét í þessu samhengi. */ál*

## Úthlutun úr Matvælasjóði:

# 126 milljónum úthlutað til landbúnaðarverkefna

**Alls hlutu 42 verkefni styrk úr Matvælasjóði 2026 upp á 479,4 milljónir króna. 131 umsókn barst til sjóðsins upp á rúmlega tvo milljarða.**

Matvælasjóður styrkir þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áherslur sjóðsins eru á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla. Hæstu styrkirnir nema 30 milljónum króna og voru sex verkefni sem hlutu þá upphæð. Hæstu styrkina fengu Háskólinn á Akureyri, Lava Seaweed ehf., Hafrannsóknastofnun, Háskóli Íslands, Von harðfiskverkun ehf., og Akurós ehf.. Tvö verkefni fengu þar að auki tæplega þrjátíu milljónir, en verkefni á vegum Háskóla Íslands og verkefni á vegum Matís hlutu 29,9 milljónir hvort um sig.

Mest fór af styrkjum til verkefna í matvælaiðnaði, sem nam 231 milljón króna. Næstmest fór til landbúnaðarverkefna, upp á 126 milljónir króna. Þá fóru 63 milljónir í verkefni tengd sjávarútvegi, 51 milljón í fiskeldi og 8 milljónir í verkefni tengd hringrásarkerfum.

Styrkurinn skiptist í fjóra flokka: Bára er flokkur verkefna á hugmyndastigi, Kelda er fyrir rannsóknarverkefni sem skapa nýja þekkingu og grunn að verðmætasköpun framtíðar, Afurð snýr að mótun og þróun afurða sem komnar eru af hugmyndastigi en ekki tilbúnar til markaðssetningar og Fjársjóður er flokkur sem snýr að markaðssókn, markaðsinnviðum og útflutningi fullmótaðara afurða úr íslenskum hráefnum. Alls hlutu 22 verkefni styrk í flokki Báru, 8 verkefni í flokki Keldu, 9 verkefni í flokki Afurðar og 3 verkefni í flokki Fjársjóðs. 69% styrkja rann til landsbyggðarinnar og 31% til verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Mest fór til Suðurlands á landsbyggðinni en 19% styrktra verkefna eru staðsett þar og næstmest til Norðurlands eystra en þar eru 16% styrkþega.



Frá 2020 hefur sjóðurinn veitt styrki til 365 verkefna samtals að upphæð 3.655 milljónir króna. Mynd / Vefsíða Stjórnarráðsins

Á vef stjórnarráðsins segir Hanna Katrín Friðriksson atvinnu- vegaráðherra: „Líkt og fram kom í úttekt sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri gerði þá hefur sjóðurinn skapað umtalsverðan ávinning fyrir íslenska matvælageirann. Sjóðurinn hefur því svo sannarlega sannað gildi sitt og er afar mikilvægur fyrir nýsköpun, og þar með verðmætasköpun, í íslenskri matvælaframleiðslu." Þetta er í sjöunda sinn sem úthlutað er úr sjóðnum. */ kró*

ÞÚ FINNUR FRELSIÐ Á

# SPORTSMAN®





**Sportsman 570**
**Verð frá: 1.322.580 kr. án vsk.**
með 150.000 kr. afslætti.
Verðlistaverð frá: 1.790.000 kr.



**Sportsman 6x6 570 EPS**
**Verð frá: 2.588.709 kr. án vsk.**
með 150.000 kr. afslætti.
Verðlistaverð frá: 3.210.000 kr.



**Sportsman X2 570 EPS**
**Verð frá: 1.758.064 kr. án vsk.**
með 150.000 kr. afslætti.
Verðlistaverð frá: 2.330.000 kr.



**Sportsman XP 1000 S 2UP**
**Verð frá: 2.572.580 kr. án vsk.**
með 150.000 kr. afslætti.
Verðlistaverð frá: 3.340.000 kr.

## POLARIS FJÓR- OG SEXHJÓL

Fjórhjól og sexhjól eru vinsæl ökutæki á Íslandi. Þessi fjölhæfu ökutæki bjóða upp á óviðjafnanlegt frelsi og upplifun í íslensku landslagi. Á fjórhjólum og sexhjólum geturðu farið hvert sem er.

Skannaðu kóðann og kynntu þér hjólin betur

**150.000 KR. AFSLÁTTUR**
**+ 150.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI**
að eigin vali fylgir öllum hjólum / Tilboðspakkinn gildir út júní.

POLARIS

Klettháls 15 Reykjavík / Óseyri 4 - Akureyri
www.stormur.is / Sími: 577 1717

STORMUR

Glýfosatnotkun:

# Eftirlit takmarkað

**Árleg notkun glýfosats í ræktun á Íslandi er óljós og eftirlit með notkun efnisins er takmarkað.**

Minna er notað af glýfosati í landbúnaði á Íslandi en í Evrópu og miklu minna en í öðrum heimshlutum. Reglubundið eftirlit gefur ekki tilefni til sérstakrar eftirfylgni segir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Bændum er skv. reglugerð um plöntuverndarvörur gert að halda skrár yfir þær vörur sem þeir nota.

### Takmarkað eftirlit með kröfu um skráningu

„Það er minna eftirlit með afdrifum efnanna hér en í löndunum í kringum okkur,“ segir Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), aðspurður um eftirlit með notkun glýfosats í landbúnaði á Íslandi.

„Í reglubundnu eftirliti okkar með garðyrkju í matvælaframleiðslu hefur ekki komið fram tilefni til sérstakrar eftirfylgni hjá embættinu vegna glýfosats,“ segir Sigrún Guðmundsóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands (HSL) sem er með stórt og fjölbreytt umdæmi á sínum herðum. „Varðandi glýfosat sérstaklega þá hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ekki haldið sérstaka skrá yfir árlega notkun glýfosats í umdæminu.“

Til tals hefur komið að bændur noti skráningarkerfi Bændasamtaka Íslands (BÍ) til að skrá áburðar- og varnarefnanotkun sína, en kerfið býður þegar upp á slíka skráningu. Í nýlegu samtali við bónda kom fram að hann hafði aldrei verið beðinn um að framvísa skráningum sínum. Í samtalinu var bent á að reglur um innkaup séu strangar og að aðgengilegt væri að bera saman lagerstöðu, skráningar og innkaup og meta út frá því hvort um rétta notkun efna sé að ræða.

Í reglugerð 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna segir að „þeir sem nota útrýmingarefni í atvinnuskyni skulu halda skrár í a.m.k. þrjú ár yfir þær vörur sem þeir nota. Í skránni þarf að koma fram heiti vöru, notkunartími, skammtur og svæði.“

Sigrún segir eftirlit vera áhættumiðað og fara eftir þeim eftirlitsþáttum sem eiga við hverju sinni. „Í reglubundnu matvælaeftirliti getur heilbrigðiseftirlitið kallað eftir slíkum gögnum, til dæmis þegar farið er yfir innra eftirlit, rekjanleika, notkun varnarefna, uppskerufresti og hvort notkun efna sé í samræmi við leyfða notkun og leiðbeiningar.” Sigrún segir bændur geta skráð notkun sína inn í skráningakerfi BÍ.

Varðandi árlega notkun á glýfosati vísar Umhverfis- og orkustofnun



Sigrún Guðmundsdóttir.

(UOS) á upplýsingar um heildarinnflutning.

Samkvæmt tölum voru 142 kg af virku glýfosati flutt inn árið 2022, 90,8 kg árið 2023 og 985,5 kg árið 2024. Það eru rúm 406 kg að meðaltali á ári.

Í aðgerðaáætlun um notkun varnarefna 2016-2031 settu stjórnvöld fram markmið sem lúta meðal annars að eftirliti og minnkaðri notkun. „Okkar tölur benda til að notkunin sé ekki mikil þar sem innflutningurinn er ekki mikill,“ segir í svari frá UOS.

Sigrún hjá HSL segir að „niðurstöður eftirlits eru skráðar í eftirlitskerfi embættisins og eftirlitsskýrsla er send viðkomandi rekstraraðila. Ef gerðar eru athugasemdir eða frávik koma fram er þeim fylgt eftir með kröfu um úrbætur, frestum og eftir atvikum frekara eftirliti“.

### Ástæða til að vera á varðbergi

„Það eru teknar stikkprufur í grænmetisræktun hjá bændum, samkvæmt Evrópukerfi yfir hvaða efni eru skoðuð. Að öðru leyti er ekki fylgst með afdrifum efnanna. Að því leyti er eftirlit veikara hér en í nágrannalöndunum,“ segir Helgi.

Aðspurð hvort HSL hafi fjármagn og mannskap til að sinna eftirliti segir Sigrún mikilvægt að mannafli og fjármögnun haldist í hendur við umfang lögbundinna verkefna, „en við leggjum áherslu á að sinna eftirlitinu faglega og í samræmi við þær heimildir og skyldur sem embættinu eru falin“.

Glýfosat er mest notaði illgresiseyðir í heimi og er notað mun víðar en í landbúnaði. Efnið hefur verið mikið rannsakað og niðurstöður margra rannsókna hafa sýnt fram á skaðsemi þess fyrir heilsu og umhverfi.

Tvö efni með glýfosati hafa markaðsleyfi á Íslandi. Sú breyting var gerð þegar markaðsleyfi glýfosats var endurnýjað í Evrópusambandinu árið 2023 að ekki er lengur heimilt að úða kornakra fyrir uppskeru. Helgi segir að það sé orðinn töluvert mikill munur á Evrópu og restinni af heiminum, sem er komin lengra í regluverki sem lýtur að notkun plöntuvarnarefna. „Það skiptir máli fyrir bændur hér að geta fullyrt að innlend framleiðsla sé hrein, en þeir þurfa að hafa annað en eigin orð fyrir því.“ */eks*

*– Sjá nánar á síðu 22*




**Sviðsmyndir sem verða notaðar næstu árin og þéttar eftir því sem efnahagsþróun og orkuskiptum vindur fram.**
Mynd / Úr skýrslu Van Vuuren et al. (2026)

Loftslagsmál:

# Svörtustu sviðsmyndirnar út af borðinu

**Vísindamenn í loftslagsmálum hafa afskrifað verstu sviðsmyndir loftslagsbreytinga.**

Þróun í endurnýjanlegum orkugjöfum, stefnubreytingar í loftslags- og orkumálum og orkuskipti hafa gengið betur en margir höfðu þorað að vona. Næsti áfangi mótunar uppfærðra loftslagslíkana er fram undan.

### Vöxtur losunar hægari en í upphafi aldarinnar

Heimsbyggðinni er að takast að minnka losun gróðurhúsalofttegunda svo að verstu sviðsmyndir loftslagsbreytinga hafa verið teknar út af borðinu. RCP8.5 var versta sviðsmyndin og miðaði við mestan styrk gróðurhúsaáhrifa í lok aldarinnar og allt að 4,4°C hlýnun. Vísindamenn segja nú með nokkurri vissu að sú sviðsmynd sé orðin ólíkleg. Allar líkur er því á að hún verði ekki lengur til umræðu þegar Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna (IPCC) leggur drög að næstu loftslagsskýrslu. Þetta kemur fram í skýrslu vísindamanna birtri í apríl á vef European Geosciences Union. Flest öll ríki heims eru meðlimir í IPCC sem byggir á vinnu þúsunda vísindamanna, en stendur ekki fyrir eigin rannsóknum.

Halldór Björnsson, fagstjóri veðurs og loftslags hjá Veðurstofu Íslands, segir að fyrir næsta stóra reikniverkefni (CMIP7) hafi verið ljóst að það þurfti að uppfæra þessar sviðsmyndir. „Í fyrsta lagi gerðu þær köldustu (t.d. SSP1-1.9) ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda drægist skarplega saman upp úr 2020,“ sem hafi ekki gengið eftir.

Hann segir að á sama hátt sé ljóst að SSP5-8.5 hafi á undanförnum árum orðið ótrúverðug því þróun losunar er sú að hægt hefur á vexti losunar, öfugt við það sem sviðsmyndin gerði ráð fyrir. „Þessi sviðsmynd á rætur að rekja í iðnþróun fyrsta áratugar þessarar aldar, en á þeim tíma jókst losun mjög hratt, en sú þróun hefur ekki haldist.“

### Mega ekki vera ótrúverðugar

„Í báðum síðustu kynslóðum sviðsmynda (SSP og RCP) vísa síðustu tvær tölurnar til styrks gróðurhúsaáhrifa og af því hlýnun eykst með gróðurhúsaáhrifum er lítið mál að sjá að SSP1-1.9 er til dæmis mun kaldari en SSP5-8.5, en þessar tvær sviðsmyndir móta jaðar þeirra hugmynda um þróun losunar sem sviðsmyndirnar lýstu.“

Halldór segir að innan stórra reikniverkefna eins og CMIP (Coupled Model Intercomparison Project), sem eru samstarfsverkefni margra rannsóknarhópa, sammælast hóparnir um nokkrar lykilsviðsmyndir til að nota. „Hver kynslóð sviðsmynda endurspeglar mat orkuverkfræðinga, hagfræðinga og annarra sérfræðinga á því hvernig losun gróðurhúsalofttegunda er líkleg til að þróast, sem er nátengt hagþróun, orkuskiptum og fleiru. Þessar forsendur eru ekki spár, heldur er þeim ætlað að gefa forsendur um mögulega framvindu. Hér held ég að lykilorðið sé að þær mega ekki vera ótrúverðugar.“

Halldór bendir þó á að dekkri sviðsmyndir geti enn verið gagnlegar við útreikninga á þróun kerfa þar sem vitað er að svörun líkana er of lítil, „til dæmis er hún gagnleg fyrir framreiknaðar sjávarstöðubreytingar, að minnsta kosti þangað til líkön af íshvelum batna.“

*/eks*

# Litur eyrnamerkja gefinn frjáls

**Litur eyrnamerkja í sauðfé er gefinn frjáls í drögum að reglugerðarbreytingu um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.**

Litur eyrnamerkja í sauðfé er gefinn frjáls með breytingum á reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmarkanir á sammerkingum búfjár nr. 200/1998. Í kynningu á reglugerðinni segir að þetta sé eina efnislega og veigamikla breytingin sem lögð er til. Hingað til hefur sauðfjárbændum borið skylda til að nota tiltekna liti á eyrnamerki sauðfjár, allt eftir því hvaða varnarhólfi þeir tilheyra.

„Í áranna rás hefur varnarhólfum fækkað, en litir eyrnamerkja hafa haldist óbreyttir á „afmörkuðum landsvæðum“ sem upphaflega voru stök varnarhólf. Af þessari ástæðu eru í dag nokkrir litir (allt að fjórir litir) í einu og sama varnarhólfinu og því hefur litamerking misst upphaflegt gildi sitt. Við þessu er brugðist með því að setja ákvæði í reglugerðina um merkingar og skráningar dýra þess efnis að litur eyrnamerkja í sauðfé er gefinn frjáls.“

Breytingar á reglugerðinni eru annars nokkuð víðtækar, en eru þó flestar ætlaðar til samræmingar þannig að ákvæði sem fjalla um skyldumerkingar og samsetningu auðkenna eru tekin út, t.d. örmerkingar



hrossa og þeim efnislega gerð skil í nýrri reglugerð um merkingar og skráningar dýra.

Þannig mun reglugerðin eingöngu fjalla um mörkun dýra sem í flestum tilvikum er ekki skylt að gera, heldur leyfilegt að framkvæma og þá með tilteknum skilyrðum sem byggja á aldargömlum hefðum. Þó er skylt að marka lömb. Mörk, hvort heldur þau eru eyrnamörk, brennimörk eða frostmörk eru hópmerking og voru upphaflega til þess að sýna fram á eignarhald og uppruna til hjarðar.

Reglugerðin er í samráðsgátt og er þar til umsagnar til 3. júlí. */þh*



# TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI

SUZUKI



## FJÓRHJÓL

**Suzuki KingQuad**
**verð frá: 2.290.000 kr,-**

Valmöguleikar:
- Traktorskráning
- Torfæruskráning




## BÁTAR

Stórt úrval báta,- **Zodiac, AKA Marine og Bombard.**

Við eigum lím, bætur, hreinsi og bónvörur fyrir Zodiac.

## UTANBORÐS-MÓTORAR

Eigum til utanborðsmótara frá **2,5 til 300 hestöfl** á lager.

Kynntu þér verðlistann á heimasíðunni okkar: www.suzuki.is



## MÓTORHJÓL

Fyrir þá sem vilja **þjóta og njóta.**

ZODIAC




SUZUKI HF.
SUZUKISPORT@SUZUKI.IS

SKEIFAN 17

S: 568 5100

Bændablaðið

**Ritstjóri:** Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Karólína Rós Ólafsdóttir karolina@bondi.is Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is
**Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
**Upplag:** 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## Tækifæri til að gera betur

Ný skýrsla um eignarhald á landbúnaðarlandi veitir forvitnilega innsýn í íslenska stjórnsýslu. Ein af meginniðurstöðum skýrslunnar er sú að skrásetningu á upplýsingum um eignarhald og nýtingu á landbúnaðarlandi sé verulega ábótavant. Fyrir vikið hafa stjórnvöld ekki þá yfirsýn sem þarf til að taka upplýstar ákvarðanir. Í skýrslunni er raunar oft tekið fram að ekki liggi fyrir nægjanlegar upplýsingar til þess að hægt sé að setja fram traustar og afdráttarlausar ályktanir í henni, til dæmis er skortur á samræmdum upplýsingum um nýtingu, stærð og staðsetningu ræktanlegs lands sem torveldar stefnumótun um fæðuöryggi og landvernd. Óvissa ríkir sömuleiðis um það hversu mikið ræktarland hafi farið varanlega undir aðra landnotkun en landbúnað.

Skýrsluhöfundar leggja til að skráning verði bætt og sömuleiðis flokkun lögbýla eftir raunverulegri notkun þeirra. Enn fremur að gagnasöfnun og gagnsæi um eignarhald, nýtingu og skipulag landbúnaðarlands verði efld. Þetta þarf Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að taka til sín og bregðast hratt við.

Önnur meginniðurstaða skýrslunnar er sú að stór hluti lögbýla er ekki í virkri landbúnaðarnotkun. Af um það bil 6.800 lögbýlum eru um 2.400 í skráðum landbúnaðartengdum rekstri og um 1.500 fá landgreiðslur. Um 13% lögbýla eru raunar í eyði og mörg í eigu dánarbúa eða margra eigenda sem skýrsluhöfundar segja benda til óskýrrar nýtingar og veikrar yfirsýnar. Hundruð jarða eru svo í eigu ríkisins en aðeins hluti þeirra er í ábúð. Nýleg flokkun landbúnaðarlands sýnir jafnframt að um 486.000 hektarar teljast gott eða mjög gott ræktunarland en aðeins um 90.000 hektarar eru nýttir til ræktunar. Nákvæmar upplýsingar um nýtingu þeirra hektara, staðsetningu o.s.frv. skortir þó, eins og skýrsluhöfundar benda á.

Þessar tölur benda til þess að mikil tækifæri séu hér á landi til þess að efla landbúnað. Við þurfum að minnsta kosti að horfast í augu við þann raunveruleika að einungis 20-30% allra lögbýla eru í eiginlegum búrekstri, eins og Torfi Jóhannesson bendir á í blaðinu í dag.

Til að byrja með þyrfti að kortleggja hvar besta landbúnaðarlandið er og vernda það til framtíðar svo það fari ekki undir aðra starfsemi. Það er ekki bara hagsmunamál bænda heldur tryggir fæðuöryggi í landinu. Í skýrslunni koma enn fremur fram tillögur um að takmarka eignarhald dánarbúa á lögbýlum og draga úr umfangsmikilli sameign, endurmeta reglur um jarðasöfnun og erlent eignarhald. Í stuttu máli þarf að tryggja að markmið um vernd ræktarlands, fæðuöryggi og byggð í dreifbýli náist sem allra fyrst.

Skýrslan dregur öðrum þræði fram undarlega kæruleysislegt viðhorf til þeirra landgæða sem við búum við í þessu landi, svo ekki sé talað um hreint tómlæti og hugsunarleysi. Hvernig stendur á því að íslensk stjórnsýsla hefur ekki safnað og skráð með nákvæmum hætti upplýsingum um eignarhald á landbúnaðarlandi, nýtingu þess, umfang, staðsetningu o.s.frv.? Kannski höfum við litið svo á að nóg væri af landinu og þar með þyrfti ekki að huga að formsatriðunum. En það er auðvitað misskilningur. Líklega er landið sjálft eitt það dýrmætasta sem við eigum, afurðirnar sem spretta af því og auðlindirnar, náttúrulífið í allri sinni fegurð. Við þurfum að hugsa betur um þessar eignir okkar svo við missum þær ekki úr höndunum.

*Þröstur Helgason*




# Neikvæð áhrif sauðfjárbeitar mögulega ofmetin

Fréttaljós | Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Landnám plantna hefur aukist samkvæmt rannsóknum sem unnar hafa verið á gróðurþekju Hrunamannahrepps frá árinu 1981. Á sama tíma hefur fé fækkað, en rannsakandi telur hóflega sauðfjárbeit hafa meiri jákvæð áhrif en neikvæð.**

Sigurður H. Magnússon gróðurvistfræðingur hefur rannsakað þróun gróðurs á Hrunamannaafrétti í áratugi. Hann segir sterkar vísbendingar fyrir því að hófleg sauðfjárbeit geti haft jákvæð áhrif á gróðurþekju, sérstaklega þegar kemur að rofabörðum og moldum. Melar eru viðkvæmir fyrir miklum ágangi sauðfjár og því segir Sigurður mikilvægt að beit sé ekki of mikil. Hann vinnur að tveimur vísindagreinum þar sem hann tekur saman niðurstöður sinna rannsókna undanfarna áratugi og telur hann líklegt að þær geti birst á næsta ári.

Sigurður segir í samtali að hann þekki afréttinn mjög vel og í doktorsverkefni sínu í plöntuvistfræði rannsakaði hann fyrst landnám plantna á afréttinum á árunum 1981 til 1985. „Allar götur síðan hef ég fylgst með gróðurbreytingum á svæði sem heitir Heygil. Þar er ég með 20 fasta rannsóknarreiti sem ég hef fylgst náið með, en einnig hef ég skoðað heildarbreytingu á grósku afréttarins þar sem ég nota meðal annars gervitunglamyndir,“ segir Sigurður.


**Frá árinu 1981 hefur Sigurður H. Magnússon gróðurvistfræðingur fylgst náið með landnámi plantna og gróðureyðingu á Hrunamannaafrétti. Hann segir gróðurþekju hafa aukist og að hófleg sauðfjárbeit hafi haft jákvæð áhrif. Meðfylgjandi mynd er af Sigurði á Hrunamannaafrétti á níunda áratugnum.** Mynd / Aðsend

### Kindur auka hringrás næringarefna

„Í afréttinum hefur verið mikil jarðvegseyðing og þar eru stór svæði sem hafa orðið örfoka. Jarðvegseyðingin var sennilega mest á 19. og 20. öldinni,“ segir Sigurður. „Fjöldi fjár í Hrunamannahreppi hefur verið misjafn, en samkvæmt upplýsingum í jarðabókinni frá 1707 voru um 5.000 fjár á vetrarfóðrum og hélst fjárfjöldinn nánast óbreyttur fram til 1900 þegar því fór að fjölga. Hámarkinu var náð árið 1925 og í kringum 1980 með um 12.000 fjár í afréttinum að sumri til. Eins og um allt land hefur fénu fækkað og eru núna samtals um 4.000 fjár á Hrunamannaafrétti.

Árið 1980 var mikil ofbeit í afréttinum, en gögnin sem ég hef safnað benda til þess að gróður hefur aukist á svæðinu frá 1981. Moldir og rofabörð hafa gróið upp í stórum stíl á meðan að breytingar á melum eru miklu minni,“ segir Sigurður. Helstu áhrifaþættina telur hann vera hóflega beit og hlýnandi loftslag, en hann vill fara varlega í að nota niðurstöður sinnar rannsóknar til þess að alhæfa yfir allt landið.

„Þar sem er beit verður hringrás næringarefnanna meiri. Niðurstöðurnar benda eindregið til þess að sauðfé, með traðki, teðslu og þvagi, hafi aukið landnám plantna, sérstaklega í rofabörðum og á moldum. Kindurnar sækja í skuggann í rofabörðum og flytja með því næringarefni þangað af öðrum svæðum. Rofabörðin eru mjög óstöðug og fræ sem lendir þar blæs eða skolast auðveldlega í burtu. Þegar kindurnar koma og traðka myndast í fótsporunum möguleikar fyrir fræ að festast og spíra og þannig komast plönturnar á legg. Næringarefnin sem sauðféð ber með sér virkar sem áburðargjöf. Því tel ég sauðfé ekki vera orsakavaldinn að rofabörðum, heldur hafa þær meiri jákvæð áhrif þegar á heildina er litið.“

### Hæfilegur fjöldi á beit

„Fénu hefur fækkað í afréttinum, en auk þess eru bændur að græða upp land á vissum stöðum sem dreifir beitarálaginu,“ segir Sigurður. „Ég held að bændur í Hrunamannahreppi hafi hitt á hæfilegan fjölda fjár til þess að hafa þessi jákvæðu áhrif á meðan neikvæðu áhrifin af beitinni verða minni. Erfitt er að stjórna því hvar sauðfé bítur þar sem skiptast á melar og gróið land, því að kindurnar fara um allt svæðið. Þess vegna skiptir svo miklu máli að beitin verði ekki of mikil.“ Sigurður segir að í næringarsnauðum jarðvegi, eins og á melum, hafi beit miklu meiri neikvæð áhrif á plöntur en ef jarðvegurinn er næringarríkur. „Planta í næringarríku ástandi getur bætt sér upp tapið við beitina mjög auðveldlega, en á melum þar sem plantan verður að halda í öll næringarefni sem hún getur náð í, getur lítil beit haft verulega neikvæð áhrif.“

Áhrifin eru mjög háð ytri aðstæðum, en á Hrunamannaafrétti er ríkuleg úrkoma og á síðustu árum hefur hlýnað mikið. Á mjög þurrum svæðum og á landi hátt yfir sjó þar sem sumarið er stutt tel ég ólíklegt að sömu áhrif komi fram,“ segir Sigurður. Hann telur erindi til þess að fylgjast með þróun gróðurs með sama hætti víðar á landinu.

Aðspurður segir Sigurður að ef Hrunamannahreppur hefði verið friðaður algjörlega fyrir beit hefðu melar sennilega gróið meira á meðan rofabörð hefðu gróið minna. Eins telur hann líklegt að ástand gróðurs væri ekki gott á afréttinum ef áfram hefðu verið 12.000 kindur á beit eins og í kringum 1980. „Í friðuðum reitum í Heygili var gróðurframvindan hraðari til að byrja með. Síðan hefur það orðið þannig að gróðurþekjan hefur aukist meira utan friðuðu reitanna en innan. Eins er tegundasamsetningin ólík innan og utan þessara reita. Þrátt fyrir beitina hefur birki verið að breiðast út, sem þýðir að beitin er ekki of mikil.“

Sigurður vann um árabil sem sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en lengst af starfaði hann hjá Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem hann vann við að flokka land í svokallaðar vistgerðir. Að auki við menntun sína í plöntuvistfræði er hann búfræðingur og líffræðingur.

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is** Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
**Heimilisfang:** Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Gömul og ný brú yfir Hítará við bæinn Brúarfoss á Mýrum. Á þessum stað er veiðihúsið Lundur sem er með einkennandi ljósgrænt þak og er eftirminnilegt kennileiti þegar ekið er eftir Snæfellsvegi. Myndin er tekin 1. júní. Mynd / ál

# Grípum tækifærin í íslenskum landbúnaði

**Vinkill** | Hanna Katrín Friðriksson
hanna.katrin.fridriksson@althingi.is

Það var ánægjulegt að undirrita í liðinni viku samkomulag um að framlengja gildandi búvörusamninga til eins árs og renna þeir því út í lok árs 2027. Fyrirkomulagið er að mestu óbreytt fyrir utan að fallið er frá því að draga árleg framlög saman um 1% á árinu 2027. Með því skapast svigrúm upp á tæpar 200 milljónir króna. Það verður nýtt til þess að auka framlög til nýliðunarstuðnings í landbúnaði og til fjárfestingastuðnings í nautgripa- og sauðfjárrækt.

Tilgangur framlengingarinnar er að skapa rými til viðræðna um það fyrirkomulag starfsskilyrða landbúnaðarins sem tekur við í ársbyrjun 2028. Undirbúningur þeirra viðræðna hefur staðið um nokkurt skeið. Stjórnvöld munu einkum taka mið af þeim áherslum sem finna má í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, landbúnaðarstefnu til ársins 2040 og reynslu núverandi kerfis.

**Nýliðun, kynslóðaskipti og fæðuöryggi samofið**

Ég hef áður sagt hér á síðum Bændablaðsins að í mínum huga er eitt mikilvægasta viðfangsefnið í viðræðunum hvað er hægt að gera til þess að auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti í íslenskum landbúnaði. Í síðustu búvörusamningum var í fyrsta sinn samið um nýliðunarstuðning og sérstakir fjármunir eyrnamerktir til að auðvelda kynslóðaskipti, en ég heyri það á bændum að þær aðgerðir hafa ekki skilað nægilegum árangri. Því er nauðsynlegt að skoða af fullri alvöru hvort og hvernig hægt sé að gera hlutina öðruvísi.

Ástæðan er sú að það er algjört lykilatriði fyrir samfélagið okkar að ungt fólk sjái framtíð og tækifæri í því að starfa við búskap. Nýliðun og kynslóðaskipti eru að mínu mati samofin allri umræðu um hvernig við tryggjum fæðuöryggi þjóðarinnar til framtíðar.

**Tækifæri sem okkur ber að nýta**

Hvað varðar þennan mikilvæga þátt þá sé ég einnig tækifæri til þess að liðka fyrir nýliðun og kynslóðaskiptum í tengslum við endurskoðun á jarðalögum. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að jarðalögum verði breytt til að vinna gegn samþjöppun og til að stuðla að nýtingu á ræktarlandi til búsetu. Ég mun leggja slíkt frumvarp fram á næsta þingvetri. Skýrsla um eignarhald á landbúnaðarlandi sem þau Torfi Jóhannesson og Ásdís Hlökk Theodórsdóttir unnu fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) skv. samstarfssamning við atvinnuvegaráðuneytið er mikilvægt plagg inn í vinnu við frumvarpið. Niðurstöður varpa ljósi á vannýtt tækifæri þegar kemur að nýtingu ræktunarlands hérlendis. Þannig sýnir ný flokkun landbúnaðarlands að um 486 þúsund hektarar á Íslandi teljast gott eða mjög gott ræktunarland, en aðeins ríflega 90 þúsund hektarar eru nýttir til ræktunar í dag.

Í þessu samhengi bendir skýrslan á þörfina fyrir betri yfirsýn. Við þurfum að vita hver á landið og við þurfum að vita hvernig landið er nýtt, því landnýting snýst í dag um margt fleira en landbúnað, eins og bændur þekkja vel. Engu að síður er það staðreynd að mikið af góðu ræktarlandi er í lítilli nýtingu, og Ísland er í raun eitt fárra landa í heiminum þar sem mikið af góðu ræktarlandi er ekki nýtt nægjanlega vel. Í því felast tækifæri sem okkur ber að nýta betur.

Ljóst er að spennandi tímar eru fram undan í landbúnaði á Íslandi, tækifærin eru fjölmörg og við skulum grípa þau saman.

*Höfundur er atvinnuvegaráðherra*

# Jarmað, hneggjað, baulað ...

Framlenging búvörusamninga um eitt ár felur í sér mikilvæga festu nú þegar íslenskur landbúnaður stendur á tímamótum. Þótt um tímabundna ráðstöfun sé að ræða, skapar hún nauðsynlegt svigrúm til að móta skýrari og heildstæðari framtíðarsýn. Það er ekki síst jákvætt að vilji virðist ríkja beggja vegna borðs til að nýta þetta ár til markvissra og árangursríkra viðræðna.

Óbreytt heildarframlög til greinarinnar á næsta ári tryggja ákveðinn stöðugleika á sama tíma og sérstök áhersla er lögð á fjárfestingar og nýliðun. Það er vel til fundið. Þar liggja lykilforsendur framtíðar, að unga fólkið sjái tækifæri í búskap og að bændur hafi raunhæfan grundvöll til að þróa rekstur sinn. Þannig er hægt að tryggja íslenska landbúnaðarframleiðslu og búsetu í hinum dreifðu byggðum um allt land.

Markmið Bændasamtakanna um að styrkja afkomu bænda og tryggja fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi eru ekki aðeins eðlileg heldur bráðnauðsynleg. Landbúnaður er langhlaup sem krefst stöðugs umhverfis og skýrra leikreglna. Framlengingin gefur færi á að ræða þessi atriði til hlítar og leggja grunn að lausnum sem standast tímans tönn.

Það skiptir þó sköpum að tíminn verði nýttur af einurð og ábyrgð. Nýir samningar þurfa að taka á kjarnaáskorunum greinarinnar og sameina ólík sjónarmið í heildstæða stefnu. Þar verður meðal annars að horfa til fæðuöryggis, samkeppnishæfni, sjálfbærni og byggðasjónarmiða sem samhangandi þátta.

Framlengingin er því ekki endastöð heldur nýtt upphaf. Hún gefur einstakt tækifæri til að stilla saman krafta og móta skýra stefnu sem styrkir stoðir íslensks landbúnaðar til framtíðar.

Takist vel til við komandi viðræður getur niðurstaðan orðið traustur grundvöllur sem bændur, stjórnvöld og samfélagið allt standa saman að. Það er verkefni sem vert er að leggja metnað í.

Og kannski felst ákveðið tækifæri í þessum viðræðum til þess að skapa grundvöll að betri umræðu um íslenskan landbúnað. Hún er iðulega lífleg og á stundum hörð en helsti gallinn er sá að í henni birtist ákveðin sundrung. Það er eins og ekki hafi tekist að koma á skýru talsambandi á milli bænda, stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila.

Ástæðan virðist stundum vera sú að fólk stendur á ólíkum hugmyndafræðilegum grundvelli en á köflum er eins og það hreinlega skorti á að sameiginlegur skilningur sé á lykilhugtökum og spurningum. Hvað er átt við með sjálfbærni í íslensku samhengi? Hver er raunverulegur kostnaður við mismunandi leiðir í landbúnaði og hver ber hann? Hvernig verða rekstrarskilyrði bænda tryggð? Án slíkra grunnforsendna á umræðan erfitt með að þróast áfram og festist í hugmyndafræðilegum skotgröfum.

Þetta er ekki aðeins óheppilegt fyrir bændur heldur einnig fyrir samfélagið í heild, enda snertir landbúnaður fjölbreytta hagsmuni, byggðamál, atvinnumál í víðum skilningi, menningu og öryggi þjóðarinnar. Það er því til mikils að vinna að vel takist til við að leggja nýjan grundvöll að samningi.

**Pistill formanns** | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

# Dýraníð í nafni dýraverndar

Ekki leið mánuður frá innbroti í svínabú Stjörnugríss á Kjalarnesi þar til brotist var inn hjá öðrum íslenskum bónda, í þetta sinn á Reykjabúinu í Mosfellsbæ. Líkt og í fyrra innbrotinu voru dyr brotnar upp með það að markmiði að hleypa búfénaðinum út. Í þetta sinn bar brotamaðurinn eitthvað af fuglum út, sem síðar þurfti að aflífa vegna strangra sóttvarnarreglna, en með innbrotinu var heilsu allra fugla í húsinu stefnt í hættu. Innbrotið var, eins og gefur að skilja, verulegt áfall fyrir bændurna.

Þegar brotist var inn í svínabúið sagði ég á þessum vettvangi að glæpir sem þessir væru orðnir allt of algengir og að þeim væri sýnd í raun ótrúleg þolimæði af yfirvöldum og fjölmiðlum. Það er algerlega óboðlegt að bændur um allt land þurfi að skoða það alvarlega að koma upp eftirlits- og myndavélakerfum til að verja bú sín og heimili. Ég geri a.m.k. ráð fyrir að brotamaðurinn, eða -mennirnir, haldi þessari háttsemi áfram þar til þeir verða stöðvaðir af lögreglu.

Halda verður því til haga að í þessum tveimur síðustu innbrotum hafa fjölmiðlar almennt hagað sínum fréttaflutningi í samræmi við eðli málanna, þ.e. að hér sé um að ræða glæpi sem bitni á bændum og búfénaði þeirra. Svo er ekki alltaf þegar brotist er inn til bænda, en eins og við þekkjum þá hafa fjölmiðlar ekki alltaf brugðist rétt við – sér í lagi ef brotamenn luma á safaríku myndefni.

En batnandi fólki er best að lifa og gott er að sjá fjölmiðla taka á þessum málum eins og vera ber. Eins var ánægjulegt að sjá atvinnuvegaráðherra fordæma innbrotin, en í samfélagsmiðlafærslu sagði hún m.a.: „Hvorki þetta innbrot né innbrotið í Stjörnugrís hefur nokkuð með dýravelferð að gera. Ég vona að sem fæst dýr hafi hlotið skaða af og að aðstandendur búanna nái sér fljótt af því áfalli sem þetta skiljanlega er.“

Taka má undir hvert orð ráðherra og það er ánægjulegt að sjá að hún tekur mál sem þessi alvarlega.

Það olli mér hins vegar vonbrigðum að ráðherra skyldi svo í næstu setningu „nota tækifærið“ til að ítreka það að frumvarp um velferð dýra, og aukið eftirlit með dýravelferð, verði lagt fram á næsta þingi.

Nú tek ég fram að við bændur erum fremstir í flokki þeirra sem vilja dýravelferð sem mesta og við viljum hafa hér öflugt og skynsamlegt eftirlit. Við eigum eftir að sjá drög að þessu frumvarpi ráðherra og þangað til það gerist ætla ég að gera ráð fyrir að það verði almennt til bóta og að með samvinnu og samráði verði hægt að pússa af vankanta, ef nokkrir verða.

Það er því ekki væntanleg framlagning frumvarpsins sem veldur mér vonbrigðum, heldur það að ráðherrann skuli setja hana í samhengi við glæpinn. Þótt það hafi ekki verið ætlun hennar má skilja orð hennar þannig að hefði eftirlitið verið strangara þá hefði verið hægt að koma í veg fyrir innbrotið. Innbrotið hafi m.ö.o. verið skiljanlegt eða jafnvel réttlætanlegt. Þetta eru hættuleg skilaboð.

Hegðun brotamannanna sýnir nefnilega að dýravelferð er þeim ekki ofarlega í huga, því þeir líta á dauð og særð dýr sem ásættanlegan kostnað í sínu stríði. Markmið þeirra er ekki bætt velferð dýra, heldur afnám alls dýrahalds.

*Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.*



Jóhannes Kristjánsson bústjóri stendur hér við nýjan tilraunabúnað í fjárhúsunum á Hesti í Borgarfirði. Mynd / ál

Sauðfjárrækt:

# Opnar á nýja möguleika í fóðurtilraunum

**Á Hesti í Borgarfirði, sem er sauðfjárbú rekið af Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur verið komið upp fullkomnum búnaði til þess að framkvæma tilraunir með fóðrun sauðfjár.**

Jóhannes Kristjánsson bústjóri segir í samtali að þetta sé í fyrsta skipti sem hægt verður að fylgjast með og stýra áti hvers einstaklings, en hingað til hafa fóðurtilraunir með sauðfé á Íslandi að mestu miðast við hópa. „Núna höfum við sett búnaðinn upp þannig að þessu er skipt í fjögur hólf sem geta rúmað tólf gripi hvert,“ segir Jóhannes. „Í hverju hólfi eru fjögur box sem gefa aðgang að gróffóðri. Hægt er að setja mismunandi fóður í hvert box og stýra aðgangi að þeim á ýmsan hátt. Þá er hvert hólf með einn bás sem skammtar vatn og einn kjarnfóðurbás álíka þeim sem eru algengir í fjósum. Í þessum básum er líka vigt þannig að þyngd kindanna er skráð sjálfvirkt inn í tölvukerfið.

Allir gripirnir eru með örmerki sem eru lesin af tölvu og veita gripunum aðgang að fóðri. Eins er hægt að loka fyrir aðgang að fóðri þegar gripurinn hefur étið tiltekið magn. Það er mælt með að við setjum saxað fóður í trogin til þess að koma í veg fyrir að gripirnir slæði, en það veldur skekkju í mælingum.

Við erum ekki byrjuð að framkvæma alvöru rannsóknir, en við prufuðum virkni búnaðarins í vetur þar sem við vorum með tólf gemlinga og nokkrar eldri ær. Gemlingarnir voru fljótir að læra á búnaðinn, en eldri kindurnar áttu erfitt með að aðlagast. Hér eftir held ég að við reynum að kenna gemlingum á þetta svo þær kunni á búnaðinn seinna. Þá er galli að búnaðurinn er ekki hentugur fyrir hyrnda gripi, en mjög fáir framleiðendur eru á svona búnaði í heiminum og hönnun þeirra gerir ekki ráð fyrir hornum.

Tilraunabúnaðurinn var keyptur frá BioControl í Noregi og kostaði í kringum þrjátíu milljónir með uppsetningu. Fjármagnið fékkst úr minningarsjóði doktors Halldórs Pálssonar búnaðarmálastjóra, en fyrir nokkru ákvað stjórn hans að leggja niður sjóðinn og ráðstafa honum til kaupa á nútíma tæknibúnaði til fóðurrannsókna á tilraunabúinu á Hesti.

Tölvubúnaðurinn var settur upp í október á síðasta ári og voru grindurnar og annað tengt búnaðinum tilbúið í byrjun þessa árs. Við prófuðum okkur áfram með fyrstu kindurnar í febrúar, aðallega til þess að læra á búnaðinn sjálf. Næsta haust og vetur munum við halda því áfram og fljótlega ætti allt að vera klárt til að hefja alvöru rannsóknir.

Þetta opnar á mjög mikla möguleika á tilraunir með fóður og fóðrun og búnaðurinn býður upp á miklu nákvæmari stýringu en áður þekktist og í fyrsta skipti á einstaklingsgrunni. Enn fremur verður gagnasöfnunin ekki eins vinnufrek og áður þar sem búnaðurinn er að mestu sjálfvirkur,“ segir Jóhannes. */ál*






Í dag er hlutfall innflutnings á svínakjöti um 25–30 prósent, að mati Ingva. Ef tollvernd hyrfi telur hann líklegt að þetta hlutfall myndi breytast verulega.

Hvað þýðir aðild að ESB?:

# „Svínaræktin myndi ekki standast breytingarnar“

## – Rekstrargrundvöllur fjölmargra búa myndi veikjast eða hverfa

**Ingvi Stefánsson, formaður svínabænda, segir í nýjasta þætti Útvarps Bændablaðsins að aðild Íslands að Evrópusambandinu myndi líklega hafa veruleg áhrif á svínarækt, þar sem tollvernd hyrfi og íslensk framleiðsla ætti erfitt með að keppa við erlenda. Hann telur að rekstrargrundvöllur fjölmargra búa myndi veikjast eða hverfa og að íslensk svínarækt í núverandi mynd myndi ekki standast slíkar breytingar.**


Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Ingvi Stefánsson, formaður svínabænda, hefur fylgst með umræðu um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu um árabil og segir reynslu og greiningar á málinu gefa tilefni til varúðar af hálfu svínabænda.

„Við höfum svo sem ekki fjallað um þetta með ítarlegum hætti síðustu misseri en tókum góðan snúning á þessu þegar umsóknarferlið var í gangi hérna á árunum 2009 til 2013,“ segir Ingvi. Þá hafi meðal annars verið unnin skýrsla og farið í kynnisferðir til Finnlands til að skoða reynslu þeirra eftir inngöngu í sambandið.

„Því miður sjáum við okkar framtíð ekki vel borgið innan sambandsins,“ segir hann.

### Tollvernd hyrfi

Að mati Ingva liggur helsti munurinn í tollverndinni.

„Tollverndin myndi hverfa,“ segir hann.

Hann bendir á að Ísland sé hálaunaland og að allur kostnaður við framleiðslu sé mun hærri en í þeim löndum sem íslenskir bændur þyrftu að keppa við.

„Við eigum bara ekki breik í þá samkeppni,“ segir Ingvi. „Allur tilkostnaður við okkar framleiðslu er svo langtum meiri.“

Þó hann viðurkenni að ekki sé allt neikvætt, til dæmis gætu vextir lækkað, telur hann það ekki nægja. „Það myndi hvergi hrökkva til til þess að við gætum keppt.“

Svínarækt gæti dregist saman verulega

Spurður hvort búum myndi fækka segir Ingvi það líklegt ef rekstrargrundvöllur hyrfi.

„Svínaræktin eins og við þekkjum hana í dag myndi ekki verða svipur hjá sjón,“ segir hann. Hann telur að einhver framleiðsla gæti haldist, einkum fyrir ferskvörumarkað, en að stærsti hluti greinarinnar – vinnsla á kjöti – myndi dragast verulega saman.

Í dag eru svínabú á Íslandi um 20 talsins, en samanlagt eru það færri en tíu aðilar sem stunda svínarækt.

„Þetta er orðið mjög samþjappað,“ segir Ingvi og bendir á mikla hagræðingu undanfarin ár. Þrátt fyrir það sé starfsemin afar smá í alþjóðlegum samanburði.

Hann nefnir dæmi frá Danmörku þar sem eitt sláturhús geti unnið alla íslenska framleiðslu á fáum dögum. „Þetta er svo rosalega erfitt að bera saman, við erum svo agnarsmá í þessu samhengi.“

### Mikilvæg fyrir aðrar greinar

Ingvi bendir á að svínarækt skipti einnig máli fyrir aðrar greinar.

„Svínið er dálítið hryggjarstykkið í vinnslunni,“ segir hann og nefnir að kjötvinnslur reiði sig á svínakjötið samhliða nauta- og lambakjöti. Samdráttur í svínarækt hefði því áhrif út fyrir greinina sjálfa.

### Innflutningur myndi aukast

Í dag er hlutfall innflutnings á svínakjöti um 25–30 prósent, að mati Ingva. Ef tollvernd hyrfi telur hann líklegt að þetta hlutfall myndi breytast verulega.

„Það yrði langsótt að sjá annað en að hlutfallið myndi snúast við ef ekki meira,“ segir hann.

### Neytendur og verð

Aðspurður hvort íslenskir neytendur myndu velja innlenda framleiðslu segir Ingvi að vissulega sé til hópur sem geri það en að flestir taki ákvörðun út frá verði.

„Þegar þetta er komið í hilluna, þá horfirðu bara á vöruna og verðið,“ segir hann. Hann bendir á að margir neytendur séu ekki upplýstir um mun á aðbúnaði dýra eða notkun sýklalyfja. Hann nefnir að notkun sýklalyfja sé margfalt meiri erlendis en á Íslandi og að strangar kröfur séu gerðar til dýravelferðar hér. „Allt þetta kostar krónur og aura,“ segir hann og því sé erfitt að keppa án verndar.

### Takmarkaður ávinningur fyrir neytendur

Ingvi vísar til reynslu frá Finnlandi þar sem verð til neytenda lækkaði eftir inngöngu í ESB. Verð til bænda lækkaði hins vegar miklu meira.

„Verð til neytenda lækkaði um 11 prósent fyrsta árið á meðan það lækkaði yfir 40 prósent til bænda,“ segir hann. Hann óttast að sá ávinningur sem oft er nefndur í umræðunni skili sér ekki að fullu til neytenda.

### Takmörkuð undanþágumöguleiki

Aðspurður um mögulegar undanþágur segir Ingvi að einhverjar reglur hafi verið settar fyrir svæði norðan ákveðinnar breiddargráðu en hann telur ekki raunhæft að Ísland fái varanlegar undanþágur sem skipti sköpum.

„Eins og ég skildi þetta á sínum tíma sá maður ekki mikið svigrúm þar,“ segir hann.

### Lítill ferskvörumarkaður

Hann bendir á að þótt ferskvörumarkaður sé til staðar, þar sem íslensk framleiðsla gæti haft forskot, sé hann tiltölulega lítill.

„Svínakjötið fer rosalega mikið í vinnslu,“ segir Ingvi.



## Ótrúlega gott verð fyrir
# framkvæmdaglaða

Skoðaðu hér



### Krossviður, spónaplötur og OSB
margar gerðir

### Útimálning fyrir krefjandi aðstæður
málaðu meira fyrir minna

### Pottþétt vatnsþétt
með réttu efnunum frá Múrbúðinni




**Gólfspónn** 600x2600x22mm
með nót og tappa. Rakavarinn P5 — 5.140

**Veggspónn** 600x2600x12mm
með nót og tappa. Rakavarinn P5 — 3.295

**OSB 3 SE plötur** 1220x2440mm
9mm þykk OSB plata — 4.135
12mm þykk osb plata — 4.735

**Furukrossviður** 1220x2440mm
9mm 3 laga plata — 5.129
12mm 5 laga plata — 6.419
15mm 5 laga plata — 7.839
18mm 7 laga plata — 9.199

**Birkikrossviður** 1250x2500mm
9mm plata — 11.995
12mm plata — 13.825
15mm plata — 17.495
18mm plata — 19.995

**Mótakrossviður** 1250mmx2500mm
9mm plata — 16.658
12mm plata — 19.177
15mm plata — 19.998
18mm plata — 21.598

**Dekkkrossviður Antislip** 1250x2500mm
9mm plata — 17.140
15mm plata — 21.495

**Sköld þakmálning sem endist**
mjög teygjanleg og með mikið veðrunarþol
9L — 15.399

**Betoppaint útimálning**
veðurþolin málning fyrir stein, sem andar
9L — 9.998

**Titan þekjandi viðarvörn**
með allt að 15 ára endingu
2,7L — 8.599

**Sökkuldúkur**
20fm - 2x20m — 9.995
30fm - 1,5x20m — 12.885
40fm - 1x20m — 16.995

**Nexler Dysperbit sökkultjara**
20kg — 14,899

**Block H77 Aqua blocker**
fyrir krefjandi verkefni
1kg — 2.919
14kg — 29.965

**Murexin DS28 þéttimúr vatnsþéttur**
Má nota inni og úti
25kg — 9.599



### Gott úrval af stigum
á Múrbúðarverði

### Þakpappi
sem sómir sér vel á toppnum

**Optimax PV þakpappi**
20x1m — 18.495







### Kraftmikil LED ljós

### Galeco Þakrennur
Þessar sem endast

### Verkfæri
fyrir framtakssama

**Kraftmikil LED ljós IP65 100% vatnsheld**
2650 Lumen - 24W - 60x10x6,8cm — 3.995
5800 Lumen - 48W - 120x10x6,8cm — 6.495
6600 Lumen - 56W - 150x10x6,8cm — 7.695

**Þakrenna**
4 metrar — 2.995

**Steypuhrærivélar**
Steypuhrærivél Hecht 140L 650W — 59.995
Steypuhrærivél Hecht 180L 850W — 69.995

**Hjólbörur**
90L - Ósprengjanleg dekk — 11.995
100L - Rauðar, ósprengjanleg dekk — 19.995
175L – Tvö Hjól — 23.845


**Kletthálsi 7**
**110 Reykjavík**
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

**Selhella 6**
**221 Hafnarfjörður**
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

**Fuglavík 18**
**230 Reykjanesbær**
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-14
Sími: 421 1090

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*



Verðlaunahafi Landstólpans 2026 fyrir miðið, Gísli Einarsson á milli Andra Þórs Árnasonar og Helgu Harðardóttur. Mynd / Byggðastofnun

## Byggðastofnun:

# Landstólpinn veittur

**Landstólpinn, samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar, var afhent á ársfundi stofnunarinnar nýverið, en henni er ætlað að varpa ljósi á það öfluga, fjölbreytta og skapandi starf sem unnið er í landsbyggðunum.**

Við valið er leitað að aðilum eða verkefnum sem hafa eflt samstöðu íbúa, aukið virkni þeirra eða dregið upp jákvæða og sterka mynd af mannlífi úti á landi.

Í ár bárust Byggðastofnun alls 27 tilnefningar sextán ólíkra aðila og verkefna sem mörg hver hefðu sómt sér afar vel sem verðlaunahafar. Það var þó Gísli Einarsson sem hreppti hnossið, en hann hefur um langa hríð verið ötull drifkraftur í því að efla samfélagið, jafnt í eigin nærumhverfi sem á landsvísu.

Gísli ber þó nokkra titla; dagskrárgerðarmaður, uppistandari, samfélagsrýnir, blaðamaður, fararstjóri og rithöfundur en með fjölbreyttum og litríkum ferli sínum hefur hann markvisst stuðlað að jákvæðri ímynd landsbyggðarinnar. Gísli á að baki farsælan feril í fjölmiðlum; hann stofnaði héraðsfréttablaðið Skessuhorn árið 1998 og hefur um árabil starfað sem frétta- og dagskrárgerðarmaður hjá RÚV. Í sjónvarpsþáttunum Út og suður (2003–2007) og síðar Landanum (frá 2010) hefur hann ferðast á milli byggðarlaga til að segja sögur af fólki, menningu og atvinnulífi.

Það er skemmtileg tilviljun að fyrsta viðtal Gísla í Út og suður var einmitt við Jón Jónsson þjóðfræðing, sem var fyrsti handhafi Landstólpans á sínum tíma, árið 2011.

Að sögn Gísla fólst mikill skóli í gerð þessara þátta. Hann bendir á að það sé mikilvægt að sögur úr öllum landshlutum fái pláss í fjölmiðlum. Markmið hans hafi aldrei verið að sýna fólk úti á landi sem einhverja „kynlega kvisti“ heldur þvert á móti að sýna „venjulegt fólk að gera óvenjulega hluti“ og sanna að landsbyggðarfólk sé ekkert furðulegra en aðrir.

Með þessari faglegu nálgun hefur umfjöllun Gísla sýnt fram á öflugt atvinnulíf, ríka menningu og heilmikla nýsköpun um allt land. Hann kveðst sjálfur stoltastur af því að sýna fram á að nýsköpun sé jafn sjálfsögð í litlu þorpi og hún er á höfuðborgarsvæðinu, enda sé öflugt fólk alls staðar.

Auk viðurkenningarinnar hlýtur Gísli eina milljón króna í verðlaunafé ásamt sérstöku listaverki. Í ár er það olíumálverk eftir myndlistarkonuna Hjördísi Alexandersdóttur frá Þorlákshöfn. Hjördís sækir innblástur sinn meðal annars í íslenska náttúru, blóm og fugla, og hafa verk hennar ratað víða um heim eftir fjölda samsýninga bæði hérlendis og erlendis.

Vonast Byggðastofnun til þess að viðurkenningin verði öðrum hvatning til að leggja lóð á vogarskálarnar þegar kemur að því að vekja athygli á blómlegum byggðum landsins. */sp*

## Karólína Rós nýr blaðamaður



Karólína Rós Ólafsdóttir er nýr blaðamaður á Bændablaðinu en hún mun starfa við blaðið í sumar.

Karólína Rós er með BA-próf í bókmenntum og ritlist frá Goldsmiths, University of London, og MA-próf í ritlist frá Háskóla Íslands.

Hún hefur fengist við skrif og vann síðast sem bókavörður á Þjóðarbókhlöðunni en hún hefur líka unnið við skógrækt og garðyrkju á Akureyri og í Eyjafirði og við garðyrkjuráðgjöf og plöntusölu í London.

Bændablaðið býður Karólínu Rós velkomna til starfa. */ph*





Hægt er að mæta með ílát og sækja sér moltu á endurvinnslustöðvar Sorpu. Mynd / Sorpa

## Efnahringrás:

# Moltan er súr en góð

**Molta frá Gaju sem lyktar illa reyndist súr en er sneisafull af næringarefnum og góð til ræktunar.**

Í Gaju er tekið á móti um 19 þúsund tonnum af matarleifum á ári og íbúum, sveitarfélögum og fyrirtækjum er nú annað árið í röð boðið að sækja sér moltu unna úr þeirra eigin sérsöfnuðu matarleifum.

### Góð molta á að ilma vel

Fjör varð á spjallþræði í hópnum Ræktaðu garðinn þinn – Garðyrkjuráðgjöf á Facebook þegar meðlimur hópsins sendi út neyðarkall vegna illa lyktandi moltu sem í boði er á endurvinnslustöðvum Sorpu. „Nú er lyktin óbærileg, ekki hægt að opna glugga og finnst fnykurinn langt í burtu, ólétt kona gubbar, börn gráta“, segir í neyðarkalli Hildar Steinþórsdóttur, sem býr í Holtahverfinu í miðbæ Reykjavíkur. Ekki stóð á svörunum þar sem lagt var til allt frá því að gera öndunaræfingar, sýna þolinmæði, hringja á vælubílinn, vökva, banna moltu í þéttbýli, sækja hana frekar á Raufarhöfn og að Sorpa vinni moltuna betur. Fleiri tóku undir og höfðu sömu reynslu af fnyknum í sínum hverfum og rifjuðu upp að hann hafi verið slæmur síðasta sumar líka og lengi að fara.

„Lyktin kom okkur á óvart en hún stafar af því að moltan var súrari en hún ætti að vera,“ segir Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs hjá Sorpu. „Það er eitthvað í vinnsluferlinu sem veldur þessu og við erum að vinna okkur í gegnum það. Þetta er lifandi ferli og nú er annað árið sem við erum með moltu úr sérsöfnuðum matarleifum.“

Í athugasemd segir garðyrkjufræðingurinn Konráð Bragason að það sé slæmt hvað þessi molta komi slæmu orði á moltu almennt, „góð molta á að lykta vel og vera gott að vinna með,“ segir Konráð. „Hún var slæm í fyrra, en ég lét mig hafa það þá. Plönturnar voru svo agalega glaðar með hana“, segir í einni athugasemd annars meðlims.

„Vinnsla á einni lotu tekur 12-16 vikur svo við erum lengi að prófa okkur áfram. Það er ekkert í henni sem er skaðlegt, hún stenst öll próf og gildi,“ segir Gunnar.

### Ruslabransi á iðnaðarskala

Molta er gulls ígildi til blöndunar jarðvegs í hvers kyns útiræktun og bætir næringarefnum hægt og rólega í moldina eftir því sem hún brotnar niður. Plöntur taka næringuna upp til vaxtar og þroska. Moltu má bera í beð hvenær sem er, ekki síður að hausti en vori. GAJA molta er framleidd í samræmi við starfsleyfi Matvælastofnunar og skráð sem lífrænn áburður.

Aðspurður um hvernig sé best að nota moltuna sem nú er í boði og ilmar síst vel segir Gunnar að „einfalda


Gunnar Dofri Ólafsson.

lausnin er að bera smá lag af mold yfir moltuna, að hylja hana og þá lyktar hún ekki. Fólk losnar svo við lyktina á smá tíma. Við erum að tryggja leiðir til að hún verði eins og hún á að vera þegar líður á sumarið.“

Í Gaju er tekið á móti 19 þúsund tonnum af matarleifum á ári og nokkur þúsund tonn af moltu eru unnin. „Þetta er eins og 19 þúsund Yarisar,“ segir Gunnar. „Ruslabransinn er eins og álver, þetta er á iðnaðarskala.“ Umhverfisáhrif Gaju hljóta þó að teljast jákvæðari en af hinu síðarnefnda.

„Við erum að þiggja matarleifar frá Suðurnesjunum, Hveragerði og Akranesi líka, auk höfuðborgarsvæðisins, og það er hægt að sækja moltu þar líka, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu.“

„Sveitarfélögin eru að nota moltuna hjá sér, en svo geta allir komið og sótt sér moltu,“ segir Gunnar Dofri, sem að endingu vill koma á framfæri botnlausu þakklæti til íbúa höfuðborgarsvæðisins, Vesturlands, Suðurlands og Suðurnesja fyrir að flokka matarleifarnar sínar svona vel. „Þetta eru um 300 þúsund íbúar sem eru að standa sig með prýði, án þeirra gætum við ekki gert okkar.“ */eks*

## Laugardalshöllin:

# Landbúnaðarsýning í október

**Sýningin Íslenskur landbúnaður 2026 verður haldin í Laugardalshöllinni dagana 9.-11. október nk. Markmið sýningarinnar er að kynna íslenskan landbúnað og leiða saman fyrirtæki og einstaklinga sem starfa í atvinnugreininni. Einnig að kynna fyrir gestum hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða og þá miklu tækni sem nú er til staðar í íslenskum búskap.**

Ólafur M. Jóhannesson hjá sýningarfyrirtækinu Ritsýn sf. er framkvæmdastjóri sýningarinnar. „ Þetta er þriðja landbúnaðarsýningin sem við höldum í Laugardalshöllinni. Eins og á fyrri sýningum eru öll sýningarpláss seld og greinilegt að það er mikill þróttur í íslenskum landbúnaði. Íslenskur landbúnaður er í sókn og þar er gróska og nýsköpun. Sýningin mun endurspegla þessa miklu grósku og þá má ekki gleyma því að á óróa- og stríðstímum verður landbúnaður á heimagrund stöðugt mikilvægara öryggistæki.“

### Bændur þakka framtakið

Seinasta sýning var haldin 2022 og sló hún öll aðsóknarmet í Höllinni. „Á seinustu sýningu komu margir bændur að máli við mig og þökkuðu fyrir framtakið,“ segir Ólafur. „Var einkar áhugavert að tala við bændur sem komu víða að af landinu. Sjónarhólar margir en allir áttu það sameiginlegt að hafa ástríðu fyrir búskapnum og mikinn metnað fyrir hönd okkar ágæta lands. Bændur finna hversu mikilvægt það er



að framleiða afurðir sem eru lausar við mengun úr jarðvegi og þar sem eru hóflegar sýklavarnir. Íslenskir bændur gegna líka miklu hlutverki við fæðuöryggi á viðsjárverðum tíma.“

Ólafur segist hlakka til að opna Íslenskan landbúnað 2026. „Þar munu gestir sjá hversu fullkomin tækni er orðin í landbúnaðinum en þarna verða allir helstu vélasalar landsins og þjónustufyrirtæki. Þá eru líka öflug fyrirtæki er tengjast ferðaþjónustu og húsbyggingum. Matvæla- og afurðafyrirtæki kynna einnig sínar hreinu og gómsætu landbúnaðarafurðir. Það eru mikil forréttindi að búa í okkar hreina og gjöfula landi og sýningin Íslenskur landbúnaður 2026 endurspeglar þennan veruleika.“ */ph*

can-am®

# OUTLANDER 700 XT

**Leiðandi í flokki 500-700cc fjórhjóla**

LEIÐANDI Í BURÐAR-
OG DRÁTTARGETU

1.588KG SPIL
STÁL FRAMSTUÐARI




ROTAX 700 MÓTOR
50 HESTÖFL

26 CM FJÖÐRUNARSVIÐ
HANNAÐ FYRIR 29" DEKK

**VERÐ: 2.050.000 + VSK**

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

## HÍ og Hólaskóli:

# Háskólasamstæða

**Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum sameinast undir merkjum háskólasamstæðu Háskóla Íslands þann 1. júlí næstkomandi. Hagsmunasamtök, stéttarfélög og starfsmenn Hólaskóla eru meðal þeirra sem hafa gagnrýnt fyrirkomulagið.**

Háskólinn á Hólum mun bera heitið Háskóli Íslands á Hólum og verður núverandi rektor Hólaskóla forseti aðildarskólans. Störf þeirra kennara sem eru ráðnir ótímabundið færast til Háskóla Íslands og nemendur sem stunda nám við Hólaskóla fá að ljúka sínu námi samkvæmt því námsskipulagi sem er í gildi.

### Áhyggjur að sérþekking glatist

Bændasamtök Íslands, Félag tamningamanna og Landssamband hestamannafélaga eru meðal þeirra sem hafa lýst yfir áhyggjum af stöðu hestafræðideildar Hólaskóla við þessa sameiningu. Í umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarpið segir að „Bændasamtökin óttast að sérhæfð þekking kennara og starfsmanna við Háskólann á Hólum á sviði hestafræði, verklegrar þjálfunar og rannsóknarvinnu gæti veikst og tapast, t.a.m. vegna breytinga á ákvörðunarvaldi eða tilfærslu verkefna.“ Bændasamtökin og Landbúnaðarháskólinn segja vera raunhæfa hættu á því að sérhæfð þekking og faglegt sjálfstæði glatist innan stærri eininga. Þá hafa BHM og Félag íslenskra náttúrufræðinga gagnrýnt óskýrt orðalag hvað varðar tilfærslu starfsfólks sem skapar óvissu um kjör þeirra.

### Rektorar jákvæðir

Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, segist ekki hafa áhyggjur af sameiningunni. Hólmfríður leggur áherslu á að háskólasamstæður þekkist erlendis með þeirri áherslu að efla sérhæfða háskóla á landsbyggðinni. „Með stofnun háskólasamstæðunnar mun starfsfólk og nemendur hestafræðideildar fá óheftan aðgang að allri þeirri stoðþjónustu, styrkjakerfi og öðru sem til staðar er við Háskóla Íslands. Þar að auki hafa stjórnvöld skuldbundið sig til að byggja upp sérhæft kennslu- og rannsóknahúsnæði á hesthúsasvæðinu ásamt því að kaupa hesthúsið Brúnastaði. Það eru því mikil tækifæri sem skapast með stofnun háskólasamstæðunnar til að halda áfram að efla hestafræðideildina til framtíðar íslenska hestinum og starfsemi tengdri honum til heilla.“

Þá verði stofnað samstarfsráð sem mun fara með mikilvægt hlutverk í stefnumótun og ákvörðunum um þróun náms innan aðildarháskólans. „Ákvarðanir um grundvallarbreytingar á starfsemi og námsskipan aðildarháskóla eins og t.d. starfsemi og námskipan hestafræðideildar verða ekki teknar nema með einróma samþykki í samstarfsráði,“ segir Hólmfríður.

Nemendur Háskólans á Hólum fá aðgang að aukinni þjónustu með sameiningunni, svo sem aðgang að sálfræðiþjónustu og bókasafni HÍ. „Það má í raun segja að heimur nemendanna við Háskólann á Hólum muni stækka og verða fjölbreyttari með stofnun háskólasamstæðunnar,“ segir Hólmfríður.

### Áhersla á að tryggja fjármagn

Silja Bára R. Ómarsdóttir, rektor Háskóla Íslands, er einnig jákvæð gagnvart sameiningunni. Hún leggur áherslu á að tryggja fjármagn og aðstöðu. „Í þessu samhengi er rétt að minna á að stofnun háskólasamstæðu er í eðli sínu þríhliða aðgerð, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum og stjórnvalda,“ segir Silja. „Það verður jafnframt að tryggja óskoraðan stuðning stjórnvalda við skuldbindingar í tengslum við fjármál, húsnæðismál og alla nauðsynlega aðstöðu fyrir kennara og nemendur bæði í Hjaltadal og á Sauðárkróki.“ Silja segir að höfuðáhersla verði lögð á að stjórnvöld viðurkenni kostnað í tengslum við bæði hross og nemendur að fullu. Silja segir að HÍ muni styrkja sérstöðu hestafræðideildarinnar og það sé nú þegar áhugi á samstarfi við deildina frá bæði Menntavísindasviði og Heilbrigðisvísindasviði. „Þá trúi ég því að á alþjóðavettvangi liggi tækifæri til vaxtar sem við gætum nýtt í auknum mæli til framtíðar, enda er íslenski hesturinn afar vinsæll um allan heim og margfalt fleiri íslenskir hestar í notkun og ræktun á erlendri grundu en hér heima.“ */kró*






**Stálstaurar í allan jarðveg**
**Draumur verktakanna**

**Verð pr stk. kr. 1.190 +vsk.**
(Samanburðarverð um kr. 1.900)

Galvanhúðaðir, 170 cm langir, 20 mm þykkt kambstál, rifflað. Án gata, net fest með bindivír.

Lágmarkspöntun 30 staurar.

Afgreiddir á Holsvelli, takmarkað magn.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

**Fyrirspurnir sendist á oskar@mo.is og elvarey@gmail.com.**
**Upplýsingar í símum 669-1336 og 899-1776**


# Landsmótsandi á Hólum

**Metfjöldi miða seldist í forsölu á Landsmót hestamanna sem fer þetta árið fram að Hólum í Hjaltadal vikuna 5. til 11. júlí. Hestamannafélagið Skagfirðingur heldur mótið í ár.**

„Undirbúingurinn fyrir mótið gengur mjög vel. Við héldum Landsmót á Hólum fyrir tíu árum og drjúgur hluti undirbúningsins fór í að útbúa mótsvæðið. Núna búum við að því að geta nýtt þetta flotta svæði svo við höfum miklu meiri orku og tíma til að skipuleggja viðburðinn sjálfan sem hefur verið mjög spennandi,“ segir Áskell Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri mótsins, sem oftast er kallaður Heiðar. Ásamt því að metfjöldi miða seldist í forsölu eru rafmagnstjaldstæðin uppseld.




Myndir frá Landsmóti hestamanna. Myndir /Pétur Ingi Björnsson

### Búa að góðri reynslu

„Það er löng hefð fyrir því að halda Landsmót hestamanna í Skagafirði, á Hólum og á Vindheimamelum þannig að það er bæði mikil þekking og reynsla í Skagafirði þegar kemur að því að halda Landsmót og önnur hestamannamót,“ segir Heiðar. Margir sækja mótið, hestaunnendur á öllum aldri, alls staðar að af á landinu sem og erlendis frá. Bæði er flott teymi fyrir norðan auk þess sem einstaklingar fylgi mótinu eftir. „Við erum til dæmis með töluvert af sama fólki og var í lykilhlutverkum í Reykjavík síðast. Það er fullt af fólki sem bara kann að halda Landsmót og það er frábært að búa að þeirri reynslu,“ útskýrir Heiðar en bætir við að „það er samt líka ný kynslóð, ungt fólk, sem er að taka þátt og fá stærra hlutverk en áður sem er mjög spennandi, mikil reynsla í bland við nýjar hugmyndir“.

### Spennandi dagskrá og nýjungar

Gestir mótsins geta búist við glæsilegum hestum og metnaðarfullri dagskrá alla vikuna. Dagskráin hefst að venju á forkeppnum og kynbótasýningum frá morgni til kvölds fyrstu dagana. Seinni part fimmtudags tekur helgarpassinn gildi. „Það er löng hefð fyrir því að setning mótsins sé á fimmtudagskvöldinu og þá ætlum við að halda glæsilega athöfn,“ segir Heiðar. Á föstudeginum færist öll dagskrá inn á aðalvöllinn. „Það má ekki taka augun af vellinum á föstudeginum, það verður stanslaus flugeldasýning þar langt fram á kvöld,“ segir Heiðar en áréttar að „auðvitað er þetta allt saman veisla en föstudagurinn og laugardagurinn verða einn samfelldur hápunktur“. Ásamt þeim föstu og hefðbundnu keppnisliðum sem verða á dagskrá koma inn tveir nýir flokkar: B-flokkur áhugamanna og A-flokkur ungmenna. Heiðar segist spenntur að sjá hvernig þessar nýjungar munu reynast.

Samhliða þeirri dagskrá sem snýr að hestamennsku verður skemmtidagskrá og barnadagskrá. „Þetta hefur breyst mikið í gegnum tíðina, hestamannamótin voru meira útihátíðir hér áður fyrr en það er voða mikið búið, þetta er fyrst og fremst fjölskyldufólk sem er komið til að sjá hesta,“ útskýrir Heiðar. „Við erum þó auðvitað líka með metnaðarfulla skemmtidagskrá og það verður eitthvað fyrir alla. Annars vegar verður þessi huggulega trúbadora-stemning fyrir þá sem vilja vera í rólegheitum að spjalla,“ segir Heiðar. „Hins vegar verða sveitaböll í stóru reiðhöllinni fyrir þá sem vilja dansa og hafa fjör. Á laugardeginum ætlar Stuðlabandið að klára allt saman með stæl,“ segir Heiðar og tekur fram að enn eigi eftir að kynna fleiri skemmtiegra aðila og dagskrárliði.

### Ánægð með viðtökurnar

Heiðar segir mótshaldara ánægð með viðtökurnar enda sé stemning fyrir Landsmóti eins og alltaf. Þar sem margir munu leggja land undir fót verður fjölbreytt þjónusta á svæðinu. „Við erum í raun að búa til nokkur þúsund manna þorp frá sunnudegi til sunnudags. Það er öðruvísi taktur í þessu hjá okkur en er til dæmis í Víðidal. Það er erfitt að segja hver heildarfjöldi seldra miða verður en við vonumst auðvitað til þess að þegar verði flestir í brekkunni verði sjö til níu þúsund manns,“ segir Heiðar. Hann leggur áherslu á að svæðið bjóði upp á að taka á móti miklum fjölda. Heiðar segir einnig nóg hesthúsapláss vera í Skagafirði. „Á áttunda hundrað hestar munu fara í gegnum mótið svo það verður auðvitað mikið umstang en sem betur fer er mikið hesthúsapláss á Hólum svo við getum hýst stóran hluta þessara hesta hér.“ Aukið hesthúsapláss í Skagafirði tengist hestafræðideild Hólaskóla sem er í sífelldri uppbyggingu. „Við erum að leggja sérstaka áherslu á umhverfismál og sjálfbærni í fyrsta skipti á Landsmóti, við viljum gera viðburðinn sjálfan aðeins grænni,“ segir Heiðar og að þetta séu fyrstu skrefin í lengra ferli. Hugað verði að betri flokkun á sorpi, að því að lágmarka urðun og að því að nýta orku og vatn vel á viðburðinum.

### Hlakkar til að sjá fólk koma saman

Aðspurður segist Heiðar hlakka mest til að sjá fólk koma saman og eiga góðar stundir. „Ég er spenntastur að finna aftur fyrir þessum Landsmótsanda sem okkur tókst að skapa hér 2016. Að sjá fólk hittast og spjalla saman um hesta og annað sem ber á góma. Ég veit að hestakostur verður frábær og er sannfærður um að það muni allt ganga vel,“ segir Heiðar. „Hvert mótssvæði og hvert mót hefur sinn karakter en það er í grunninn hestarnir og fólkið sem búa mótið til og við viljum bjóða upp á frábæra þjónustu og góða aðstöðu og gera eins og við getum til að öllum líði vel á Landsmóti.“ */kró*

## Málþing í Norræna húsinu:

# Mikilvægi moldar

***Mikilvægi moldar var rædd á málþingi í Norræna húsinu 4. júní síðastliðinn. Þar var fjallað um moldina sem eina mikilvægustu en vanmetnustu auðlind jarðar.***

Á málþinginu héldu vistfræðingurinn Thomas Crowther, prófessor við ETH Zürich og Kristín Sigurðardóttir, slysa- og bráðalæknir erindi. Kristín talaði um tengsl heilbrigðrar moldar og heilbrigðs fólks út frá heildrænni sýn á heilsu.

Um 95% þeirrar fæðu sem mannkynið neytir á uppruna sinn í jarðvegi og gegnir hann lykilhlutverki í hringrás næringarefna, hreinsun vatns og bindingu kolefna. Kristín lagði meðal annars áherslu á góð matvæli og merkingu þeirra. Henni finnst vöntun á skýrum reglugerðum varðandi merkingu matvæla á Íslandi. „Ég vil vita hvaðan maturinn minn kemur, frá hvaða búum hann kemur og hvað fer í matvælin, þegar ég hef kost á því vel ég frekar lífrænt ræktað, því það vantar gjarnan upplýsingar. Eins og með möguleg eiturefni í ræktun eða jarðvegi þá vil ég fá að vita með saltið okkar, er mikið plast í því eða ekki, hvernig eru snefilefnin í því? Gegnsæi og upplýsing skiptir öllu máli.“ Bein snerting við mold hefur jákvæð áhrif á ónæmiskerfið og minnti Kristín á að við erum órjúfanlegur partur af náttúrunni. „Ekki hika við að sleppa hönskunum í garðyrkjunni,“ segir Kristín.

Að málþinginu loknu var pallborð með Kristínu, Ólafi Arnalds, prófessor emeritus í jarðvegsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, og Salvöru Jónsdóttur skipulagsfræðingi. Ólafur lagði áherslu á að tala um moldina sem auðlind og að fjalla ætti um jarðveginn með einbeittari hætti í námsefni frá unga aldri. „Náttúruverndarsamtök hafa gleymt moldinni í baráttunni,“ segir Ólafur og vill aukna áherslu á endurheimt lands og jarðvegs á Íslandi. Bæði sögðu Kristín og Ólafur að bæta þyrfti samband okkar við jarðveginn. „Heilbrigður jarðvegur er undirstaða nær alls lífs á landi og okkur á því að þykja miklu vænna um jarðveginn,“ segir Kristín.

*/kró*


Við fjármögnum
atvinnutæki
Lykill
Fjármögnun

# Ávinningur matvælarannsókna

## – Málþing Matís 2026

Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is





Mynd / Cryptographic Identity Authentication

**Árlegt málþing Matís, með yfirskriftinni Ávinningur matvælarannsókna, fór fram í Norðurljósasal Hörpu þann 2. júní síðastliðinn. Fæðuöryggi, sjálfbær framleiðsl og nýsköpun í þörungarækt voru meðal umfjöllunarefna.**

Aðalfyrirlesari dagskrárinnar var James Morrison, framkvæmdastjóri verkefnisins Healthy Planet hjá Rannsóknastofnun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Erindi James Morrison, Framtíð matvælakerfa: Horft til fortíðar til að mynda framtíðarsýn, fjallaði um þær áskoranir sem loftslagsbreytingar hafa skapað fyrir vistkerfi, fæðukerfi og fæðuöryggi heimsins og þau verkefni sem Evrópusambandið heldur úti til að stuðla að sjálfbærni og nýsköpun í matvælarannsóknum.

Morrison nefndi að tengja fólk aftur beinna við fæðukerfi væri mikilvægur þáttur í að stuðla að uppbyggingu þeirra. „Að endurtengja fólk við matvæli krefst kerfisbreytingar úr því að notast við ofansæknar stefnur og yfir í samsköpun í samfélaginu. Við gerum þetta í gegnum „lifandi vísindastofur“ og lýðvísindi og leggjum áherslu á gagnsæi í hverju skrefi birgðakeðjunnar. Á Íslandi gæti þetta þýtt að efla samfélagsdrifinn hringrásarlandbúnað sem er knúinn af jarðvarma og stuttar dreifingarleiðir sjávarafurða. Þegar borgarbúar fá beina aðkomu að staðbundnum framleiðslugögnum sem sýna hvernig norðlæga grænmetið þeirra eða sjálfbæra sjávarfangið er framleitt, þá breytum við matvælum úr söluvöru í sameiginlegt samfélagslegt verðmæti. Traust kemur náttúrlega með gagnsæi.“

### Þrír stólpar

Helstu forgangsatriði þegar kemur að því að skapa framtíðartryggð matvælakerfi eru „þrír stólpar“, eins og Morrison kemst að orði: kolefnishlutleysi, endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og hringrásarhagkerfi. „Rannsóknir verða að hverfa frá einangruðum hólfum. Í staðinn verðum við að fjármagna kerfisbundna nýsköpun eins og örveru-hámörkun í jarðvegsheilsu, endurnýjandi fiskeldi og endurvinnslu matarafganga og -sóunar í verðmæt lífefni. Að framtíðartryggja þýðir að hanna matvælakerfi sem þola loftslagsáföll um leið og þau endurheimta þau þolmörk jarðar sem þau reiða sig á. Þetta snýst um að færast frá módelinu að „valda minni skaða“ og yfir í endurnýjandi módel.“

### Ísland gæti verið leiðandi

Sem framkvæmdastjóri Healthy Planet hefur Morrison yfirsýn yfir matvælarannsóknir í Evrópu. Aðspurður bendir hann á styrkleika Íslands og mögulega áherslupunkta fyrir rannsóknir hérlendis. „Ísland ætti að hampa tvíþættum styrk sínum: sjálfbærum sjávarlífsauðlindum og jarðhitaframleiðslu matvæla. Þar sem rannsóknir skortir á heimsvísu og þar sem Ísland gæti verið í fararbroddi, er hringrásarsamþætting þessara tveggja geira, svo sem með því að nota jarðhitaafgangsvarma og CO2 til ræktunar á þörungum eða öðrum próteingjöfum. Ísland gæti litið til Danmerkur og Noregs til viðmiðunar í stafrænum rekjanleika og uppbyggingu sjálfbærs fiskeldis. Með því að skipa sér í röð með Norðurlandaráði og Horizon Europe, getur Ísland breytt afskekktri landfræðilegri legu sinni í framúrskarandi tilraunasvæði fyrir fæðuöryggi í köldu loftslagi.“

Hann segir ýmsar áskoranir í því að vinna með löndum utan Evrópusambandsins, líkt og Íslandi, þar sem reglugerðir stangist stundum á en þó séu þar líka mikil tækifæri. „Ísland er í einstakri stöðu sem meðlimur Evrópska efnahagssambandsins (EEA) sem þýðir að við deilum nú þegar góðum grunni staðla. Hins vegar er það munurinn á skipulagi í landbúnaði og staðbundnum styrkjum sem getur hugsanlega skapað núning í sameiginlegum rannsóknum. Hindrunin er þó ekki skortur á sameiginlegum velvilja, heldur hversu flókið það er að samræma mismunandi gagnastaðla og lagalegar skilgreiningar. Við yfirstígum þetta með því að beita okkur fyrir opnum vísindum og samningum um gagnkvæma viðurkenningu. Sameiginlegar áskoranir eins og loftslagsbreytingar taka ekki mið af landamærum og rannsóknarvinna okkar ætti ekki að gera það heldur.“

### Frá rannsóknarstofu inn á markað

Nýsköpun og nýjar rannsóknir verða að haldast í hendur og samkvæmt Morrison verður að íhuga breytingar á regluverkum til að taka nýjar uppgötvanir hraðar í notkun. „Það eru ýmsar áskoranir sem koma úr reglugerðarhindrunum,“ segir Morrison. „Eitt dæmi er tillaga framkvæmdastjórnarinnar í Biotech Act 1 löggjöfinni sem heimilar Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) að leggja til ráðgjöf fyrir umsækjendur með nýstárlegar vörur áður en sótt er um. Það hjálpar þeim að ramma inn kröfur sínar og draga úr hættunni á að gögnum verði hafnað seinna í ferlinu, en það hefur oft reynst erfitt vandamál, sérstaklega fyrir sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki.“ Hann tekur fram að það að draga úr reglugerðarhindrunum geti einnig átt við „reglugerðar-sandkassa“ (e. regulatory sandboxes) sem vísar í sett af reglum sem leyfa fyrirtækjum að prófa sig áfram með frumlegar og nýstárlegar vörur eða þjónustu undir eftirliti í takmarkaðan tíma. „Við þurfum að gera leiðina frá rannsóknarstofum og inn á markaði straumlínulaga án þess að stofna öryggi neytenda í hættu. Þetta þýðir að taka upp forprófanir og kvikar, endurteknar yfirferðir innan ramma eins og EFSA. Með því að leyfa frumkvöðlum að prófa öruggar, smáar útfærslur við raunverulegar aðstæður snemma í ferlinu er hægt að koma í veg fyrir að frábær græn tækni deyi út í limbói við reglugerðir.“

### Björgum ekki plánetunni á yfirverði

Umhverfismál og markaðsmál eiga þó ekki alltaf samleið. Aðspurður hvar náttúruvernd og eftirspurn á markaði geti mæst, segir Morrison að vandamálið liggi í því að markaðurinn krefjist skammtíma fjárhaslegs ávinnings á meðan umhverfisvernd krefst langtíma umhugsunar margra kynslóða. „Matvælarannsóknir verða að brúa þetta bil með því að gera sjálfbæra valkosti að þeim sem eru fjárhagslega hagkvæmastir. Við þurfum að rannsaka raunkostnaðarbókhald (e. true cost accounting) sem metur umhverfisáhrif matvæla til að fá nákvæmt markaðsverð. Nýsköpun ætti að beinast að því að skapa sjálfbærar vörur sem keppa á jafnréttisgrundvelli hvað varðar bragð, verð og þægindi. Ef við ætlumst til þess að neytendur bjargi plánetunni á yfirverði mun okkur mistakast.“

### Rannís og Matís

Sigurður Óli Sigurðsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs Rannís, hélt erindið Árangur í evrópsku rannsóknasamstarfi og áskoranir fram undan á málþinginu og fór þar yfir stöðu og árangur Íslands í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi. Sigurður fjallaði um farsælt samstarf Matís og Rannís og mikilvægi þess að stuðla að öflugu samstarfi þvert á opinber stofnanir og einkaaðila á sviði matvælarannsókna. „Rannís veitir stuðning öllum þeim sem vilja sækja í alþjóðlegar samstarfsáætlanir í rannsóknum og nýsköpun sem Ísland er aðili að,“ segir Sigurður. „Þannig hefur Rannís stutt við Matís og samstarfsaðila þeirra í sókn eftir styrkjum úr rannsókna- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins, sem ber heitið Horizon Europe. Íslenskum aðilum hefur almennt gengið mjög vel að sækja í þann hluta áætlunarinnar í styrki, rannsóknir og þróun á sviði matvæla, lífhagkerfis og náttúruauðlinda. Á tímabilinu 2021-2026 hefur Matís tekið þátt í átta verkefnum í þessum hluta sem hafa skilað um 6,5 milljónum evra (um 900 m.kr.) í styrki til Matís. Þá hefur Matís tekið þátt í fjórum verkefnum í öðrum undirflokkum Horizon Europe og hefur árangur stofnunarinnar verið mjög góður.“

### Evrópskt samstarf verðmætt

Sigurður nefnir að evrópskt samstarf skapi raunveruleg verðmæti og sé forsenda árangurs Íslands í matvælarannsóknum. Aðspurður hvort aðild Íslands að Evrópusambandinu hefði áhrif á styrkumhverfið í þessum rannsóknum segir Sigurður að svo sé ekki sem stendur. „Ísland er fullgildur aðili að Horizon Europe áætlun Evrópusambandsins og hefur tekið virkan þátt í rannsókna- og nýsköpunaráætlunum ESB frá árinu 1994 á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ísland hefur færi á að taka þátt í fleiri samstarfsáætlunum sem gætu mögulega nýst matvælageiranum, en íslensk stjórnvöld hafa skiljanlega þurft að forgangsraða þátttöku í hinum ýmsu samstarfsáætlunum Evrópusambandsins.“ Sigurður segir að lagt sé mat á það fyrir hvert nýtt sjö ára tímabil hvort Ísland taki þátt eða ekki. „Rannís telur mjög líklegt að Ísland taki þátt í næstu Horizon Europe áætluninni sem nú er verið að leggja lokadrög að. Sú áætlun tekur til tímabilsins 2028-2034. Þátttaka Íslands í þeirri áætlun mun ekki breytast þótt Ísland gengi í Evrópusambandið á þessu tímabili að öðru leyti en því að Ísland hefði meiri áhrif á þróun áætlunarinnar og áherslur á hverjum tíma. Aðild að Evrópusambandinu hefði þannig takmörkuð áhrif á aðgengi að styrkjum til rannsókna og þróunar úr Horizon Europe.“

### Ráðgjöf mikilvæg

Varðandi áskoranir fram undan talar Sigurður um mikla þörf fyrir sérhæfða ráðgjöf og stuðning og þörf fyrir skýrari sérstöðu í umsóknum. „Rannís rekur bakhópa fyrir hluta Horizon Europe áætlunarinnar þar sem Ísland á mest erindi. Þar koma saman einkaaðilar og opinberir aðilar til að ræða tækifæri þegar auglýst er eftir umsóknum um styrki og svo áskoranir og álitaefni á borð við skýrslugerð og lagalegar og bókhaldslegar kröfur í rekstri styrktra verkefna. Í þessum bakhópum er áhersla lögð á innlenda samvinnu frekar en samkeppni og í gegnum þá vinnu fá umsækjendur og styrkþegar aðgang að hópi sérfræðinga í sínum geirum. Einnig geta fyrirtæki sótt sér ráðgjöf hjá fagaðilum sem sérhæfa sig í skrifum umsókna og stuðningi við umsóknaskrif,“ útskýrir Sigurður.

### Styrkur í snerpu og samstarfi

Á Íslandi er snerpa einn af okkor styrkleikum samkvæmt Sigurði sem segir: „Boðleiðir eru stuttar, fyrirtæki eru almennt opin fyrir að prófa nýja hluti og við erum fljót að grípa ný tækifæri þegar þau berast. Það er að vissu leyti styrkur í smæð okkar hvað þetta snertir.“

Góð tenging rannsókna og atvinnulífs er annar styrkleiki Íslands í evrópsku samhengi og nefnir Sigurður hve mikilvægt það er að halda áfram að sækja fram og tengja rannsóknir við atvinnulíf. „Einkageirinn er held ég frekar meðvitaður um hlutverk Matís og það öfluga fólk sem starfar þar og svo í háskólum og rannsóknastofnunum. Það þarf sennilega að sýna fram á virðisauka til að fá einkageirann með í samstarf í matvælarannsóknum. Við höfum líka svo mörg góð dæmi, t.d. um nýtingu hliðarafurða í sjávarútvegi, sem væri hægt að halda enn frekar á lofti.“





ERUM AÐ KEYRA ÚT RÚLLUPLASTIÐ
PANTIÐ SEM FYRST!
Greiðslukjör til 15. október vaxtalaust
Heimkeyrsla á heilum brettum ef pantað er tímanlega
Rani
POWER STRETCH
BAL'ENSIL
TamaNet™
ÞAR SEM BÚVÍS FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI SÍNU Í ÁR
þá höfum við náð samkomulagi við suma okkar erlendu birgja um sérstök afmælisverð
AFMÆLISTILBOÐ 1.540.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 150.000
Diskaherfi 3 metra
Kr. 1.690.000.- án vsk
Samasz
Sláttuvél XT-390
með vökvafjöðrun
Kr. 3.190.000.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 2.690.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 500.000
AFMÆLISTILBOÐ 5.190.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 400.000
Heytætla 11 metra á vagni 10 stjörnu
Kr. 5.590.000.- án vsk
SaMASZ
kränzle
Háþrýstidælur
Quadro 799TST
Kr. 322.419.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 274.032 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 60.000
TIKI KERRUR Í ÚRVALI
Tiki CP-275 Kr. 306.290.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 256.290 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 50.000
Heytætla 7.7metra 6 stjörnu
Kr. 2.490.000.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 2.240.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 250.000
kränzle
Háþrýstidælur
Profi 160TST
Kr. 217.661.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 177.338 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 50.000
Héraðsprent
Palmse Trailer
Palmse sturtuvagn
PT-190
Burðargeta 15 tonn
Kr. 3.790.000.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 3.590.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 200.000
Taðklær
1,5 metrar Kr. 339.900.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 269.900 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 70.000
1,8 metrar Kr. 379.900.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 299.900 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 80.000
RAFGEYMAR
15% AFSLÁTTUR
Staurasleggja með Hondu mótor
Kr. 449.000.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 389.000 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 60.000
AFMÆLISTILBOÐ 199.500 ÁN VSK
AFMÆLISAFSLÁTTUR 30.000
Þyngdarklossar
1000 kg. Kr. 229.5000.- án vsk
MORRIS OLÍUVÖRUR
GOTT VERÐ!
GILDIR MEÐAN BIRGÐIST ENDAST
Búvís
www.buvis.is Sími 465 1332

## Hjólreiðar:

# Þörf á innviðauppbyggingu utan þéttbýlis



**Björn Teitsson**
bjorn.teitsson@gmail.com

**Sífellt fleiri Íslendingar nýta sér reiðhjól, ekki aðeins sér til afþreyingar eða heilsubótar, heldur sem fararmáta. Þetta á jafnt við um fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu, sem og utan þess. Meðal sveitarfélaga sem hafa lagt fram sérstaka hjólreiðaáætlun eru til að mynda Ísafjarðarbær og Akureyri, en innan beggja þéttbýlisstaða hefur átt sér stað umtalsverð innviðauppbygging fyrir reiðhjól á undanförnum árum.**

Með betri innviðum fjölgar þeim sem kjósa að nýta sér reiðhjól, sem um leið léttir á umferð og skilar sér í bættri lýðheilsu. En það er ekki aðeins innan og í kringum þéttbýli sem hlutur hjólreiða fer vaxandi. Mikil eftirspurn er eftir bættum innviðum fyrir hjólafólk utan þéttbýlis, bæði meðal Íslendinga sem og ferðamanna.

En hvernig skyldi staðan vera í dag þegar kemur að uppbyggingu hjólastíga utan þéttbýlis, og hvernig eru horfurnar ef horft er til þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2026-2040 sem nú liggur fyrir Alþingi? Bændablaðið skoðaði málið.



Vinsælasta hjólaleiðin í Evrópu er „árvegurinn" svokallaði, leið 6, sem fer fyrst meðfram Leiru (Loire) frá St. Nazare á vesturströnd Frakklands að Bodenvatni á mörkum Þýskalands og Sviss, þaðan niður til Passau í Bæjaralandi og þaðan meðfram Dóná, alla leið að ósum fljótsins í Rúmeníu.

### Vaxandi áhugi hjá sveitarfélögum, en betur má ef duga skal

Valtýr Þórisson er forstöðumaður á sviði áætlana og landupplýsinga hjá Vegagerðinni en sviðið úthlutar fjármagni til sveitarfélaga sem hyggjast leggja hjólastíga utan þéttbýlis, meðfram þjóðvegum. Í samgönguáætlun 2020-2024 var gert ráð fyrir um 250 milljóna króna árlegri fjárveitingu í slík verkefni. Í þingsályktunartillögu fyrir nýja samgönguáætlun, 2026-2040, er gert ráð fyrir áframhaldi á sama fyrirkomulagi. Upphæðin verður 300 milljónir á ári og hækkar í 350 milljónir króna árið 2030. Valtýr segir að áhugi sveitarfélaga hafi farið vaxandi þótt hann hefði mátt vera meiri til að byrja með. „Þegar verkefnið fór af stað kom það fyrir að við náðum ekki að klára það fjármagn sem við höfðum úr að spila. En núna á síðustu árum höfum við fengið umsóknir um fjárveitingar sem fer langt umfram þær 300 milljónir sem við getum veitt í ákveðin verkefni. Það er í sjálfu sér gleðiefni að áhugi sveitarfélaga er að aukast þar sem sífellt fleiri sjá aukinn hag í því að hafa góðar samgöngutengingar fyrir reiðhjól," segir Valtýr.

### Allt að 50 til 70 prósenta framlag Vegagerðarinnar

Að sögn Valtýs gætu sveitarfélög jafnvel sýnt enn meira frumkvæði þegar kemur að því að sækjast eftir stuðningi við að leggja hjólastíga, enda til mikils að vinna. Vegagerðin leggur ekki aðeins til 50 prósent af öllum kostnaði við framkvæmdir, heldur greiðir einnig sama hlutfall í allri hönnunarvinnu sem fellur þar með ekki á herðar sveitarfélaga, en fyrir smærri sveitarfélög sérstaklega, getur kostnaður við hönnunarvinnu hvers konar verið þungur baggi. Þegar kemur að smærri sveitarfélögum er einmitt tekið sérstakt tillit til aðstæðna. Leggur Vegagerðin þá til allt að 70 prósenta fjárveitingu til hjólastígagerðar. „Þegar kemur að sveitarfélögum sem telja 1.500 íbúa eða færri leggjum við til hærra framlag," segir Valtýr og bætir við: „Þetta á líka við um lengri samfelldar leiðir, sem tengja saman sveitarfélög. Það er því til mikils að vinna þegar smærri sveitarfélög sækjast eftir fjárveitingu, en einnig fyrir önnur sveitarfélög sem vilja leggja lengri leiðir. Gott dæmi er hjólastígur sem kemur til með að tengja Reykjanesbæ við Voga, þar sem starfa saman Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar, eða innan sama sveitarfélags þar sem má nefna hjólastíg meðfram Biskupstungnabraut í Grímsnes- og Grafningshreppi frá Þrastalundi að Sólheimum."




Heildarfjöldi kílómetra af hjólastígum fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Undir lok ársins 2025 voru þeir rétt undir 100 kílómetrar en stefnt er að því að leggja 35 kílómetra af hjólastígum á næstu fimm árum. Mynd / Vegagerðin.

Aðspurður hvort það vanti ekki aukið fjármagn í hjólastíga á landsbyggðinni á næstu árum miðað við aukinn áhuga segir Valtýr einfaldlega: „Það er augljóst mál."

### Hvað er reiðhjólaferðamennska?

Reiðhjólaferðamennska (bicycle tourism/Radtourismus) er sérstakur kimi innan ferðamannaiðnaðarins sem hefur verið í afar örum vexti á síðustu árum og það beggja vegna Atlantshafsins. Í stuttu máli má þó greina mun á milli reiðhjólaferðamennsku í Norður-Ameríku annars vegar og Evrópu hins vegar, þar sem utanvegahjólreiðar, mestmegnis á fjallahjólum, eru vinsælli vestanhafs. Þar er jafnvel talað um „the gravel-boom", sem er orðaleikur sem skeytir saman ensku orðunum yfir ferðalög og möl. Í Evrópu er vinsælla að hjóla á götuhjólum/rafhjólum á skilgreindum hjólaleiðum sem eru til á korti Eurovelo, Evrópska hjólastíganetsins, sem er rekið af Samtökum evrópska hjólreiðamanna, ECF.

Netið samanstendur af 17 lengri leiðum sem tengja saman stór landsvæði þvert á landamæri. Sem dæmi nær leið 1 allt frá Norður-Noregi í norðri og endar í Braga í Portúgal eftir að hafa þrætt austurhluta Spánar og alla strandlengju Portúgal. Vinsælasta leiðin er hins vegar „árvegurinn" svokallaði, leið 6, sem fer fyrst meðfram Leiru (Loire) frá St. Nazare á vesturströnd Frakklands að Bodenvatni á mörkum Þýskalands og Sviss, þaðan niður til Passau í Bæjaralandi og þaðan meðfram Dóná, alla leið að ósum fljótsins í Rúmeníu. Farið er í gegnum borgir á við Linz, Vín, Bratislava og Búdapest, svo nokkrar séu nefndar. Þess má geta að Bændaferðir voru frumkvöðlar á Íslandi í reiðhjólaferðamennsku og hafa um árabil boðið upp á ævintýraferðir um Evrópu á reiðhjóli við afar góðar undirtektir. Í ár var t.a.m. boðið upp á ferðir til Króatíu, til Suður-Tíról, Suður-Ítalíu og um Gardavatn – og í fyrsta sinn var hægt að bóka ferð til Víetnam. Allar ferðirnar seldust upp.

### Mikil tækifæri á Íslandi, sem vildi ekki í Eurovelo

Árið 2014 sótti Ferðamálastofa, með stuðningi Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM), um að skilgreind suðurleið á Íslandi yrði bætt við Evrópska hjólastíganetið, Eurovelo. Vinna við umsóknina fór fram á næstu tveimur árum, en það er einungis hægt að sækja um aðild að Eurovelo á þriggja ára fresti. Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastjóri Hjólafærni, vann að umsókninni ásamt áðurnefndum Valtý Þórissyni og Ásbirni Ólafssyni, verkfræðingi hjá Vegagerðinni og þáverandi framkvæmdastjóra LHM, og nutu þau einnig aðstoðar sérfræðinga verkfræðistofunnar Eflu. Suðurleiðin hefði þar með orðið hluti af „Strandlengjuleiðinni", eða leið 1, í korti Eurovelo, en ekkert varð af því. Sesselja segir að hjólasamfélagið á Íslandi hafi verið mjög vongott. „Árið 2016 erum við með árlega ráðstefnu og þá er Ólöf Ýrr [Atladóttir, þáv. ferðamálastjóri] með erindi þar sem hún lýsir þessari leið og því ferli sem fram undan er og við búumst við að þetta sé að gerast. Það sem gerist svo er að mikið var um slys á ferðamönnum á þessu ári, til dæmis í Reynisfjöru og víðar, enda líklega fyrsta árið sem ferðamenn byrjuðu að streyma til Íslands í sambærilegu magni og við þekkjum í dag. Þá virðist umsókn okkar hafa verið sett á ís, þar sem Ferðamálastofa vildi ekki bera ábyrgð á mögulegum slysum á vegfarendum á hjólum." Sesselja lýsir þessum endalokum sem miklum vonbrigðum, enda hefði aðild Íslands að Eurovelo haft í för með sér mikla kynningu á landinu sem áfangastaðar fyrir fólk sem stundar reiðhjólaferðamennsku. Þar liggja mikil tækifæri, sem vöxtur greinarinnar ber vitni um.

### Erfitt að segja til um vöxt, vantar gögn

Arnar Már Ólafsson ferðamálastjóri segir erfitt að meta hvort vöxtur sé í reiðhjólaferðamennsku á Íslandi þar sem það vanti haldbær gögn. Hann tekur þó til árlegar kannanir sem Ferðamálastofa framkvæmir en niðurstöður þeirra eru birtar í skýrslu, Ferðamenn á Íslandi – Samsetning ferðamanna, ferðahegðun og upplifun.

„Við sjáum ekki merkjanlega aukningu í niðurstöðum þessara kannana þótt þær segi ekki alla söguna," segir Arnar, en þess má geta að hann hjólar talsvert sjálfur og nefnir sérstaklega sóknarfæri í malarhjólreiðum. „Þær hafa vaxið mikið og er Ísland afar hentugur áfangastaður fyrir malarhjólreiðar. Hér er stórbrotin og óvenjuleg náttúra og ekki vantar malarvegina." En gæti aukin innviðauppbygging skapað tækifæri fyrir hina „hefðbundnari" hjólaferðamenn? „Það blasir við að það eru tækifæri fólgin í því að geta boðið upp á betri innviði og markaðssett þá til ferðamanna."



# VEIÐIPORTIÐ

www.veidiportid.is

Grandagarður 3 • S: 552-9940



Sail Utanborðsmótorar. Tví-og fjórgengis margar stærðir í boði!

**Verð frá 112.900.kr**

Sailski Slöngubátar

270cm - 300cm - 330cm - 360cm - 380cm - 480cm - 500cm



**Verð frá 177.000.kr**



**Tilboð**

Jaxon rafmagnsmótor og rafgeymir saman í pakka

**Aðeins 99.900.kr**



Olimp CE vottuð björgunarvesti. Fáanleg í mörgum stærðum.

**Verð frá 12.900.kr**

Aukahlutir fyrir báta og mótora!




Olimp CE vottuð flotvesti. Fáanleg í mörgum stærðum.



**Verð 14.900.kr**

IG 2.0 Neoprene vöðlur. Margar stærðir í boði, nú í 4xl

**Verð 39.900.kr**



Pros PVC klofstigvél. Fáanleg í stærðum: 37-48

**Verð 16.900.kr**



IG 2.0 Camo Neoprene vöðlur. Margar stærðir í boði, nú í 4xl

**Verð 39.900.kr**



Mistrall Dry Walker stígvél. Léttustu stígvélin á markaðnum



Fáanleg í stærðum: 41-46

**Verð 11.900.kr**

IG Veiðivörur Krabbagildrur



**Verð 4.990.kr**

IG Veiðivörur - Silunganet




**Verð frá 10.900.kr**

## Veiðiportið - www.veidiportid.is

**Grandagarður 3 • S: 552-9940**

# Sameinuðu þjóðirnar vara við sýklalyfjaónæmi



**Sameinuðu þjóðirnar vara við því að notkun sýklalyfja í búfénaði gæti aukist um þriðjung á heimsvísu á næstu fimmtán árum ef ríki setji ekki skýrar reglugerðir.**

Þetta kemur fram í skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem kom út fyrstu vikuna í júní. Aukin notkun sýklalyfja í búfénaði eykur líkurnar á sýklalyfjaónæmi dýra og manna sem leiðir til þess að erfitt getur reynst að meðhöndla sýkingar sem og sýklalyfjaónæmar bakteríurur geta borist beint og óbeint á milli manna og dýra og umhverfis.

Í skýrslunni kemur fram að ef núverandi þróun heldur áfram muni sýklalyfjanotkun í búfénaði ná 143.481 tonnum á heimsvísu árið 2040. Þetta sýnir 29,5% aukningu frá 2019 og fer vel fram úr síðasta hámarki sem náði 118.600 tonnum árið 2013.

### Sýklalyf sem vaxtarhvatar

Þessar áhyggjur stafa ekki einungis af notkun sýklalyfja við sjúkdómum. Í sumum löndum þekkist að nota sýklalyf og önnur örverueyðandi lyf sem vaxtarhvata (e. Antibiotic Growth Promoter) til að hraða á þyngdaraukningu dýra eða stuðla að hagkvæmri nýtingu á fóðri. Þetta viðgengst enn víðs vegar um heiminn. Evrópusambandið bannaði notkun sýklalyfja sem vaxtarhvata í matvælaframsleiðslu aðildarlanda árið 2006 og frá 2023 hafa hertar reglugerðir tekið gildi um innflutning matvæla sem nota sýklalyf sem vaxtarhvata. Frá og með september 2026 tekur gildi nýr listi landa sem mega flytja inn dýraafurðir í Evrópusambandið. Lönd sem geta ekki sýnt fram á ræktun og framleiðslu dýraafurða án sýklalyfjavaxtarhvata munu ekki fá tilskilin leyfi.

### Forvarnir og eftirlit

Aukið sýklalyfjaónæmi á heimsvísu hefur áhrif á fæðuöryggi, lýðheilsu, lífsviðurværi og hagkerfi. Til að komast hjá þessari þróun er mikilvægt að setja reglugerðir, hafa gott eftirlit með matvælaframleiðslu, upplýsa bændur og matvælaframleiðendur um áhættur sýklalyfjaónæmis og leggja áherslu á hagkvæmar aðferðir sem snúa að heilsu og fóðrun búfénaðar. Samkvæmt skýrslunni er mikilvægt að nálgast vandamálið frá mismunandi hliðum. Bændur sem huga vel að aðstöðu minnka líkurnar á því að þörf sé fyrir sýklalyf og matvælaframleiðendur sem grípa til aðgerða til að stuðla að ábyrgri sýklalyfjanotkun geta komið í veg fyrir fjárhagstjón vegna sjúkdómsfaraldra og smita í dýraafurðum. Sterkar forvarnaaðgerðir og sterkt net dýralæknaþjónustu koma einnig í veg fyrir sýklalyfjaónæmi.

### Með lægsta móti á Íslandi

Á heimasíðu Matvælastofnunar kemur fram að sýklalyfjanotkun í dýrum er með lægsta móti á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd en þó sé svigrúm til að gera enn betur. Mast hefur gefið út fræðsluefni á íslensku um hvað bændur og dýraeigendur geti gert í baráttunni við sýklalyfjaónæmi.

*/ kró*



215 blóðsýni voru rannsökuð // PFAS efni berast í uppskeru sem er úðuð og þaðan í matvæli. Mynd / Pixabay

**Lýðheilsa:**

# Hátt hlutfall eilífðarefna í blóði Norðmanna

**Sjö eilífðarefni (PFAS efni) fundust í öllum blóðsýnum og mikill þéttleiki PFAS efnisins TFA veldur áhyggjum.**

Rannsakendum við Örebro háskóla í Svíþjóð kom á óvart hátt hlutfall óþekktra flúorefnasambanda í blóðsýnum í nýútgefinni rannsókn. Þeir segja niðurstöður benda til að núverandi nálgun í lífvöktun nái aðeins til helmings heildarútsetningar mannfólks á eilífðarefnum. Økologisk Norge greindi frá. Evrópusambandið skoðar takmörkun á notkun allra PFAS efna.

### Sjö PFAS efni fundust í öllum blóðsýnum

Ný rannsókn norsku Lýðheilsustofnunarinnar (FHI) og Örebro háskóla sýnir fram á að miklu meira er af PFAS efnum í blóði Norðmanna en hægt er að útskýra. Rannsóknin var hluti af stærra verkefni fjármögnuðu af Norrænu ráðherranefndinni.

Niðurstöðurnar valda áhyggjum, segja rannsakendur, sem árétta þörf fyrir að minnka útsetningu fólks fyrir slíkum efnum. Í grein um rannsóknina sem birt er á vef Science Direct, segir að hátt hlutfall óþekktra flúorefnasambanda (UOF) og TFA gefi ríkulegt tilefni til að rannsaka nánar hvaðan þau berast í mannslíkamann.

64 ólík PFAS efni voru rannsökuð í 215 blóðsýnum fólks í Osló. Sýnin voru tekin á árunum 2016–2017 og hefur því tekið 10 ár að fá niðurstöður. Sjö efnanna fundust í öllum blóðsýnunum.

### Víðtæk heilsuspillandi áhrif

PFAS efni hafa verið kölluð eilífðarefni sökum uppsöfnunar þeirra í náttúrunni og í mannslíkamanum vegna þess hve hægt og illa þau brotna niður. Mörg þessara eilífðarefna hafa verið tengd við alvarlegan heilsuvanda svo sem hormónatruflanir, skerta starfsemi ónæmiskerfisins, lifrarskemmdir, áhrif á æxlun og frjósemi, hækkað kólesterol, auknar líkur á skjaldkirtilssjúkdómum, sykursýki, offitu og krabbameini í nýrum og eistum. Efnin eru notuð í ótalmargt, svo sem í iðnaðarframleiðslu, slökkvitæki, fatnað, snyrtivörur, matarumbúðir, lyf og skordýraeitur.

Samkvæmt vef Umhverfis- og orkustofnunar eru PFAS efni efnahópur sem samanstendur af tugþúsundum manngerðra efna sem hafa sterkt efnatengi milli kolefnis og flúoratóma sem gerir þau sérstaklega óhvarfgjörn. Sum þeirra brotna ekkert niður á meðan önnur brotna mjög hægt niður en mynda þá önnur PFAS efni.

### Gátu ekki útskýrt helming flúorefnasambanda

Mesta athygli rannsakenda vakti efnið TFA, sem var eitt þeirra sextíu og fjögurra PFAS efna sem var rannsakað og hafði hvað mestan þéttleika í sýnunum. Efnið er illniðurbrjótanlegt en myndast þegar önnur PFAS efni brotna niður í umhverfinu.

Í frétt Økologisk Norge um rannsóknina segir að þýska umhverfisstofnunin hafi nýlega lagt fram tillögu um að flokka TFA sem skaðlegt fyrir fósturþroska í kjölfar rannsókna á dýrum sem sýndu fram á alvarlega fósturskaða.

Á grundvelli takmarkaðrar vöktunar yfirvalda á PFAS efnum telja rannsakendurnir að fólk sé útsett fyrir mun meira af slíkum efnum en nú er fylgst með. Þeir segja niðurstöður benda til þess að núverandi vöktunaraðferðir nái aðeins til um helmings heildarútsetningar manna fyrir eilífðarefnum.

### Matur er stór uppspretta útsetningar

TFA hefur meðal annars mælst í drykkjarvatni, víni, bjór, ávöxtum og korni í Evrópu.

Rannsakendur benda á að neytendur séu útsettir fyrir efninu í gegnum mat og drykk. Í rannsókninni er bent á að PFAS efni og önnur flúorefnasambönd séu í mörgum algengum neysluvörum. Matur sé mikil uppspretta útsetningar fyrir þessi efni og mikilvægt sé að minnka magn þeirra í matvælaframleiðslu.

Bent er á að í lífrænni ræktun og framleiðslu séu slík efni bönnuð en ekki sé hægt að tryggja að lífrænar vörur séu með öllu án slíkra efna þar sem þau finnast þegar í jarðvegi, vatni og andrúmslofti. Með því að velja lífrænt sé þó hægt að forðast nýjar viðbætur sem berast í mat í formi plöntuvarnarefna sem innihalda slík efni.

Í grein Økologisk Norge er vísað í eldri rannsóknir á börnum sem sýna að sé skipt yfir í lífrænt mataræði minnki magn ákveðinna tegunda skordýraeiturs í líkamanum eftir fáa daga.

Fyrirtækjum ber ekki skylda til að taka fram að PFAS efni séu til staðar í vörum þeirra. Leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar segja að „góð leið til að forðast efnin er að velja vörur sem eru umhverfismerktar eða sérstaklega merktar sem PFAS-fríar".

### Tillaga um algert bann

Í félagi við fjögur önnur Evrópulönd, Þýskaland, Holland, Danmörku og Svíþjóð, átti Noregur frumkvæði að því að leggja fram tillögu til Efnastofnunar Evrópu (ECHA) um bann við öllum PFAS efnum á heimsvísu. Tillagan var lögð fram í janúar 2023. Vísindanefndir Efnastofnunarinnar luku fyrsta áhættumati sínu í byrjun árs 2026 og í mars tók við samráðsferli um félags- og efnahagsleg áhrif.

Í samantekt nýju rannsóknarinnar kemur fram að niðurstöður geti verið nýttar sem grundvallarviðmið fyrir þéttleika EOF efna í blóði manna áður en almennar takmarkanir á PFAS verði innleiddar í framtíðinni. */eks*



Lissabon & Porto

13. – 24. september 2026
Fararstjórn: Þórhallur Vilhjálmsson
Verð 499.900 kr. á mann í tvíbýli

Nú höldum við til litríkra borga Portúgal! Frá hinni fallegu Lissabon verður farið til ævintýrabæjarins Sintra og heillandi þorpsins Cascais, sem er einn vinsælasti áfangastaðurinn við portúgölsku ströndina. Porto er staðsett við mynni Duoro fljótsins og þar verður farið í töfrandi siglingu. Einnig haldið til yndislegu borganna Braga og Guimarães og að sjálfsögðu smakkað á hinu fræga púrtvíni heimamanna.

bænda FERÐIR

Bókaðu núna á bændaferðir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík

Framúrskarandi fyrirtæki 2025


ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI
Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.
Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is



Skýrsluhöfundar segja að það þurfi að halda áfram kortlagningu besta ræktarlandsins og tryggja að meginhluti þess verði ekki tekinn til annarrar óafturkræfrar nýtingar. Mynd / ál

# „Við höfum ekki þá yfirsýn sem þarf til að taka góðar ákvarðanir“

## – Skýrsla um eignarhald á landbúnaðarlandi leiðir í ljós veikleika í regluverki og gagnaskráningu



Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

**Mikill hluti lögbýla á Íslandi er ekki í virkri landbúnaðarnotkun, upplýsingar um landnýtingu og eignarhald eru brotakenndar og stjórnvöld hafa ekki þá yfirsýn sem þarf til að taka upplýstar ákvarðanir. Þetta eru meðal helstu niðurstaðna nýrrar skýrslu um eignarhald á landbúnaðarlandi, en höfundar hennar eru Ásdís Hlökk Theodórsdóttir skipulagsfræðingur og Torfi Jóhannesson hjá Nordic Insights. Þau segja einnig að skortur á regluverki um nýtingarskyldu og búsetu, ásamt veikri gagnasöfnun, torveldi markmið um vernd ræktarlands, fæðuöryggi og byggð í dreifbýli. Ný skýrsla um eignarhald á landbúnaðarlandi dregur upp mynd af miklum breytingum á landnotkun og eignarhaldi á Íslandi. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir segir að þrátt fyrir að ýmsar niðurstöður komi á óvart sé það ekki síður sláandi hversu takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir.**

„Við fundum sterkast fyrir því við vinnuna að upplýsingar vantar,“ segir Ásdís.

### Þúsundir lögbýla án virks búrekstrar

Samkvæmt skýrslunni eru tæplega 6.800 lögbýli skráð á landinu en aðeins um 2.400 þeirra eru í skráðum landbúnaðartengdum rekstri.

Enn færri, eða um 1.500, fá landgreiðslur sem eru greiðslur sem bændur fá fyrir að uppskera land til fóðurgjafar.




## Huga þarf að afmörkun og vernd besta landbúnaðarlandsins



Torfi Jóhannesson.

Torfi Jóhannesson segir að ýmsar breytingar hafi verið gerðar á íslenskum reglum um eignarhald og nýtingu á landbúnaðarlandi, bæði í átt til aukins frjálsræðis og aukinna takmarkana. „Ein mikilvægasta breytingin seinni árin var að árið 2021 var sett inn ákvæði um að sækja þurfi um leyfi til ráðherra til að eignast fleiri en 5 jarðir. Þá hefur einnig verið gert að skyldu að flokka landbúnaðarland eftir gæðum þess við aðalskipulagsgerð sveitarfélaga.“

**Er hægt að halda því fram að regluverkið sé í mikilvægum atriðum ólíkt því sem gerist í nágrannalöndunum?**
„Reglur um landbúnaðarland eru mjög ólíkar milli landa. Við getum þó kannski sagt að það sé fátítt að ekki séu settar neinar kvaðir á nýtingu og viðhald ræktarlands. Þá eru viðskipti með landbúnaðarland frekar fáum takmörkunum háð hérlendis.“

**Hverjar eru helstu hætturnar við fyrirkomulagið eins og það er núna?**
„Það er matsatriði en okkur skýrsluhöfundum finnst mikilvægt að það verði hugað betur að afmörkun og vernd besta landbúnaðarlandsins. Hvar er þetta land, hversu mikið af því er þannig staðsett að það henti til nútímajarðræktar, hversu mikið af því hefur nú þegar verið tekið til annarra nota og hvernig finnum við gott jafnvægi milli verndar lands til framtíðar og notkunar þess í dag. Annað sértækt atriði er hversu mörg lögbýli eru í tiltölulega óvirku eignarhaldi t.d. dánarbúa og mjög umfangsmikilli sameign.“

**Telurðu mikilvægt að gera breytingar á regluverkinu og þá út af hverju?**
„Ég held að það væri æskilegt að skerpa á reglum um jarðasöfnun því við sjáum vísbendingar um að núverandi ákvæði laga komi ekki í veg fyrir að einstaklingar geti eignast margar jarðir. Ég held líka að við ættum að gera meira til að koma í veg fyrir umfangsmikla sameign jarða og takmarka þann tíma sem dánarbú geta átt jarðir. Þá held ég að við þurfum að horfast í augu við þann raunveruleika að einungis 20-30% allra lögbýla eru í eiginlegum búrekstri. Sú staða kallar kannski á endurskoðun á því hvernig við beitum jarða- og skipulagslögum.“

**Hverju verður helst að breyta til þess að tryggja megi sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands, fæðuöryggi og byggð í dreifbýli?**
„Að halda áfram kortlagningu besta ræktarlandsins og tryggja að meginhluti þess verði ekki tekinn til annarrar óafturkræfrar nýtingar. Það hvað er óafturkræft getur svo verið matsatriði. Votlendi má ræsa fram, skóga má fella en íbúðabyggð er býsna varanleg. Eins vil ég halda því til haga að við þurfum að tryggja að vernd landbúnaðarlands komi ekki í veg fyrir fjölbreytta atvinnuuppbyggingu í sveitum. Landbúnaðarframleiðslan þarf land en hún þrífst líka best í blómlegum byggðum.“



> Við þurfum að horfast í augu við þann raunveruleika að einungis 20–30% allra lögbýla eru í eiginlegum búrekstri ...

## Helstu niðurstöður skýrslunnar

- Íslenskt regluverk um eignarhald á landbúnaðarlandi er talið **tiltölulega frjálslegt** í samanburði við mörg nágrannalönd.
- Með jarðalögum 2004 voru **flestar takmarkanir á jarðaviðskiptum felldar niður** til að færa viðskipti nær almennum fasteignamarkaði.
- Árið 2020 voru þó sett inn ákvæði sem **takmarka jarðasöfnun,** meðal annars með leyfisskyldu ef aðili á fleiri en fimm jarðir eða yfir 1.500 hektara lands.
- **Stór hluti lögbýla er ekki í virkri landbúnaðarnotkun:**
  - o um 6.800 lögbýli alls
  - o um 2.400 í skráðum landbúnaðartengdum rekstri
  - o um 1.500 fá landgreiðslur
- **Um 13% lögbýla eru í eyði,** og mörg eru í eigu dánarbúa eða margra eigenda, sem bendir til **óskýrrar nýtingar og veikrar yfirsýnar.**
- **Flokkun landbúnaðarlands sýnir að:**
  - o um 486 þúsund hektarar teljast gott eða mjög gott ræktunarland
  - o aðeins um 90 þúsund hektarar eru nýttir til ræktunar
- **Skortur er á samræmdum upplýsingum** um nýtingu, stærð og staðsetningu ræktanlegs lands, sem torveldar stefnumótun um fæðuöryggi og landvernd.
- **Í samanburði við önnur lönd:**
  - o Danmörk, Noregur og Svíþjóð beita **virkari stjórntækjum** (leyfiskerfi, búsetu- eða ábúðarskylda, takmarkanir á sameign o.fl.)
  - o Noregur er með **eitt strangasta kerfið,** með leyfisskyldu og áherslu á búsetu og virka nýtingu
  - o Bretland er með **frjálslegra kerfi,** þó með auknu gagnsæi
- Ísland hefur **svigrúm innan EES-reglna til að herða reglur,** ef þær byggja á almannahagsmunum og mismuna ekki eftir þjóðerni.

**Helstu tillögur höfunda**
- Takmarka eignarhald dánarbúa á lögbýlum og draga úr umfangsmikilli sameign.
- Bæta skráningu og flokkun lögbýla eftir raunverulegri notkun.
- Styrkja vernd góðs ræktunarlands.
- Endurmeta reglur um jarðasöfnun og erlent eignarhald.
- Efla gagnasöfnun og gagnsæi um eignarhald, nýtingu og skipulag landbúnaðarlands.



**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir segir eina helstu niðurstöðu skýrslunnar vera þá að ekki sé til heildstæð yfirsýn yfir nýtingu** Mynd / Kristín Bogadóttir.

Ásdís segir að þetta komi ekki alveg á óvart en kalli á frekari greiningu. Hún bendir á að í gegnum tíðina hafi lögbýli stundum verið stofnuð á smærri spildum eða lóðum sem erfitt sé að tengja við hefðbundinn búskap.

„Maður saknar þess mjög að geta ekki skoðað staðsetningu, landstærðir og fleiri þætti til að átta sig betur á landslaginu,“ segir hún.

Lögbýlaskráin geymi einungis nöfn jarða og eigenda en gefi ekki upplýsingar um stærð, staðsetningu eða nýtingu lands.

### Skortur á heildarsýn um landnýtingu

Ein helsta niðurstaða skýrslunnar er að ekki sé til heildstæð yfirsýn yfir nýtingu ræktarlands á Íslandi. Þó liggi fyrir nýleg flokkun sem sýni að gott og mjög gott ræktarland sé um 486.000 hektarar en landgreiðslur séu aðeins greiddar til ræktunar á um 90.000 hekturum.

„Við teljum okkur geta sagt að það sé í rauninni ekki vitað hversu mikið af þessu góða ræktarlandi er nýtt,“ segir Ásdís.

Hún bendir á að mikilvægar upplýsingar liggi nú fyrir í mismunandi gagnagrunnum en þær séu ekki tengdar saman. „Við þurfum að geta lesið þessi gögn saman til að átta okkur á stöðunni.“

Skortur á slíkri samkeyrslu valdi því að erfitt sé að meta bæði núverandi og mögulega nýtingu lands, til dæmis þegar land skiptist í margar litlar eignir.

### Óvissa um tap ræktarlands

Ásdís segir einnig að ekki liggi fyrir hversu mikið ræktarland hafi farið varanlega undir aðra landnotkun.

„Skipulagsákvarðanir síðustu áratuga hafa verið teknar á grundvelli ófullkominna upplýsinga,“ segir hún, þar sem samræmd kortlagning ræktarlands sé tiltölulega ný.

Þetta geti haft áhrif á stefnumótun til lengri tíma, meðal annars um vernd ræktarlands og fæðuöryggi.

### Erlent eignarhald minna en talið hafði verið

Í skýrslunni kemur fram að erlent eignarhald á lögbýlum virðist ekki eins umfangsmikið og oft hefur verið talið í opinberri umræðu.

Ásdís segir þó að niðurstöður verði að skoða með varúð þar sem erfitt sé að greina eignarhald nákvæmlega úr fyrirliggjandi gögnum. Hún bendir jafnframt á að ný ákvæði í jarðalögum frá árinu 2020 takmarki uppsöfnun jarða.

„Það er komið inn regluverk til að taka á þessu mögulega vandamáli,“ segir hún.

### Fjölmennt eignarhald og dánarbú

Skýrslan sýnir jafnframt að hundruð jarða eru í eigu dánarbúa eða fjölmargra eigenda. Um 600 lögbýli eru í eigu dánarbúa og yfir 500 í eigu fimm eða fleiri aðila.

Ásdís segir þetta geta leitt til óvirkrar nýtingar.

„Ef margar jarðir eru í eigu dánarbúa eða í mjög fjölmennu eignarhaldi, er mjög líklegt að þær séu ekki í virkri nýtingu,“ segir hún.

Í sumum nágrannalöndum séu til reglur sem takmarki slíkt eignarhald og Ásdís segir tilefni til að skoða slíkar leiðir hér á landi.

### Veikara regluverk en víða annars staðar

Við samanburð við önnur Norðurlönd, Bretland og reglur Evrópusambandsins kemur fram að færri kvaðir séu hér á landi um nýtingu landbúnaðarlands.

Ásdís bendir á að víða séu gerðar kröfur um búsetu eða nýtingu lands en slíkt sé ekki almennt í gildi hér. Þá séu ákvæði um vernd ræktarlands oft skýrari erlendis.

Hún segir að finna verði jafnvægi milli eignarréttar og almannahagsmuna.

„Þetta er alltaf jafnvægislist, að hamla ekki of mikið en um leið gæta að langtímahagsmunum,“ segir hún.

### Tækifæri í ríkisjörðum

Skýrslan bendir einnig á tækifæri í nýtingu lands sem er í eigu ríkisins. Hundruð jarða eru í eigu ríkisins en aðeins hluti þeirra í ábúð.

„Þetta eru talsvert margar jarðir víðs vegar um land og margvísleg tækifæri felast í þeim.“

Ásdís telur að skortur á gögnum endurspegli að hluta viðhorf til landsins.

„Maður verður var við það viðhorf að land sé ekki takmörkuð auðlind,“ segir hún.

Hún bendir einnig á að veik hefð sé fyrir samræmdri skráningu og miðlun gagna í stjórnsýslunni. „Við höfum ekki þessa yfirsýn af því að gögnin hafa ekki verið skráð og haldið saman.“

### Kallað eftir betri gögnum og endurskoðun laga

Í lok skýrslunnar leggja höfundar til margvíslegar úrbætur. Þar vegur þungt að bæta skráningu og gera mögulegt að tengja saman gagnagrunna um land, eignarhald og nýtingu.

„Það er algjörlega nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að hafa þessa yfirsýn til að taka upplýstar ákvarðanir,“ segir Ásdís.

Jafnframt er lagt til að lagaramminn verði endurskoðaður, meðal annars með hliðsjón af reglum í nágrannalöndum.



## Lýðheilsa:

# Neytendur velja frekar gott en hollt

**Nýtt norrænt samstarfsnet hefur það markmið að auka hlutfall jurtafæðis á matardisknum.**

Norrænar ráðleggingar um mataræði styðja aukna áherslu á jurtafæði, en leiðbeiningar einar og sér breyta ekki matarvenjum. Nordic Gastronomy and Sensory Network skoðar áhrifaþætti og stefnir að greiningu og mögulegum lausnum.

### Hlutlægt skynmat notað

Nordic Gastronomy and Sensory Network (NGSN) er tveggja ára norrænt verkefni sem var ýtt úr vör samhliða ráðstefnu um skynmat og neytendur í Helsinki í lok apríl. Markmið þess er að styðja við sjálfbær matvælakerfi og bætta lýðheilsu. Verkefnið er leitt af Háskólanum í Helsinki.

15 sérfræðingar frá Norðurlöndunum á sviði skynmats, matargerðarlistar, næringar- og matvælafræði, tækni og fleiri greinum hittust á stofnfundinum og greindu áskoranir tengdar aukinni áherslu á sjálfbærari próteingjafa. Skynmat er vísindagrein sem notuð er til að meta skynræna eiginleika og hægt að nýta til að túlka upplifun neytenda. Matið er ekki huglægt heldur hlutlæg aðferð þar sem sérþjálfaðir aðilar meta eiginleika fæðu með skilningarvitunum. Kolbrún Sveinsdóttir er verkefnisstjóri hjá Matís og tekur þátt í verkefninu fyrir Íslands hönd. Hún segir að fólk sem sinni skynmati þurfi að hafa til að bera ákveðna eiginleika og næmi og gott vald á að lýsa því sem það upplifir á hlutlægan hátt. Slík greining komi að gagni í verkefninu.

### Bragð og upplifun mikilvæg

Kolbrún segir að meðal þess sem hafi verið rætt á fyrsta fundi hópsins í Helsinki var upplifun fólks af því að borða jurtafæði, „hún virðist hafa mikil áhrif á val fólks á fæðu“. Hún segir að einnig komi til smekkur, hátt verðlag, menningarbundin viðhorf og rangfærslur á samfélagsmiðlum. Kolbrún segir að einnig hafi komið fram á fundinum að hugmyndir og umtal fólks um hátt vöruverð á til að mynda grænmeti og ávöxtum hafi líka áhrif. Það sé þó ekki alltaf í takti við eiginlegt verðlag.

Ljóst er að fólk fylgir ekki næringarráðleggingum sem gefnar eru út á Norðurlöndunum og byggja á vísindalegum rannsóknum. Þær eru



Kolbrún Sveinsdóttir.

endurskoðaðar reglulega og taka tillit til lýðheilsu fyrst og fremst, en nú er einnig byrjað að horfa til umhverfissjónarmiða.

Athuganir hafa sýnt með skýrum hætti að neysla á mat úr jurtaríkinu er of lítil miðað við næringarráðleggingarnar eins og sagt var frá í blaðinu í mars síðastliðnum.

### Opinber stuðningur minni

Kolbrún segir opinberan stuðning við grænmetisframleiðslu almennt minni á Norðurlöndunum en við kjötframleiðslu. „Ég veit ekki hvort kemur á undan, hænan eða eggið, aukin kaup neytenda eða aukin framleiðsla.“ Hún segir að niðurstöður verkefnisins gætu haft áhrif á áherslur og stefnu stjórnvalda í stuðningi við matvælaframleiðendur og stefnu ríkis og sveitarfélaga í matarinnkaupum.

Ákall þátttökuþjóða verkefnisins um aukinn stuðning við garðyrkjubændur rímar við ummæli Axels Sæland, formanns garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, í viðtali í blaðinu í maí 2025 um aukna sjálfbærni í garðyrkjuframleiðslu þar sem hann segir mikilvægt að búnir verði til „alvöru framleiðsluhvatar í gegnum stuðningskerfið svo raunhæft verði að auka hlutfall af innlendum garðyrkjuafurðum á markaði“.

Í verkefninu er tekið tillit til næringarráðlegginganna og staðbundinnar framleiðslu. Vonir standa til að verkefnið verði liður í að hvetja til aukinnar framleiðslu á mat úr jurtaríkinu, vöruþróunar nýrra afurða og aukinnar neyslu jurtaafurða.

Hópurinn hyggst miðla ríkulega af upplýsingum úr ferlinu og þegar hafa ýmsar lausnir verið nefndar, aukin fræðsla um matvæli og veigameira hlutverk matargerðarlistar. */eks*



Akur úðaður með plöntuvarnarefnum. Mynd / Pixabay

## Matvælaeftirlit:

# Umfang glýfosatnotkunar á Íslandi

**Bændur þurfa að hafa annað en eigin orð fyrir gæðum framleiðslu sinnar, segir garðyrkjuráðunautur.**

Herferð gegn glýfosatnotkun í kornrækt stendur nú yfir á Bretlandi. Notkun glýfosats í landbúnaði á Íslandi er lítil miðað við flest Evrópulönd og miklu minni en víða í heiminum. Ástæða er þó til að vera á varðbergi.

### Bretar vilja feta í fótspor Evrópusambandsins

Evrópusambandið bannaði notkun á illgresiseyðinum glýfosat skömmu fyrir uppskeru árið 2023 þegar leyfi fyrir notkun á efninu var endurnýjað til 10 ára. Fyrir bannið var efnið mikið notað, meðal annars í kornrækt. „Það flýtir fyrir að kornið verði fullþroskað og auðveldar uppskeru þar sem plönturnar drepast“, segir á vef Matvælastofnunar um virkni glýfosats. Efnið er kerfisbundinn illgresiseyðir og sogast í gegnum blöðin og dreifist um plöntuna. Áhrifanna gætir um 10 dögum eftir úðun en hún styttir þurrkunartíma eftir uppskeru. Með þessari aðferð berst glýfosat í matvæli, aðallega brauð, morgunkorn og bjór.

Glýfosat er mest notaði illgresiseyðir í heimi og var fyrst framleiddur af stórfyrirtækinu Monsanto sem síðar var keypt af öðru stórfyrirtæki, þýska lyfja- og efnafyrirtækinu Bayer. Bretar, sem nú standa utan ESB, tóku bannið sem sett var á 2023 ekki upp og mætir sú ákvörðun mikilli mótstöðu. Soil Association hóf nýlega herferð gegn notkun á efninu og hvatningu til stjórnvalda um að banna notkun þess skömmu fyrir uppskeru. Samkvæmt upplýsingum frá Soil Association hafa glýfosat-leifar mælst í nær helmingi sýna teknum úr brauði á Bretlandi.

### Evrópureglur gilda á Íslandi

Reglur Evrópusambandsins um notkun á glýfosati gilda á Íslandi. Notendaleyfi þarf til að kaupa efnið og ber notanda að fara eftir ströngum notkunarleiðbeiningum. Samkvæmt þeim má meðal annars nota efnið sem illgresiseyði fyrir sáningu og eftir sáningu en fyrir spírun, til endurræktar á túnum, í skógrækt og jólatrjárækt. Sé ákveðin notkun ekki tiltekin heimil á notkunarleiðbeiningum sem fylgja vörunni, þá er hún óheimil.

Glýfosat er meðal annars í Roundup sem er mjög skilvirkur illgresiseyðir en hefur árum saman verið umdeildur. Í notkunarleiðbeiningum um Roundup PowerMax XXL, sem er annað tveggja efna sem innihalda glýfosat og hafa markaðsleyfi á Íslandi, segir meðal annars „forðist einhliða endurtekna notkun á Roundup PowerMax XXL eða öðrum vörum sem innihalda glýfosat“.

Efnið hefur verið mikið rannsakað og niðurstöður margra rannsókna hafa sýnt fram á skaðsemi efnisins fyrir heilsu og umhverfi. Efnið er meðal annars talið mögulegur krabbameinsvaldur af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og jarðveg. Í notkunarleiðbeiningum um Roundup PowerMax XXL er einnig tilgreint að efnið er „eitrað lífi í vatni og hefur langvinn áhrif“.

### Bændur þurfa annað en eigin orð fyrir gæðum

Íslenskar landbúnaðarvörur bera ímynd hreinleika. Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), segir „skýrslur um notkun sýna fram á að við notum aðeins brotabrot af því sem er verið að nota í öðrum löndum. Þá erum við að tala um ræktaða hektara, ekki höfðatölu. Það er miklu minni notkun plöntuvarnarefna hér en í nágrannalöndunum.“ Hann bætir við að „það skiptir máli fyrir bændur hér að geta fullyrt að innlend framleiðsla sé hrein, en þeir þurfa að hafa annað en eigin orð fyrir því“.

Mikið er notað af lífrænum vörnum í íslenskum landbúnaði og hafa garðyrkjubændur þar staðið framarlega. Notkun á plöntuvarnarefnum er misjöfn á milli býla en ógerningur er fyrir neytendur að vita hvort glýfosat eða önnur plöntuvarnarefni hafa verið notuð í ræktunarferlinu. Eina trygging neytenda fyrir því að efnið hafi ekki verið notað er að velja vörur sem bera



Helgi Jóhannesson.

lífræna vottun en glýfosat er bannað í lífrænni ræktun.

„Við flytjum líka alls konar inn sem er framleitt víða um heim, og það kemur okkur við hvernig það er gert,“ bætir Helgi við. Eftirlit skiptist á milli heilbrigðiseftirlits hvers svæðis, Vinnueftirlitsins og Umhverfis- og orkustofnunar auk Matvælaeftirlitsins sem hefur eftirlit með varnarefnaleyfum í matvælum.

Reglur gilda um hámarksgildi plöntuvarnarefna í innlendum og innfluttum matvælum. Þessu hámarki er sjaldnast náð í einstökum vörum en magn varnarefnaleyfa og samverkandi áhrif margra efna sem neytt er yfir daginn eða fólk er útsett fyrir í umhverfinu eru lítið þekkt.

### Rannsóknarverkefnið AGROSUS á lokaári

Nú stendur yfir þriggja ára langt verkefni styrkt af Evrópusambandinu þar sem umhverfisvænar og eiturefnalausar lausnir í illgresiseyðingu eru rannsakaðar. Tilraunum mun ljúka í sumar og niðurstaðna frá þátttökulöndum er að vænta á næsta ári. RML tekur þátt í verkefninu, sem heitir AGROSUS, og var sagt frá í öðru tölublaði Bændablaðsins. Tilraunareitir eru á þremur stöðum á landinu í mismunandi ræktun; káli, gulrótum, kartöflum og korni. Á reitunum eru gerðar tilraunir með að brenna illgresi með gasbrennara, herfa á milli raða og nota náttúruleg efni eins og ediksýru sem brotnar auðveldlega niður. Sumar þessara aðferða eru þegar nýttar í lífrænni ræktun en niðurstöður munu nýtast í allri ræktun. Fyrstu vísbendingar eru um góðan árangur án þess að þær komi niður á uppskeru.

Verkefnið er í anda markmiða í aðgerðaáætlun stjórnvalda frá 2016 um notkun varnarefna.

Helgi segir bændur opna fyrir breyttum aðferðum. „Margir sem rækta korn vilja sleppa því að úða, þeim líkar það ekki. Það er líka takmarkaður aðgangur að þessum efnum, þeim er að fækka og það koma ekki ný í staðinn. Það er alltaf verið að gera meiri kröfur um langtímaáhrif og áhrif á drykkjarvatn og annað slíkt. Þá verða menn að finna aðrar aðferðir til að losna við illgresið sem ekki hættir að vaxa. Bændur yrðu fegnastir því ef við losnuðum við að úða með illgresiseyðum.“ */eks*






**Ford Ranger Wildtrack** '20, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 107 þús.km. **Verð:** 7.390.000 kr.
**Áhk:** 6,56% **Mánaðarafborgun:** 72.058 kr.




**Rexton Adventure** '22, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 44 þús.km. **Verð:** 7.990.000 kr.
**Áhk:** 6.54% **Mánaðarafborgun:** 77.874 kr.




**Rexton DLX** '19, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 116 þús.km. **Verð:** 5.750.000 kr.
**Áhk:** 6.63% **Mánaðarafborgun:** 56.163 kr.




**Korando** '18, 4x4, dísel sjálfskiptur, ekinn 157 þús.km. **Verð:** 1.490.000 kr.
**Áhk:** 7.70% **Mánaðarafborgun:** 14.905 kr.




**KGM Torres EVX Ultimate** '24, rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 11 þús.km. **Verð:** 5.690.000 kr.
**Áhk:** 6,00% **Mánaðarafborgun:** 54.778 kr.




**Toyota Yaris** '21, bensín/rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 95 þús.km. **Verð:** 2.590.000 kr.
**Áhk:** 6,41% **Mánaðarafborgun:** 25.169 kr.




**Peugeot 508** '19, dísel, sjálfskiptur, ekinn 89 þús.km. **Verð:** 2.690.000 kr.
**Áhk:** 7,02% **Mánaðarafborgun:** 26.504 kr.




**Audi SQ5 TDI** '15, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 189 þús.km. **Verð:** 4.850.000 kr.
**Áhk:** 6,70% **Mánaðarafborgun:** 47.440 kr.

# Bílabúð Benna

## keyrir niður vextina

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.




**50% óverðtryggt lán til fimm ára á aðeins 4,9% breytilegum vöxtum!**

Bílabúð Benna býður nú sérstök fjármögnunarkjör á völdum notuðum bílum í samstarfi við Lykill fjármögnun. Í boði eru 4,9% vextir við 50% fjármögnun til 5 ára, sem er umtalsvert hagstæðara en almennt gerist á markaðnum í dag.

Tilboðið gildir á völdum notum bílum í takmarkaðan tíma.

**Aðrir lánamöguleikar í boði á góðum kjörum.**




**BMW I4 Edrive35 M-Sport** '23, rafmagn, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 19 þús.km. **Verð:** 8.990.000 kr.
**Áhk:** 5,87% **Mánaðarafborgun:** 86.279 kr.




**BMW 2 225XE iPerformance** '18, 4x4, sjálfsk. bensín/rafm., ekinn 141 þús.km. **Verð:** 2.250.000 kr.
**Áhk:** 6,57% **Mánaðarafborgun:** 21.943 kr.




**Porsche Cayenne E-Hybrid** '18, 4x4, sjálfsk. bensín/rafm., ekinn 55 þús.km. **Verð:** 10.950.000 kr.
**Áhk:**5,83% **Mánaðarafborgun:** 105.018 kr.




**Toyota Corolla TS Active** '21, bensín/rafm., sjálfsk., ekinn 105 þús.km. **Verð:** 3.390.000 kr.
**Áhk:** 6,87% **Mánaðarafborgun:** 33.778 kr.




**Toyota C-HR** '21, bensín/rafm., sjálfsk., ekinn 110 þús.km. **Verð:** 2.990.000 kr.
**Áhk:** 6,95% **Mánaðarafborgun:** 29.412 kr.




**Audi E-Tron Sportback 50** '22, 4x4, rafm., sjálfskiptur, ekinn 46 þús.km. **Verð:** 6.890.000 kr.
**Áhk:** 6,58% **Mánaðarafborgun:** 67.212 kr.




**Land Rover Discovyer Sport SE** '18, dísel, sjálfs., ekinn 85 þús.km. **Verð:** 4.390.000 kr.
**Áhk:** 6,74% **Mánaðarafborgun:** 42.981 kr.




**Toyota Aygo** '19, bensín, beinskiptur, ekinn 72 þús. km. **Verð:** 1.290.000 kr.
**Áhk:** 7,81% **Mánaðarafborgun:** 12.934kr.




**Volvo XC60 T8 TE Inscription** '18, 4x4, bensín/rafm., sjálfsiptur, ekinn 91 þús.km. **Verð:** 4.990.000 kr.
**Áhk:** 6,69% **Mánaðarafborgun:** 48.796 kr.




**Opel Vivaro L1H1 50KWH** '21, rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 31 þús. km. **Verð:** 2.790.000 kr.
**Áhk:** 6,99% **Mánaðarafborgun:** 27.473 kr.




**Opel Grandland X** '21, bensín/rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 69 þús. km. **Verð:** 3.190.000 kr.
**Áhk:** 6,91% **Mánaðarafborgun:** 31.350 kr.




**Nissan Leaf 62KWH** '22, rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 60 þús. km. **Verð:** 2.850.000 kr.
**Áhk:** 6,34% **Mánaðarafborgun:** 27.652 kr.

Lánveitandi er Lykill. Við höfuðstól lánsis bætist við lántökugjald skv. verðskrá Lykils. Einnig bætist við umsýslugjald söluaðila og þinglýsingargjald 16.500 kr.

**Meira úrval á**
notadir.benni.is

**Bílabúð Benna Notaðir bílar** | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035
**Opið** | Virka daga kl. 9-17 | Laugardag kl. 12-16

Bílabúð Benna
Notaðir bílar

# Frumsköpun er undirstaða allrar nýsköpunar, ein undirstaða samfélags



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Seyðisfjarðarkaupstaður er þekktur fyrir skapandi samfélag lista og menningar sem laðar að sér gesti og gangandi árið um kring. Mynd / Wikipedia

**Jóna Hlíf Halldórsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna, segir menningu og listir vera mikilvæga atvinnugrein í íslensku samfélagi sem þurfi að njóta sömu virðingar og stuðnings og aðrar grundvallaratvinnugreinar landsins.**

Bandalagið er samstarfsvettvangur fagfélaga listamanna á Íslandi, en innan vébanda þess eru 16 fagfélög listgreina og BÍL því sameiginlegur vettvangur og rödd listafólks gagnvart stjórnvöldum og samfélaginu. BÍL er jafnframt ráðgjafi bæði ríkisins og Reykjavíkurborgar í málefnum lista og menningar og fagnar 100 ára afmæli sínu árið 2028.

Jóna segir mikilvægt að horfa á listir og menningu sem eina af sterkustu grunnstoðum samfélagsins og órjúfanlegan hluta af innviðum landsins. Jafnframt séu þær öflug atvinnugrein sem eigi skilið virðingu til jafns við aðrar lykilatvinnugreinar þjóðarinnar, svo sem ferðaþjónustu og sjávarútveg. Á tímum þar sem sífellt fleiri upplifa einmanaleika og kvíða skiptir miklu máli að hlúa að því sem tengir fólk saman. Þar gegna listir og menning lykilhlutverki.

Á landsbyggðinni eru áhrifin jafnframt víðtæk, því öflugt menningarlíf gerir byggðir eftirsóknarverðari til búsetu, styður við atvinnulíf og styrkir samfélög til lengri tíma.

„Menning er ekki aðeins afurð samfélagsins – heldur einnig ein af forsendum þess að það dafni. Ef bæta á innviði lista og menningar um land allt þarf aukið samstarf og samtal milli ríkis, sveitarfélaga og listafólks," segir Jóna. Hún bendir á að áhugavert er hversu jákvæð viðhorf til lista og menningar virðast vera víða um land.

„Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna sendi BÍL spurningalista til oddvita og framboða um allt land til að kanna áherslur þeirra í menningarmálum og hvernig þau hygðust styðja við uppbyggingu menningarinnviða í sínum sveitarfélögum. Okkur bárust um 50 svör.

Við spurðum meðal annars um menningarstefnur sveitarfélaga, menningarráð, aðstöðu fyrir listafólk, tónlistar- og listnám, menningarstyrki og hvort tryggt yrði að listamenn fengju sanngjarna greiðslu fyrir vinnu sína. Það sem kom mér kannski mest á óvart var hversu víðtækur stuðningur virtist vera við listir og menningu sem mikilvægan þátt í samfélagsuppbyggingu og byggðaþróun," segir hún.

### Skapandi greinar 3,5% af landsframleiðslu árið 2022

Jóna bendir á að skapandi greinar séu þegar orðnar mikilvæg atvinnugrein á Íslandi. Samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir menningar- og viðskiptaráðuneytið nam framlag þeirra um 3,5% af landsframleiðslu




Jóna Hlíf Halldórsdótttir.

árið 2022, eða um 150 milljörðum króna.

„Það verður áhugavert að fylgjast með því hvort sá stuðningur við listir og menningu sem birtist í svörunum skili sér í aðgerðum. Við vonumst til að sveitarfélögin standi við stóru orðin og fylgi þeim eftir með raunverulegri uppbyggingu menningarinnviða, auknu rými fyrir listsköpun og faglegri umgjörð um menningarmál. Það á ekki síst við um Akureyri, sem er stærsta sveitarfélag utan höfuðborgarsvæðisins og höfuðborg Norðurlands, þar sem eðlilegt væri að faglegt menningarráð hefði skýrt hlutverk í stefnumótun og þróun menningarmála."

Jóna Hlíf segist þó hafa áhyggjur af stöðu menningarlífsins víða á landsbyggðinni.

„Ég hef áhyggjur af því að grasrót menningarlífsins fari víða dvínandi og þær áhyggjur eiga ekki síst við um þá þróun sem við sjáum á Akureyri. Það er einmitt í grasrótinni sem frumsköpunin verður til, en hún er undirstaða allrar nýsköpunar.

Menningarlíf byggist ekki eingöngu á menningarstofnunum heldur einnig á listafólki, félagasamtökum og listamannareknum rýmum, þar sem ný verk, nýjar hugmyndir og ný tækifæri verða til. Það þarf að fjárfesta í listmenntun, aðstöðu og rýmum fyrir listsköpun og skapa listafólki fjárhagslegt svigrúm til að verja tíma sínum til sköpunar. Listafólk þarf jafnframt að geta ferðast á milli landshluta, sýnt verk sín og tekið þátt í menningarlífi um allt land.

> Menning er ekki aðeins afurð samfélagsins – heldur einnig ein af forsendum þess að það dafni. Ef bæta á innviði lista og menningar um land allt þarf aukið samstarf og samtal milli ríkis, sveitarfélaga og listafólks ...

Ef við ætlum að byggja upp öflugt menningarlíf á landsbyggðinni þurfum við líka að fjárfesta í þeim tengingum."

### Skapandi Austurland

Hún bendir jafnframt á mikilvægi þeirra opinberu stuðningskerfa sem standa undir menningarstarfi á landsbyggðinni, þar á meðal uppbyggingarsjóða landshlutanna. Sjóðirnir voru settir á laggirnar árið 2015 sem hluti af sóknaráætlunum landshluta og hafa síðan verið mikilvægur bakhjarl fjölmargra menningarverkefna, listahátíða og skapandi verkefna um allt land.

Sveitarfélög og landshlutasamtök hafi hins vegar ítrekað kallað eftir auknum framlögum til sjóðanna og bent á að fjárveitingar hafi ekki fylgt verðlagsþróun síðustu ára. Því hafi raunvirði sjóðanna rýrnað á sama tíma og kostnaður við menningarstarfsemi og verkefnauppbyggingu hefur hækkað. Að mati margra er nauðsynlegt að styrkja þessa sjóði ef tryggja á áframhaldandi uppbyggingu lista og menningar sem lykilþáttar í byggðaþróun og samfélagsuppbyggingu um land allt.

„Það gerist ekkert af sjálfu sér. Til að byggja upp öflugt menningarlíf þarf sameiginlega sýn og samtal milli þeirra sem móta stefnuna, fjármagna verkefnin og þeirra sem starfa í listum og menningu. Þess vegna er sérstaklega ánægjulegt að þegar þessi grein birtist, stendur yfir ráðstefnan Skapandi Austurland, þar sem listafólk, sveitarfélög, stjórnvöld og fagfólk úr skapandi greinum koma saman til að ræða stöðu og framtíð lista og menningar á landsbyggðinni," segir Jóna.

„Austurland hefur á margan hátt sýnt hvað hægt er að gera með markvissri uppbyggingu og faglegu starfi. Þar hefur tekist að skapa öflugt vistkerfi fyrir listir og menningu sem hefur haft jákvæð áhrif langt út fyrir menningarlífið sjálft. Seyðisfjörður er þar gott dæmi. Bærinn laðar að sér bæði ferðamenn og heimafólk ekki eingöngu vegna stórbrotinnar náttúru heldur einnig vegna öflugs og eftirsóknarverðs menningarlífs.

Menning er ekki bara afleiðing af blómlegu samfélagi heldur ein forsenda þess að samfélög geti vaxið, dafnað og orðið eftirsóknarverðir staðir til búsetu," lýkur Jóna máli sínu.




Merkið sem tryggir að þú fáir
íslenskt þegar þú velur íslenskt
ÍSLENSKT
STAÐFEST
Kíktu eftir
merkinu!
www.stadfest.is

# Milli þessa heims og annars

## – listamaðurinn Jóhann Sigurfinnur Vilhjálmsson sóttur heim




**Sigrún Pétursdóttir**
sigrunpeturs@bondi.is




Mynd í vinnslu. Djúpbláir tónar vitna í verk ítölsku listakonunnar Irmu Blank.



Bræðurnir Jóhann og Pétur á góðri stundu fyrir nokkrum árum. Pétur lést úr krabbameini árið 2017 en þykir Jóhanni hann stundum vita af Pidda bróður nálægt sér.

**Árið 1950 fæddist í Reykjavíkinni drengur sem vart var hugað líf, en nefndur Jóhann Sigurfinnur. Það kom föður hans nokkuð á óvart því snáðinn átti að heita Guðmundur Ari, en um hraðskírn var að ræða og þótti móður hans hún skynja Jóhann, föðurbróður hans heitinn, við skírnarfontinn.**

Nýskírði drengurinn var yngstur fjögurra systkina, tíu árum yngri en elsta systkinið, hann Pétur. Systur hans, Sigríður og Jóhanna, voru átta og sex árum yngri og má segja að Jóhann, eða Jói eins og hann var gjarnan kallaður, ælist upp við frelsi til að vera hann sjálfur og upplifa heiminn.

„Ég man það að ég lék mér við álfana," segir Jói, „þegar ég heimsótti Jóhönnu ömmu mína og Pétur afa í sveitinni á Ökrum í Stykkishólmi. Afi hafði sléttað óræktað svæði uppi við klettana og mýrarsundin, með gríðarlegri handavinnu og byggði þar nýtt hús, en heimilið og nýræktina kölluðu þau Akra. Þetta er þar sem Silfurgatan er núna. Nú, ég lék mér við álfana þarna í klettabeltinu aftan við bæinn. Svo tíndi ég jurtir fyrir ömmu en hún gerði sér gjarnan te úr blóðbergi, ljónslappa og gulmöðru og drakk á kvöldin. Seinna komst ég að því að þetta hefur hún drukkið við kvíða, en þarna er um róandi jurtir að ræða. Afi minn í föðurætt var ekki síður kunnugur grösum," segir Jói, „en afi hans, Guðmundur Ari Gíslason Kaldbak, var síðasti hómópatinn á Íslandi með konungsstimpil."

Foreldrar Jóhanns, Ásgerður Ágústa og Vilhjálmur, voru vel stæð og ævintýralegur blær á frásögn Jóhanns um hina ýmsu atburði æskunnar sem gaman er að hlýða á. Foreldrar hans voru jarðbundnir hvort á sinn hátt en þó var næmnin fyrir hinu ósýnilega og ósjálfráða alltaf nálæg.

### Frelsi til að vera til

„Mamma bjó yfir því að skynja ýmislegt sem aðrir gerðu ekki og okkur á heimilinu þótti eðlilegt – en sjálfur lokaði ég fyrir allt slíkt um 13, 14 ára aldur," segir Jói sem nefnir að annars hafi nú reyndar uppeldi hans verið af örlítið öðrum toga en systkina hans.

„Það er nú þannig að ég fæðist þarna nokkru á eftir systkinum mínum sem fengu mikinn aga í uppeldinu og urðu að vera farin að heiman sextán ára – en þegar ég kem í heiminn var stefna dr. Benjamin Spock í mikilli tísku. Hún gengur út á það að sérhverjum einstaklingi skyldi fremur veita ást en aga og foreldrar ættu frekar að fylgja eigin brjóstviti en ströngum reglum." Þetta tókst ágætlega fannst foreldrunum Jóhanns þó sjálfur minnist hann þess hvorki að hafa verið skammaður né leiðbeint að nokkru leyti. Heldur hafi hann stormað um gangana í Hagaskóla með fulla vasa fjár, eina systkinið sem fékk vasapeninga án þess að vinna fyrir þeim og tekið svo til við að stofna fjölskyldu rétt eftir gagnfræðaprófið.

„Þetta gekk nú ágætlega heilt yfir þó börnin mín sum séu að verða komin á sjötugsaldur," segir hann og hristir höfuðið hlæjandi, enda vart eldri að sjá en sextugur sjálfur. Jóhann starfaði sem pípari alla tíð til að sjá fyrir salti í grautinn en faðir hans var einn stofnenda Vatnsvirkjans. Veikindi settu strik í reikninginn fyrir um fimmtán árum svo hann lét af störfum, en gat á móti farið að einbeita sér að sinni dýpstu löngun.

### Listin er lífsins þráður

„Það blundaði í mér listamaðurinn, alveg frá því ég man eftir mér. Þráin til að skapa blundaði í okkur bræðrum báðum enda Piddi bróðir (Pétur) næmur og listrænn og óþreytandi við að leiðbeina mér, litla bróður sínum, þegar kom að því að strjúka pensli við blað."

Listin hefur verið þráður Jóhanns gegnum lífið, hvort heldur meðvitað eða ómeðvitað. Fyrir þónokkrum árum á ferðum sínum um heiminn hreifst hann af málmstyttu nokkurri og hafði með sér heim. Hún stendur til móts við útidyr heimilisins og býður gesti velkomna opnum örmum, en uppruni hennar á einkar vel við heimili Jóa og ýtir undir hið ómeðvitaða. Seinna kom í ljós að þarna væri um að ræða styttu af Seshat, hinni egypsku gyðju ritlistarinnar, en hún heldur á penna við munninn, sem táknar flæðið þegar hugsun verður að rituðu máli.

Þessi forna gyðja á því í raun djúpa samleið með listsköpun hans, en Jóhann sérhæfir sig í svokölluðum ósértækum skriftarstíl (asemic writing). Það er listform þar sem verkin minna á handrit, en hafa enga málfræðilega merkingu. Formið sjálft, línurnar og krafturinn í pensilskriftinni verða að sjónrænni ljóðlínu ef svo má segja.

### Heillandi andstæður

Jói hefur vakið mikla athygli fyrir verk sín en aðdragandinn að kynningu hans á heimsvísu er ævintýri líkastur. Það vildi þannig til að dr. Sheldon Hurst, sýningarstjóri ArtReach Gallery í borginni Portland, Oregonríki Bandaríkjanna, uppgötvaði listamanninn Jóhann Sigurfinn á samfélagsmiðlinum Instagram. Sheldon heillaðist svo af list Jóhanns að hann gekk í að haldin yrði einkasýning í Portland auk þess sem galleríið stóð fyrir útgáfu bókar um verkin. Þessi alþjóðlegi árangur fylgdi Jóa heim yfir hafið, en árið 2023, hélt hann stóra einkasýningu í Hafnarborg í Hafnarfirði sem bar heitið Ritaðar myndir – svo eitthvað sé nefnt.

Í vinnustofunni þessa stundina vinnur hann að seríu verka í djúpum bláum tón, með ítölsku listakonuna Irmu Blank í huga, einu áhrifamestu listakonu samtímans á sviði asemic writing. Irma, sem nú er látin, varð heimsþekkt fyrir bláar málverkaraðir sínar þar sem hún dró fínlegar, samfelldar línur á striga – línur sem hún málaði í einum andardrætti og kölluðu fram lit bleksins, endanleikans og hins frjálsa flæðis sem einkennir asemic writing.

Það búa heillandi andstæður í listamanninum Jóhanni. Í daglegu lífi er hann mikill sögumaður og miðlar sögum af ríkri ástríðu. En um leið og hann sest við strigann breytist flæðið. Þar tekur við algjör kyrrð og ósagt mál. Þessi andstæða tengir hann sterkt við listakonuna Irmu Blank, en hún lýsti verkum sínum einmitt sem „þögulum köflum". Þar sem talaða orðinu sleppir hjá Jóhanni, tekur þögn strigans við, þar sem línurnar tala sínu eigin dularfulla máli.




Undir vökulu auga Seshat hættir skriftin að vera tæki til að lesa. Hún frelsast frá fastmótaðri merkingu orðanna og verður að hreinu listformi á striga.

### Meistaraverk listasögunnar

Jói lætur sig ýmislegt varða og segir frá þegar á vegi hans varð hópur kvenna sem sátu og fussuðu yfir myndinni af Monu Lisu. Þær skildu ekkert í því aðdráttarafli sem myndin átti að standa fyrir og var þeim algerlega ósýnilegt. Jói, sem átti leið fram hjá, gat ekki stillt sig heldur las yfir hausamótunum á kerlingunum. Kurteislega þó. „Þetta var með ólíkindum," segir Jói. „Ég sagði sisvona, þið verðið að átta ykkur á að Da Vinci fer að heiman ungur að árum – og hvers sakna ungir drengir mest? Mömmu sinnar. Þannig hann var að mála þrá sína og söknuð eftir móðurástinni sem hann missti of snemma. Þetta kemur einnig fram í fleiri verkum eftir hann. Sitjið nú hér og íhugið þetta!"

En – þessi saga Jóhanns gefur nokkra innsýn inn í hans persónulegu útfærslu á listinni sem lútir nákvæmlega sama algilda lögmálinu og meistaraverk listasögunnar – brú á milli hins innra lífs og hins ytra forms. Og að lokum er vitnað í falleg orð Jóns Proppé: „Að njóta verka Jóhanns er eins og að njóta landslagsmyndar eftir Kjarval án þess að hafa áhyggjur af hvað fjallið heitir."


BÆNDAGEÐ
Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is




# ÍAV

## TÆKI, BÚNAÐUR OG BYGGINGAREFNI TIL SÖLU

***Íslenskir aðalverktakar hf. óska eftir tilboðum***



**STAÐSETNING:** Ásenda Ferjutröð 2060, 232 Reykjanesbæ.

**Í boði:** Vinnubúðir, dokabitar og dokaplötur, loftastoðir, undirsláttarturnar, plasteinangrun, steinull, stálgrindarskemma (450 m²), vinnupallar, pípulagnaefni, plaströr, stálrör, stálbitar, röraeinangrun, tvöfalt gler, álhurðir, skrifstofuhúsgögn og margt fleira.

**Heimilt er að gera tilboð í einstaka hluti.** Áhugasömum er velkomið að skoða búnaðinn á staðnum. Hafið samband fyrirfram.

**FYRIRSPURNIR OG TILBOÐ:**
Grétar: gretarg@iav.is    Ómar: omaro@iav.is



Bjart var yfir fólki og fénaði, Hjörleifur með eitt af lömbum sínum ofan við fjárhúsið í Laugasteini og að baki sést fjallið Stóllinn. Myndir / khk

> Að vera með kindur er alveg dásamlegt og þetta gefur mér óskaplega mikið, sérstaklega í sauðburðinum og í kringum göngur ...

# Hans og Gréta breyttu hegðun hjarðarinnar



Kristín Heiða Kristinsdóttir
khkkristin@gmail.com

Óhætt er að segja að Svarfaðardalurinn hafi skartað sínu fegursta um hvítasunnuhelgina þegar rennt var í hlað í Laugasteini, bænum fyrir ofan kirkjustaðinn Tjörn, en þar búa sumarlangt hjónin Íris Ólöf Sigurjónsdóttir textíllistakona og Hjörleifur Hjartarson lífskúnstner, rithöfundur, hagyrðingur, söngmaður, Hundur í óskilum og já, líka sauðfjárbóndi. Hjörleifur tekur á móti blaðamanni sultuslakur eftir sundferð, í stuttbuxum og með hatt á höfði. Við göngum beint til fjárhúss sem er áfast íbúðarhúsinu fallega þeirra hjóna.

„Ég keypti þessa eign af frænda mínum, Ármanni Gunnarssyni, sem er mikill hestamaður, hann byggði íbúðarhúsið og hesthúsið sem ég endurinnréttaði að hluta fyrir kindur þegar við fluttum hingað. Það er innangengt úr íbúðarhúsinu í fjárhúsið, svo þetta er eins þægilegt og hægt er að hafa það, ég get skottast þangað á inniskónum," segir Hjörleifur en bætir við að fjárstofninn sé ekki stór, aðeins um tuttugu ær.

„Enda komast ekki fleiri fyrir hér á garða. Við eigum þetta fé saman bræðurnir, ég og Kristján bróðir minn, sem býr á Tjörn, hér rétt fyrir neðan. Hann sér um að gefa fénu yfir veturinn, þegar við Íris höfum vetursetu í Reykjavík. Þetta er útifé, gengur úti allan veturinn við opið hús," segir Hjörleifur sem ólst upp á blönduðu búi á æskuheimili sínu á Tjörn.

„Þar var alla tíð bæði kúabú og fjárbú, en ég hef haldið fé mér til gamans frá því við fluttum hingað að Laugasteini fyrir tuttugu og níu árum. Þá keypti ég lömb að vestan, úr Reykhólasveit, sem kom til af því að kunningi minn á Dalvík var að vestan, Halldór Guðmundsson. Foreldrar hans áttu lítið býli í Reykhólasveit og þau seldu mér tíu gimbrar, en ég hef keypt hrúta austan úr Þistilfirði og Öxarfirði til kynbóta."

### Ekki hægt annað en vera með kindur hér

Hjörleifur segir að þau Íris hafi lengi vel búið allt árið í Laugasteini, en undanfarinn áratug hafi þau haft vetursetu í Reykjavík þar sem þau sinna störfum sínum á sviði lista og menningar.

„Þá gaf ég Kristjáni bróður mínum helminginn af fénu, með því skilyrði að hann sæi um gegningar á vetrum, en ég kem alltaf fyrsta maí og sé um að vaka yfir sauðburðinum og bý hér þar til eftir smalamennskur og slátrun að hausti. Ég slátraði heima til að byrja með en er hættur að nenna því, við sendum núorðið allt í sláturhús."

Hjörleifur segir þá bræður alltaf hafa verið með hvítt fé og hyrnt og að það hafi lengi verið óþægilega styggt, en með tilkomu heimalninga sem látnir voru lifa, þá hafi það lagast til muna, en þau heita Hans og Gréta.

„Hans og Gréta hafa algerlega breytt kúltúrnum í fjárhópnum, nú eru ærnar allar brauðgæfar. Þau systkinin vöndu þær af styggðinni, enda mannelsk eins og heimalninga er siður, en þau ólust upp sem slík á Tjörn og krakkarnir máttu alls ekki til þess hugsa að slátra þessum vinum sínum, svo hrúturinn var geltur og gerður að sauð. Hans er mikið gæludýr og góð fyrirmynd fyrir kindahópinn, hann hefur sýnt þeim fram á að við mannfólkið erum ekki svo hættuleg og algerlega breytt hegðun hjarðarinnar."



Tjarnarbræður við Kóngsstaði á leið í göngur 2003. F.v.: Kristján, Árni, Þórarinn og Hjörleifur. Mynd / hagí

### Vísur um Kristján bróður

Þessar vísur orti Hjörleifur um Kristján bróður sinn þegar hann bjó í Danmörku í nokkur ár og missti af ófáum göngum fyrir vikið. Í bókinni Krosshólshlátur segir: Í september ár hvert byrjaði heimþráin að naga hann. Og þegar leið að gangnadegi lagðist hann í rúmið og var óhuggandi.

Hjörleifur kvað:

Það er stuð frammi í Stekkjarhúsum.
Við stallkjöftum vín úr krúsum,
dönsum og drykkjuna þyngjum
og syngjum og syngjum og syngjum.

Við syngjum og hoppum og hóum,
hlæjum og gleðina þróum
svo dynur í björgum og brekkum
og drekkum og drekkum og drekkum.

En dauft er í Danaveldi.
Á dimmu septemberkveldi
er Stjáni ekki staðinn á fætur
og grætur og grætur og grætur.

*(skýring: að stallkjafta er að drekka úr glasi/staupi í einum teyg)*

Athygli vekur hvítur og fallega hyrndur fullorðinn hrútur sem er í slagtogi með sauðinum Hans, og kemur í ljós að hann er sá nýjasti í hópnum.

„Þetta er hann Hrappur, sem keyptur var frá Hesti í Borgarfirði, hann er arfhreinn, ber í sér verndandi ARR-genið eftirsótta. Það verður spennandi að sjá hvað kemur úr blóðprufum lambanna, hvernig þetta hefur skilað sér hjá honum í

- Framhald á síðu 30.

Jarðvegsþjöppur
frá Ammann

Mikið úrval af þjöppum á lager með
rafmagnsmótor, dísil eða bensínmótor

Wendel



Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is


SLÁTTURÓBÓTAR
TIL SÖLU EÐA LEIGU*
Sparaðu tíma og vinnu á stórum sem smáum svæðum. Við finnum réttu lausnina fyrir þig.
*Leiga til húsfélaga eða fyrirtækja
GARÐAÞJÓNUSTA
SIGURJÓNS
fyrirspurn@gardaroggluggar.is
547 7900
Framúrskarandi fyrirtæki 2024-2025
FJDynamics
FJD FV2000
6.000 m² á 3 dögum, 2.000 m² á dag
Verð 339.000 kr.
Sveaverken
ALVA
6.000 m² á 3 dögum, 2.000 m² á dag
Verð 349.000 kr.
FJDynamics
FJD RCM01
90.000 m² á 3 dögum, 30.000 m² á dag
Verð SÉRPÖNTUN
Sveaverken
BLIX
10.000 m² á 3 dögum, 4.000 m² á dag
Verð 629.000 kr.
FYRIR STÆRSTU OG KRÖFUHÖRÐUSTU GRASFLATIR LANDSINS
• 108.000 m² á 3 dögum, 36.000 m² á dag
• Þráðlaus stjórnun með staðsetningarkerfi
• 2 kWh rafhlaða og 2 klst hleðslutími
• Sláttutími á hleðslu allt að 10 klst
• Sláttubreidd 730 mm
• Hljóðstyrkur ≤ 90dB
Sveaverken
THOR
Verð 3.659.000 kr.


Heildarlausnir
í fráveitu
Málmsteypan

í afkvæmin,“ segir Hjörleifur og bætir við að hér áður fyrr hafi hann valið fallegar tvílembings gimbrar til ásetnings, en nú þurfi líka að huga að riðuverndandi genum þegar kemur að því að velja lífgimbrar.

„Annars eru þetta ekki mikil vísindi hjá okkur í sauðfjárbúskapnum, einu vísindin eru að þetta sé eins þægilegt og fyrirhafnarlítið og hægt sé að hafa það. Staðsetning hússins hér undir grösugri hlíðinni gæti ekki verið betri og í raun ekki hægt annað en vera með kindur hér. Ærnar eru á beit eins langt fram á haustið og hægt er og á vorin þegar úthaginn er orðinn nægilega gróinn þá hleypi ég þeim upp fyrir. Reyndar eru þær gæfar og heimfúsar, svo ég keyri stundum nokkrar þeirra fram í afrétt, ef þær eru mikið að koma heim.“

**Aldrei neitt vesen í burði**

Hjörleifur segir að gert sé góðlátlegt grín að sauðfjárbúskapnum í Laugasteini á nánast hverju einasta þorrablóti í Svarfaðardal.

,,Sauðfjárbúskapur okkar Kristjáns er nákvæmlega eins og við viljum hafa hann, við látum féð ganga úti yfir veturinn, enda kjósa kindurnar ævinlega að liggja úti í snjónum frekar en inni á grindum. Þær fá fyrir vikið að vera í reyfinu allan veturinn, en eftir sauðburð eru þær rúnar áður en við sleppum þeim á fjall. Það er helst í miklum vatnsveðrum að þær kjósi heldur að liggja inni. Þeim líður vel og þetta kemur ágætlega út, kannski eru þær ekki eins afurðamiklar og þær gætu verið ef þær væru fóðraðar inni allan veturinn, en flestar eru tvílembdar og sumar þrílembdar, svo við getum vel við unað. Þetta er miklu náttúrulegra fyrir skepnurnar en inniveran og fyrir vikið er aldrei neitt vesen í burði, lömbin bera rétt að og algjör hending ef gerist eitthvert slys í burði.

Þetta miðast auðvitað við að fyrirhöfnin sé sem allra minnst, því ég er mikið fjarverandi og meðan ég bjó hér allt árið þá vann ég mikið frá heimilinu, við kennslu og fleira. Ég nenni ekki að hanga yfir kindunum allan daginn, ég vil vera svolítið laus við. Við smábændurnir opnum bara hliðin hér ofan við eftir sauðburð og hleypum ánum upp í fjall, enda eru þessar hlíðar stórlega vanbeittar, þar er nægur hagi hátt uppi í hlíðinni, sem kemur meðal annars til af því að heitar laugar eru hér fyrir ofan. Hér er grænt strax snemma á vorin og líka fram eftir vetri.“ Hjörleifur segir að í Svarfaðardal sé heilmikill metnaður meðal sauðfjárbænda og starfrækt öflugt sauðfjárræktarfélag.

„Við Kristján höfum ekki tekið þátt í því félagi, enda meiri metnaður í flestum bændum hér en okkur bræðrum. Þetta er algjör aukabúgrein hjá okkur,“ segir Hjörleifur og bætir við að nú orðið séu flestir sauðfjárbændur í Svarfaðardal með tiltölulega fátt fé, ekki margir með fleiri en tvö hundruð kindur.


Hjörleifur og Íris í garðinum góða heima í Laugasteini þar sem útsýnið er einstakt. Hundurinn Tóti var í pössun hjá þeim.

**Mikil vísna- og söngmenning**

Hjörleifur segir að stór hluti af ánægjunni við að halda sauðfé séu göngur og réttir á haustin.

„Ég var tólf ára þegar ég byrjaði að fara í afréttargöngur, fyrst í eftirleit en svo seinna í fyrstu leit. Féð hér í sveitinni gengur í Sveinsstaðaafrétt og við Svarfdælingar erum óskaplega miklir gangnamenn og elskum allt sem tengist því. Þetta er mikil vísna- og söngmenning og allt meira og minna heimagert, hér er heilmikið af rómantískum haustskáldum og allt sungið í röddum og mikið fjör. Hér eru menn í skáldagírnum í göngum og réttum, enda tengist stór hluti af því að halda í þessa hefð að yrkja vísur, menningunni í kringum göngur og réttir.

Það er nánast kvöð á mönnum að láta ganga í kviðlingum, sem er auðvitað mjög góð þjálfun,“ segir Hjörleifur sem þar fyrir utan semur heilmikið í bundnu máli fyrir Hund í óskilum og sinnir öðrum ritstörfum, bókaskrifum og fleiru. Hann er meðal annars höfundur fjögurra bóka sem þau unnu saman, hann og Rán Flygenring, heita þær Hestar, Fuglar, Álfar og Sagan um Skarphéðin Dungal. Einnig á hann veg og vanda af fimm leiksýningum Hunds í óskilum sem gengið hafa við miklar vinsældir í Borgarleikhúsinu og hjá Leikfélagi Akureyrar. Hjörleifur gaf út bókina Krosshólshlátur árið 2013, en þar er að finna úrval úr vísum, ljóðum og lausu máli sem fært hefur verið í gestabækur Sveinsstaðaafréttar í Skíðadal.

„Sunnlendingar, Húnvetningar og fleiri sem fara kannski í heila viku á fjall, hæðast stundum að þessu hjá okkur hér fyrir norðan, hvað við gerum mikið úr göngum og réttum, því þetta eru aðeins tvær, þrjár helgar sem smalað er í Svarfaðardal, en gleðskapurinn er þeim mun meiri.

Þó þetta séu frekar léttar göngur, þær standi ekki yfir dögum saman, þá er smalasvæðið nokkuð erfitt, og meira eða minna lóðrétt, brattar fjallshlíðar og jötunheimur þarna fram frá. Fyrir vikið þurfa smalarnir að vera mikið á fæti. Menn ríða fram í dalabotna en svo dreifa þeir sér um fjöllin og ganga snarbrattar hlíðar til baka og neðstu menn taka hestana. Þetta heldur okkur hraustum og á meðan Kristján bróðir nennir að standa í þessum sauðfjárbúskap á móti mér, þá höldum við okkar striki. Þetta gefur mér líka ástæðu til að vera hér í sveitinni frá vori fram á haust, sem ég nýt svo sannarlega. Að vera með kindur er alveg dásamlegt og þetta gefur mér óskaplega mikið, sérstaklega í sauðburðinum og í kringum göngur.“

Heimilið og garðurinn í Laugasteini er mikill sælureitur og útsýnið þaðan ekki amalegt, hvort sem er af hlaði eða innan úr húsi. Íris, kona Hjörleifs, er ekki aðeins mikil listakona og prjónahönnuður, hún er líka með græna fingur og ber garðurinn í Laugasteini þess vitni. Hún nýtur sín vel í sveitinni á sumrin, er með gróðurhús í garðinum þar sem hún ræktar meðal annars grænmeti, hvítlauk og bóndarósir, sem hún segist bókstaflega elska.

„Það hefur kostað mikla vinnu hversu stutt er á stein hér í fjallinu, ég hef þurft að bæta við miklum jarðvegi. Ég bý vel að því að eiga jötun fyrir mann, Hjörleifur hjálpar mér mikið við að moka og bera.“


Sauðurinn Hans er mannelskur eins og heimalninga er siður og hefur reynst góð fyrirmynd fyrir kindahópinn. Hér fær hann sér tuggu.





Á myndinni eru Hartmann Kárason og Jón Bjarni Jóhannsson fyrir hönd Bláa Lónsins ásamt Arnari Bjarna Eiríkssyni frá Landsstólpa við fyrstu skóflustungu verkefnisins.

## Árnes:

# Framkvæmdir hafnar við þjónustuhús Bláa Lónsins

**Fyrsta skóflustunga var tekin í vikunni að nýju þjónustuhúsi Bláa Lónsins í Árnesi.**

Húsið verður um 1.000 fermetrar að stærð og mun þjóna rekstri fyrirtækisins á svæðinu, þar á meðal Gestastofunni og Fjallaböðunum í Þjórsárdal, hótelinu í Hrauneyjum og allri starfsemi félagsins í Kerlingarfjöllum.

Í húsinu verða meðal annars þvottahús, lagerar, bifreiðaþjónusta og kæli- og frystigeymsla. Framkvæmdir eru í höndum Landsstólpa, fyrirtækis með heimilisfesti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áætlað er að um tíu starfsmenn muni starfa í húsinu þegar starfsemi í Þjórsárdal hefst vorið 2028.

Framkvæmdir eru nú hafnar og stefnt er að því að húsið verði tekið í notkun undir lok árs 2026.

*/ph*








Sigurbjörg Ottesen, formaður deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands og bóndi á Hjarðarfelli í Eyja- og Miklaholtshreppi. Hún segir mikla þróun hafa átt sér stað í búgreininni undanfarin ár og er hún bjartsýn á framtíð hennar ef haldið verður rétt á spilunum á næstu misserum. Myndir / ál

# Íslensk nautgriparækt á fleygiferð

## – Nýr formaður búgreinadeildar nautgripabænda bjartsýn á framtíð landbúnaðar




**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is


**Sigurbjörg Ottesen var kosin formaður deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands (BÍ) þann 24. mars. Hún segir þau verkefni sem krefjist mestrar athygli núna séu nýir búvörusamningar og að meta hvaða áhrif möguleg Evrópusambandsaðild geti haft á starfsskilyrði bænda.**

Sigurbjörg segist hafa velkst um í landbúnaði síðan hún fæddist, en æskuslóðir hennar eru Ytri-Hólmur í Hvalfjarðarsveit. Hún fluttist að Hjarðarfelli árið 2016 þar sem hún stundar búskap með eiginmanni sínum, Gunnari Guðbjartssyni.

„Við búum með um 60 kýr í fjósi með mjaltaþjóni og við tókum alfarið við mjólkurframleiðslunni og nautaeldinu af tengdaforeldrum mínum árið 2019, en áður hafði Gunnar búið félagsbúi með þeim," segir Sigurbjörg í samtali. „Þá erum við alltaf að eignast stærri hluta af sauðfjárhjörðinni, en á bænum eru samtals 500 kindur. Jörðin er í kringum 3.700 hektarar í heildina og ræktað land hérna heima rúmlega 100 hektarar, en við heyjum aðra 100 hektara á fjórum útjörðum.

Við Gunnar erum bæði búfræðingar, en áður en ég fór á Hvanneyri var ég búinn að mennta mig sem sjúkraliði og starfa við það í allnokkur ár. Ég reyndi í einhverjum þráa við sjálfa mig að telja mér trú um að ég ætlaði ekki að starfa í landbúnaði, en hingað er ég komin."

### Bændur vilja framleiðslustýringu

Aðspurð af hverju Sigurbjörg hefur leiðst inn í félagsmál bænda svarar hún: „Númer eitt, tvö og þrjú er það brennandi áhugi á landbúnaði og að bæta afkomu okkar bænda. Viðfangsefnið er skemmtilegt, en þó svo að þetta sé oft brekka þá er líka enn þá sætara þegar árangur næst," segir Sigurbjörg.

Upphafið að félagsmálaferlinum á þessu sviði má rekja til þess að hún var kosin í stjórn Landsambands kúabænda (LK) árið 2020. Ári síðar gekk LK inn í Bændasamtök Íslands og hefur Sigurbjörg verið í stjórn deildar nautgripabænda hjá BÍ síðan þá. Eins hefur hún verið í stjórn BÍ síðan 2024. Eftir að hafa verið varaformaður deildar nautgripabænda í nokkur ár bauð hún sig fram til formanns í vor og var kosin til embættisins 24. mars.

Aðspurð hvers megi vænta af henni í embætti formanns nautgripabænda svarar Sigurbjörg: „Verkefnið er að bæta afkomu nautgripabænda, sama hvort þeir eru í mjólkurframleiðslu eða nautaeldi og standa vörð um greinina. Ég stefni ekki að neinum U-beygjum, en bændur hafa talað og þeir vilja halda í framleiðslustýringuna. Ég er kosin til þess að starfa fyrir bændur og tala þeirra máli. Mig langar til að koma nautgriparæktinni úr þeirri stöðu að við séum alltaf í vörn yfir í að við förum að stýra umræðunni. Langflest erum við gott rekstrarfólk og á síðustu árum höfum við þurft að hagræða gríðarlega."

Hún segir íslenska nautgriparækt vera á fleygiferð og vísar til þess að fyrir stuttu síðan var byrjað að kyngreina sæði sem fyrir örfáum árum þótti fjarlægur draumur. Þá er til skoðunar að hefja fósturvísaflutninga innan íslenska mjólkurkúastofnsins með því markmiði að fá fleiri afkvæmi undan bestu kynbótagripunum. Fyrir nokkrum árum var jafnframt tekið upp svokallað erfðamengisúrval sem gerir bændum kleift að spá fyrir um kynbótamat gripa skömmu eftir fæðingu í stað þess að þurfa að bíða eftir að eiginleikarnir komi í ljós þegar gripurinn er kominn í framleiðslu og orðinn nokkurra ára. Enn fremur hefur gengið vel að rækta upp holdanautagripi með nýju Angus erfðaefni.



Sigurbjörg Ottesen og Gunnar Guðbjartsson tóku alfarið yfir nautgriparæktina á Hjarðarfelli árið 2019, en áður hafði hann búið félagsbú með foreldrum sínum.

### Sömu rauðu flögg hjá ESB og áður

Sigurbjörg leiðir svokallaða milliþinganefnd sem sett var á laggirnar eftir síðasta Búnaðarþing til þess að meta hvaða áhrif ESB aðild og aðildarviðræður hefðu á íslenskan landbúnað. „Þar er ég ásamt sex öðrum bændum sem starfa allir við ólíkar búgreinar. Með nefndinni starfa sérfræðingar, bæði innan og utan skrifstofu Bændasamtakanna. Eins höfum við fengið til okkar ýmsa gesti á fundi nefndarinnar sem tala bæði með eða á móti aðild.

Rauði þráður vinnu og greiningar nefndarinnar er að ávallt verði byggt á röksemdum, áreiðanlegum heimildum og staðreyndum en ekki hrekjanlegum staðhæfingum. Það

## Útivist kúa

„Við störfum samkvæmt regluverki um velferð kúa og samkvæmt því eiga mjólkurkýr að komast á beit minnst átta vikur á ári. Það er mikið ímyndarmál í íslenskum landbúnaði gagnvart neytendum að kýr sjáist úti á beit. Þegar allar kýr voru bundnar á bása var útivist afar mikilvæg, en í dag búa flestar kýr við mikinn munað í lausagöngufjósum með aðstöðu sem er hönnuð með dýravelferð í huga.

Auðvitað efast ég ekki um að það geri kúnum gott að komast út til að bíta grænt gras, þó svo að þær séu að éta hágæða fóður sem er lagt fyrir þær allt árið. En útivist er ekki endilega mikil dýravelferð gagnvart nýbornum kúm. Kýr sem mjólka 50 til 60 lítra á sólarhring þurfa mikinn stöðugleika," segir Sigurbjörg.



Hjarðarfell er blandað bú í Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi. Þar eru um 60 kýr og 500 kindur.

er mikilvægt þar sem við vitum að upplýsingaóreiðan er mikil í tengslum við mögulega aðild og aðildarviðræður," segir Sigurbjörg. Hún segir afurð þessarar vinnu verða skýrslu sem er væntanleg í sumar og muni meðal annars nýtast á aukabúnaðarþingi í ágúst.

„Vissulega hefur mikið breyst síðan við vorum í aðildarviðræðum síðast. Við sjáum til að mynda að síðan viðræðum var hætt árið 2013 hefur reglum sambandsins fjölgað um 59 prósent, eða tæplega 16 þúsund. Við vitum að stuðningskerfi landbúnaðar innan ESB er gjörólíkt því sem við þekkjum hér heima og þá eru ráðgerðar enn frekari breytingar á kerfinu og landbúnaðarstefnu sambandsins á næstu árum. Engu að síður eru meginreglurnar að miklu leyti þær sömu og því sjáum við enn þá sömu rauðu flöggin núna varðandi landbúnaðinn. Segi þjóðin já í lok ágúst er mikilvægt að búið verði þannig um hnútana í næstu atrennu viðræðna að landbúnaðurinn fái sérstakar undanþágur."

### Merkingareglugerðin íþyngjandi

„Í dag þurfa bændur að starfa undir regluverki frá Evrópusambandinu, en mig langar sérstaklega að nefna merkingareglugerðina í því samhengi, sem er hið furðulegasta mál," segir Sigurbjörg. „Þar eru gerðar kröfur á rekjanleika íslenskra nautgripa eins og þeir geti synt yfir á meginland Evrópu. Ég er alls ekki að tala gegn rekjanleika, en nautgripirnir hérna úti í fjósi eru þannig merktir að það ætti að vera hægt að bera kennsl á þá ef þeir fyndust í sunnanverðri Evrópu.

Þetta kemur sérstaklega illa fyrir holdahjarðir, en merkin sem okkur eru seld brotna því miður mjög gjarnan úr gripum og engar undanþágur eða heimildir eru fyrir neyðarslátrunarmerki komi til þess að gripur sé ómerktur þegar kemur að slátrun. Í Danmörku ertu innan við sólarhring að fá nýtt eyrnamerki, en ef ég panta merki hérna á Íslandi getur það verið viku á leiðinni ef ég er heppin. Hvað eiga bændur að gera ef gripurinn slítur úr sér merki degi áður en sláturbíllinn kemur?" spyr Sigurbjörg.

Ef það vantar eitt merki í nautgrip sem fer í sláturhús er ekki hægt að nýta kjötið, heldur þarf að farga því. Þetta sé eitt af mörgum dæmum um hvernig regluverk Evrópusambandsins samræmist ekki endilega íslenskum aðstæðum. „Núna er ný merkingareglugerð í samráðsgátt og þar er mikilvægt að vandað sé til verka. Ég hvet bændur til þess að kynna sér efni reglugerðarinnar, en Bændasamtökin munu að sjálfsögðu skila inn umsögn um málið," segir Sigurbjörg.

### Tækifæri í nautakjötsframleiðslunni

„Það skiptir engu máli hvort um er að ræða nautakjötsframleiðslu eða mjólkurframleiðslu, tollverndin er bændum gríðarlega dýrmæt og hún verður að virka," segir Sigurbjörg. „Í nautakjötinu erum við því miður komin á þann stað að það er gríðarlegt magn flutt inn og hlutdeild íslensks nautakjöts er komin niður í 62 prósent. Hver einasti biti af íslensku nautakjöti selst sem þýðir að þarna liggja tækifæri ef ekki verður opnað á frjálsan innflutning."

Sigurbjörg segir notkun á Angus erfðaefni gefa bændum færi á að auka framleiðsluna þar sem holdagripir og blendingar flokkist yfirleitt betur og eru þyngri sem skili aukinni framlegð samanborið við eldi á nautum af íslenska mjólkurkúakyninu. „Tilkoma kyngreinds sæðis er ekki síður mikilvæg fyrir nautakjötsframleiðsluna en mjólkurframleiðsluna, en við sæðum helst allar mjólkurkýr sem við viljum ekki nota í áframhaldandi ræktun með Angus nautasæði og fáum þannig karlkyns holdablendinga."

### Bændur greiða með frameiðslunni

„Í greininni er mikil fjárfestingaþörf og mörg fjós eru að verða úrelt, en það hefur verið mikið frost í nýbyggingum undanfarin ár," segir Sigurbjörg „Við finnum fyrir hverri einustu 25 punkta hækkun eða lækkun á stýrivöxtum. Greinin býr við mikla fjárbindingu og þetta eru dýrar framleiðslueiningar, en hækkun á aðföngum og rafmagnskostnaði hefur ekkert síður áhrif.

„Hin opinbera verðlagning byggir á svokölluðum verðlagsgrundvelli. Ef við tökum meðalbú úr rekstrarverkefni RML (Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins) sem notað er í umræddan verðlagsgrundvöll og skoðum mismuninn milli framleiðslukostnaðar og tekna af mjólkurframleiðslu sjáum við að bændur borga rúmlega eitt hundrað krónur með mjólkurlítranum. Við fulltrúar bænda höfum ítrekað bent á þetta og rætt í verðlagsnefnd búvöru, og niðurstaða nefndarinnar og ráðherra okkar málaflokks er að taka þurfi á þessu bili í næstu búvörusamningum. Á dögunum var framlenging núverandi samninga undirrituð og samhliða því var samþykkt viðræðuáætlun sem miðar að gerð nýrra búvörusamninga," segir Sigurbjörg.

Aðspurð um hvernig bændur fara að því að reka bú í ljósi þess að þeir greiða svona mikið með hverjum mjólkurlítra svarar Sigurbjörg: „Ég held að það sé að aukast að tekjur séu sóttar utan bús eða bændur hreinlega greiði sér ekki laun." Hún bætir við að víða leynist einhver tækifæri til að hnika til í búrekstrinum og sækja eina og eina krónu fyrir hvern lítra. „Öllum er hollt að skoða sína bústjórn reglulega og nýta þau verkfæri sem okkur eru aðgengileg til þess, til að mynda rekstrarverkefni RML. Búgreinin er samt búin að hagræða langt út fyrir sársaukamörk og því miður er fólk að hörfa úr greininni og búum er að fækka. Eðlilega er ekki auðvelt að fá ungt fólk inn í afkomulausa grein, en góð afkoma er grundvöllurinn fyrir eðlilegri nýliðun.

> Verkefnið er að bæta afkomu nautgripabænda, sama hvort þeir eru í mjólkurframleiðslu eða nautaeldi og standa vörð um greinina.

Þrátt fyrir það ætla ég að leyfa mér að vera bjartsýn á framtíð íslensks landbúnaðar, en þessi bjartsýni mín er að miklu leyti háð því að rétt verði haldið á spilunum næstu misserin," segir Sigurbjörg.

## Konur í landbúnaði

Hjá Sameinuðu þjóðunum er í gangi verkefni sem miðar að því að benda á stöðu kvenna og mikilvægi þeirra innan landbúnaðargeirans og var yfirskrift alþjóðlega mjólkurdagsins þann 1. júní að fagna kvenbændum. „Í greinum sem ég hef skrifað af þessu tilefni hef ég bent á að konur hafa í árhundruð staðið vaktina í matvælaframleiðslu, oft án þess að fá þá athygli eða viðurkenningu sem þær eiga skilið. Það er mjög mikilvægt að við konur lyftum hver annarri upp, en við erum ekkert síður leiðandi afl í nýsköpun og þróun. Eins held ég að við konur þorum kannski oftar að hugsa aðeins út fyrir kassann."

Aðspurð hvort hún telji að jafnrétti ríki milli kynjanna í íslenskum landbúnaði svarar Sigurbjörg: „Ég ætla að trúa því að það sé svo, en vissulega er það mun oftar sem búrekstur sem ekki er skráður í félag er rekinn á kennitölu karlsins. Eins verð ég að minnast á þátttöku í félagsmálum bænda þar sem karlar hafa verið í miklum meirihluta undanfarin ár. Mig langar eindregið að hvetja konur til að gefa sér tíma til þess að setja mark sitt á greinina með þátttöku þó ég viti að verkefnin eru næg heima fyrir," segir Sigurbjörg.



# Ein heild undir Esjunni

**Bjarki Bjarnason er höfundur nýjustu árbókar Ferðafélags Íslands sem fjallar að þessu sinni um Kjósarsýslu eins og mörk hennar voru lengst af, eða það svæði sem yfirleitt er kallað Mosfellssveit, Kjalarnes og Kjós.**

„Mér fannst skemmtilegt að skrifa um allt þetta svæði og ég hugsa að lesendur sjái fljótlega að Kjósarsýsla var sannarlega heild, bæði félagslega og landfræðilega, þar sem Esjan er yfir og allt um kring,“ segir Bjarki í samtali. „Svæðið er mér hugleikið, en ég er alinn upp á Mosfelli, þar sem faðir minn var prestur, og hef ég búið nánast alla tíð í Mosfellsdalnum. Ég fylgdi pabba mínum í messur, en embættissvæði hans náði lengi frá Kjalarnesi alla leið að Elliðaánum. Ég kenndi og þjálfaði íþróttir í Kjósinni á sínum tíma ásamt því sem ég hef smalað talsvert með Mosfellingum, Kjósverjum og Þingvellingum.

Þessi árbók er númer 99, en á næsta ári kemur út árbók um árbækur Ferðafélagsins í tilefni þess að þá hafa þær verið gefnar út í heila öld,“ segir Bjarki. Áður hefur verið fjallað um hluta þess svæðis sem tekið er fyrir í þessari bók í árbókinni frá 1985 sem heitir Þættir um nágrenni Reykjavíkur. Eins var Bjarki einn þriggja höfunda að árbók Ferðafélags Íslands sem kom út 2019 og fjallaði um Mosfellsheiði. Hann segir áðurnefndar árbækur ekki skarast að neinu verulegu leyti við þá sem kom út í vor, heldur sé nýja bókin einstök að því leyti að hér er fjallað um alla Kjósarsýslu í heild sinni.




**Bjarki Bjarnason, höfundur nýjustu árbókar Ferðafélags Íslands þar sem fjallað er um Kjósarsýslu. Hann handleikur hér í fyrsta skipti útprentað eintak af bókinni, en myndin er tekin á lager Ferðafélagsins þann 20. maí þar sem deginum áður höfðu 11 vörubretti með um 7.000 eintök af bókinni skilað sér úr prentsmiðju í Lettlandi.**

Myndir / ál

### Er með 1.100 ár undir

Bjarki segir miklar pælingar liggja að baki uppbyggingu bókarinnar og við hvað hann afmarkaði skrifin, enda er skrifað innan ákveðinnar stærðar og lengdarmarka. „Uppbyggingin mótast smám saman og þegar meira kjöt kemur á beinin fer ég að sjá hvernig ég get skipt efninu niður í kafla, sem enduðu á að vera tíu. Fyrst fór ég mjög ítarlega yfir landnámið og þar á eftir fjallaði ég um hreppa og sýslur. Hreppar eru mjög gamalt fyrirbæri og höfðu meðal annars það hlutverk að sjá um fátækraframfærslu, réttir og refaeyðingu.

Svo tek ég fyrir náttúrufar og þar á eftir kristnihald og allar kirkjurnar, sem voru margar á svæðinu. Þá er kafli sem heitir Sælunnar reitur, en nafn hans vísar í kvæði Jónasar Hallgrímssonar. Nafnið er að vissu leyti öfugmæli, því að þar fjalla ég um erfiða lífsbaráttu í sýslunni og uppbyggingu samfélagsins sem var við lýði í 1.000 ár.

Í kaflanum Vegir og vegleysur tek ég fyrir allar leiðirnar sem liggja um svæðið, en margar eru mjög áhugaverðar. Hvalfjörðinn tek ég sérstaklega fyrir, en hann var algjör ófæra fram á 20. öld. Svo tek ég fyrir skóla- og menningarlíf, en eins og í öllum köflum er ég með 1.100 ár undir. Skólahald hófst í Viðeyjarklaustri, en um langt árabil var skólaleysi þangað til að skólaskylda var tekin upp snemma á 20. öldinni. Í kaflanum Dýrin stór og smá fjalla ég meðal annars um sauðféð sem allt snerist um, eins kýr, hvali, seli og fugla. Ég komst að því þegar ég var að skoða þetta að lausaganga svína var lengi við lýði og ef við horfum í kringum okkur eru víða kennileiti sem vísa í svín.

Ég tek fyrir hina félagslegu vakningu sem varð í samfélaginu í kringum 1900 í kaflanum Sýslan vaknar. Þá voru stofnuð ungmennafélög, kvenfélög og ýmis félög, ásamt því sem það komu til að mynda margar tækninýjungar, eins og rafmagn, sími og bílar. Við sjáum þetta um allt Ísland, en ég set þetta alltaf í samhengi við Kjósarsýslu. Svo var ég í miklum vanda með hvernig ég ætti að fjalla um nútímann og hvar hann ætti að byrja. Ég ákvað að lokum að miða við 10. maí 1940 þegar hernámið hófst, en þá breyttist Ísland á einni nóttu. Á stríðsárunum var herinn með mikil umsvif í Kjósarsýslu, en á fyrsta degi komu þeir sér upp aðstöðu í Brautarholti á Kjalarnesi,“ segir Bjarki.

### Stórt bókasafn nýttist vel

Aðspurður um hvernig hann undirbjó skrifin og hóf heimildaöflun svarar Bjarki: „Ég á stórt bókasafn, sem sumir segja að ég lesi aldrei, en ég nota það til að fletta upp kannski einu orði, einu nafni eða einum kafla. Í þessu tilviki tók ég allar bækur sem hugsanlega tengjast Kjósarsýslu á einhvern hátt og setti þær í sérstaka hillu – sem var um tveir metrar. Svo geri ég það sem ég kalla að kemba bækurnar. Þá er ég kannski með 400 blaðsíðna bók, sem ég ætla ekki að lesa alla, heldur finn ég það sem snýr að Kjósarsýslu. Mér fannst áhugavert að skrifa um þetta afmarkaða svæði, eða Mosó, Kjalarnes og Kjós. Mosfellssveit náði mjög lengi niður að Elliðaánum og bæir eins og Árbær, Ártún, Gufunes og Viðey voru í Mosfellshreppi. Önnur mörk hafa haldið sér.“

Eftir Bjarka liggja á bilinu 20 til 30 rit, bæði sagnfræðilegs eðlis og skáldskapur. Þar má nefna bók um sögu Mosfellsbæjar, sem Bjarki skrifaði með Magnúsi Guðmundssyni. Í kjölfarið voru þeir ráðnir til að skrifa sögu Aftureldingar í tilefni 100 ára afmælis félagsins 2009. „Núna er á leiðinni í prentun bók eftir mig sem fjallar um umhverfisverndarsamtök sem hétu Mosi, en það voru grasrótarsamtök sem störfuðu í Mosfellsbæ á ofanverðri síðustu öld,“ segir Bjarki.

*/ál*



**Árbækur Ferðafélags Íslands eru orðnar 99.**




DYNJANDI
allt fyrir öryggið

TILBOÐ
899.000,-
m/vsk*
*Gildir út júní 2026

Áreiðanleg loftpressa frá hinum virta framleiðanda ELGi. Kemur með þurrkara sem getur náð daggarmarki + 3°C og 270 l loftkút með tímastilltu dreni.
Stærð í mm: L: 1825 x B: 773 x H: 1405
5 ára ábyrgð með þjónustusamning.

- Loftpressa 5,5 kW
- Afkastageta 650 l/mín
- Þurrkari + 3°C
- 270 l loftkútur
- Hámarksþrýstingur 10 bar
- Hljóðstyrkur aðeins 64 dB (A)
- Þriggja fasa / 400 V

Fáanleg með matvælavottaðri olíu og í öðrum stærðum.
Einnig hægt að ná ISO 8573-1 gæðastaðli 1:4:1 með tveimur þrýstiloftssíum.

Dynjandi ehf. | Skeifunni 3 | 108 Reykjavík | Sími 588 5080 | dynjandi.is | hafsteinn@dynjandi.is



Á bak við Loopable standa þær Selma Ragnarsdóttir, klæðskeri og kjólameistari, og Inga Hrönn Kristjánsdóttir textíllistakona,

## Loopable:
# Atlaga við textílúrgang

**Sprotafyrirtækið Loopable tekst nú á við verkefnið að endurvinna að mestu leyti textílúrganginn á Íslandi til framleiðslu á hágæða prjónagarni og fyllingarefni fyrir húsbúnað.**

Um tíu tonn af textíl falla til á hverjum degi sem úrgangur hér á landi og kemur til Sorpu. Um 90% af því magni er flutt úr landi til förgunar.

Loopable er eitt verkefnanna í Hringiðu, sex vikna viðskiptahraðli fyrir sprotafyrirtæki með grænar lausnir. Lokadagur Hringiðu var 20. maí þar sem fjárfestar, samstarfsaðilar og aðrir lykilaðilar í sjálfbæru og grænu viðskiptalífi tóku samtalið við þátttakendur.

**Ónýtur textíll - nýtileg verðmæti**

Á bak við Loopable standa þær Selma Ragnarsdóttir, klæðskeri og kjólameistari, og Inga Hrönn Kristjánsdóttir textíllistakona, en þær eru einnig nemendur í skapandi greinum við Háskólann á Bifröst.

Hugmyndin er að þetta verði hringrás með því að tæta niður ónýtan textíl og breyta honum í nýtilegt verðmæti sem annars færi til spillis. Selma segir að markmið þeirra sé að taka á þeim stóra vanda sem fataiðnaðurinn hefur skapað í umhverfismálum og loka hringnum með því að tæta niður ónothæfan fatnað og textíl með þar til gerðum vélum og vinna úr því einstakt garn sem er að mestu leyti náttúrulegt.

„Mikil prjónamenning er á Íslandi og eftirspurn eftir nýstárlegu prjóna- og heklgarni og hentugu garni í vefnað að stóraukast. Nýjar textílaðferðir eru einnig að ryðja sér til rúms sem krefjast mikils garns og augljóst er að fatahönnuðir og listamenn nota æ oftar garn í sinni sköpun. Einnig studdi neytendakönnun okkar, sem við fengum mjög góð viðbrögð við, að stór hluti studdi okkar áherslur með sjálfbæra garnið okkar,“ segir hún.

**Prótótýpur með haustinu**

Að sögn Selmu væri best fyrir þær að komast í samstarf við endurvinnslustöðvarnar hérlendis um flokkun. „Við viljum helst vinna með náttúruleg efni, eða blöndur sem eru að mestu leyti náttúruleg, eins og bómull, ull, silki eða hör.

Við erum á byrjunarstigi í þróun garnsins og stefnum á að gera okkar fyrstu prótótýpur með haustinu. Einnig er ætlunin að sækja um styrki til að fara í heimsóknir í verksmiðjur erlendis til að ákveða frekar hvaða stefnu við viljum taka með vöruna okkar. Eftir það förum við í frekari vöruþóun, innleiðingu og leyfisumsóknir. Stærstu kosnaðarliðirnir er svo tækja- og búnaðarkaup, húsnæði og launakosnaður og gerum við ráð fyrir að byrja framleiðslu eftir um tvö ár. Við erum með mjög mikilvæga ráðgjafa í teyminu okkar sem snýr að textíl, hönnun, menningarstjórnun og rekstrarráðgjöf. Annars hefur Hringiðu hraðallinn frætt okkur mikið í þróun hugmyndarinnar okkar og aðstoðað okkur við viðskiptaáætlun, fjármögnunarleiðir og markaðssetningu, auk fjölmargra æfinga á kynningum fyrir áhorfendur.“

Selma segir að ferlið sé flókið og textíllinn þurfi að fara í gegnum fjórar mismunandi vélar. Fyrst þurfi að hreinsa hann og taka alla aukahluti frá eins og rennilása og tölur. Ef ekki er augljóst hvaða efni er í flíkinni þá þarf að gera svokölluð brunapróf á vefnaðinum til að komast að því hvort um nægt náttúruleg efni er um að ræða. Eftir það verður hráefnið flokkað eftir litum og sett þannig í tætingu. Svo fer það í niðurbrot, kembun og jöfnun á trefjunum og þá í Sliver garn og að lokum spunnið í garn.“ */smh*










## Ísafjörður:

# Frach bræður spila á hátíðinni Við Djúpið

**Bræðurnir ólust upp á Ísafirði, fluttu til Póllands til frekara náms og starfa í tónlist og koma nú aftur saman og spila á hátíðinni sem hefst á þjóðhátíðardaginn.**

Ísafjörður er tónlistarbær sem iðar af lífi í kringum sumarsólstöður þegar alþjóðlega kammertónlistarhátíðin Við Djúpið fer fram í samstarfi við lykilstofnanir í bænum. Hátíðin sameinar innlenda og erlenda tónlistarmenn og laðar að fjölmarga gesti.


Á myndinni eru bræðurnir samankomnir, frá vinstri Mikołaj sem leikur á píanó og Nikodem og Maksymilian sem leika á fiðlu. Mynd / Við Djúpið

### Koma aftur saman við Ísafjarðardjúpið

Bræðurnir Mikołaj Ólafur, Nikodem Julius og Maksymilian Haraldur koma fram á þrennum tónleikum á kammertónlistarhátíðinni Við Djúpið, meðal annars á sérstökum tónleikum þeirra og vina þeirra frá Póllandi. Nikodem segir þá bræður hlakka mikið til, „við erum búnir að bíða eftir ferðinni óþolinmóðir. Það er alltaf mjög sérstakt og spennandi að spila fyrir áheyrendur sem þekkja mann frá barnæsku."

Bræðurnir eru fæddir og uppaldir á Ísafirði, synir hljóðfæraleikara í bænum, Januszar og Iwonu, sem fluttu þangað frá Póllandi um miðjan 10. áratuginn og kenna við tónlistarskólann. Mikil tónlist ómaði í æskuheimilinu. „Þar sem við erum öll í þessu þá kemur mjög sjaldan fyrir að það sé hljótt á heimilinu," segir Maksymilian, „það er í rauninni alltaf einhver að spila, syngja eða hlusta á tónlist. En fyrir utan það höfum við alltaf líka verið mikið í íþróttum, sem er líka einkennandi fyrir Ísafjörð og Ísfirðinga. Við höfum allir æft og keppt í sundi og gönguskíðum en ég get núna sagt með fullri hreinskilni að íþróttir hjálpa mikið til við að móta þennan aga sem er nauðsynlegur til að ná árangri á hljóðfæri, þannig að þessir þættir hafa farið mjög vel saman hjá okkur."

„Tónlistin var alltaf einn mikilvægasti parturinn af lífi okkar sem fylgdi okkur frá æsku. Við höfum í rauninni aldrei ímyndað okkur að gera neitt annað. Samfélagið sem við ólumst upp í hefur hjálpað okkur við að fara þessa leið þar sem á Ísafirði mætti segja að það séu fleiri sem stunda tónlist en gera það ekki," segir Mikołaj.

### Úr tónlistarbæ í borg

Mikołaj segir breytinguna hafa verið mikla í fyrstu að flytja frá Ísafirði og til Kraká þar sem langt er á milli staða, „en á hinn bóginn hafa opnast fleiri möguleikar fyrir okkur sem atvinnutónlistarmenn. Þetta er eins og helsta menningarborg Póllands og alltaf eitthvað um að vera."

Bræðurnir eru sammála um að Ísafjörður hafi mótað þá sem tónlistarmenn, „Ísafjörður gaf okkur æsku án stressins sem fylgir stórborgum og þess utan rými náttúrunnar sem vekur ímyndunarafl hjá listafólki. Þetta allt gerir það að verkum að áheyrendur sem hlusta á okkur í Póllandi taka oft eftir því að flutningur okkar einkennist af miklum náttúruleika og tónlistarrými sem nær mjög djúpt til þeirra, en ég er viss um að þetta er tengt öllu því sem við fengum að njóta heima fyrir vestan og þessari ótrúlegu náttúru sem fylgdi okkur dags daglega," segir Nikodem.

Aðspurðir um muninn á tónlistarhefðinni og tækifærunum í Póllandi og á Íslandi segir Mikołaj: „Á Íslandi eru frábærir tónleikasalir, sinfóníuhljómsveit og gríðarlega öflugir tónlistarskólar. Munurinn er örugglega samkeppnin og verkefnin sem eru miklu fleiri á meginlandinu." Maksymilian segir um líf þeirra bræðra í Kraká að þeir taki að sér ýmis verkefni í tónlistarflutningi og kennslu. „Við erum líka meira að spila saman í tríói sem vekur töluverða athygli þar sem það gerist sjaldan að þrír bræður spila samleik á sviði."

### Dagur tileinkaður Póllandi

Þrjú þemu sem tengjast Ísafirði og sögu bæjarins leiða dagskrá hátíðarinnar og eitt þeirra er dagur tileinkaður Póllandi. Bræðurnir ætla að flytja nokkur ástsælustu kammerverk sem flutt eru í helstu tónleikasölum heims segja þeir, m.a. píanókvartett eftir Mahler og píanókvintett eftir Shostakovich. „En að sjálfsögðu mun ekki vanta verk eftir pólsk og íslensk tónskáld, þar á meðal Fryderyk Chopin og Jón Ásgeirsson og með okkur koma frábærir tónlistarmenn og vinir okkar, Piotr Tarcholik, konsertmeistari pólsku útvarpshljómsveitarinnar, og Bartosz Koziak, sem er margverðlaunaður í stærstu alþjóðlegu tónlistarkeppnum og einn fremsti sellóleikari landsins," bætir Mikołaj við.


Gestum var boðið í rútuferð og hressingu á sólstöðunum.

Aðspurðir um uppáhalds íslenska tónlist segir Maksymilian það vera tónlist ísfirska tónskáldsins Jóns Ásgeirssonar. „Við höfum verið mikið að spila og kynna verkin hans hér úti, sem hefur verið mjög vel tekið. Það má nefna að bæði píanókvintett hans og septett hafa heyrt um 2000 manns á tvennum stórum tónleikum í einum stærsta sal í Kraká. Þar sem við erum einhvers konar tenging milli íslenska og pólska menningarheimsins þá reynum við að kynna íslenska tónlist í Póllandi og pólska á Íslandi, sem ég get sagt með stolti að hefur gengið mjög vel síðustu árin."


Hópur gesta fagnar sumarsólstöðum við Óshólavita á hátíðinni 2025.

Í nýlendunni er yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni og vísar til samfélagsins sem hefur mótast öldum saman á Ísafirði af því lífi sem er í firðinum og smám saman glæðst með ólíkum hópum íbúa sem koma víðs vegar að. Annar dagur verður tileinkaður Ísafirði þar sem sjónum er beint að tónlist úr bænum og úr Djúpinu og að auki verða sögulegum tengslum Ísafjarðar og Danmerkur gerð skil með tónleikum og matarupplifunum.

### Á sumarsólstöðum

Við Djúpið er kammertónlistarhátíð sem var fyrst haldin á Ísafirði árið 2003. Hátíðin er haldin árlega í kringum sumarsólstöður, á þessum bjartasta tíma ársins þegar miðnætursólin kyssir hafflötinn og gyllir með geislum sínum. Þjóðhátíðardagurinn markar opnun hátíðarinnar og fyrstu tónleikar fara fram utandyra, með pikknikk í Blómagarðinum síðdegis og öðrum í Hömrum um kvöldið. Hátíðin sameinar alþjóðlega og íslenska listamenn í tónlistardagskrá og sumarnámskeið í tónlist. Fjöldi viðburða er í boði fyrir gesti og ávallt er tónlistin alltumlykjandi. Hátíðin er unnin í samstarfi við Tónlistarskóla Ísafjarðar, Tónlistarfélag Ísafjarðar og Edinborgarhúsið. Hægt er að kynna sér dagskrá hátíðarinnar á heimasíðu hennar, viddjupid.is. Ekki er ólíklegt að gæsahúðar verði vart og kátt í Hömrum og víðar um borg og bý meðan á hátíðinni stendur. */eks*




## Hátíðahöld & skemmtanir

### – Næstu tvær vikur ...

Nú er ekki seinna vænna en að fara að leggja línurnar fyrir sumarið en í næstu blöðum birtist yfirlit yfir helstu skemmtanir og húllumhæ ... Hér má sjá brot af því sem er á döfinni næstu tvær vikurnar, þó næsta víst sé að ekki komist allt á lista.



**13. júní Hljómsveitin ástsæla, GÓSS,** heldur tónleika í Bæjarkirkju, Hvanneyrarprestkalli klukkan 19:30, en sveitin verður á rúntinum um landið næstu vikur. Miðaverð er kr. 6000, miðar á tix.is auk upplýsinga um frekari tónleikahöld.

**16. júní Hljómsveitin Helgi og hljóðfæraleikararnir** fagna sumarsólstöðum með aðdáendum sínum á Græna hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri. Miðaverð er 5.500 krónur og segja liðsmenn að talið verði í stundvíslega kl. 21:00.

**17.–20. júní Bíladagar á Akureyri** fara fram að venju með pomp og prakt en um ræðir einn stærsta íþróttaviðburð sinnar tegundar sem haldinn er hérlendis.



**17. júní Þjóðhátíðardagur Íslands** er haldinn hátíðlegur ár hvert um allt land svo ætla má að heilmikil stemning verði víða um landið og mikið húllumhæ.

**(17.-)19.–21.júní Sólstöðuhátíðin á Kópaskeri** verður haldin, staðið verður fyrir grilli á föstudeginum og á laugardeginum verður 50 ára afmælis Kópaskers-skjálftans minnst með jarðskjálftamessu kl. 14 í Snartarstaðakirkju. Þar sem 17. júní er á miðvikudegi fyrir Sólstöðuhátíð hefur verið tekin ákvörðun um sameiningu þessara hátíða en 17. jún-ratleikurinn mun fara fram yfir helgina.

**17.– 21. júní Tónlistarhátíðin Við Djúpið**, hin sívinsæla kammmertónlistarhátíð, fer fram á Ísafirði þar sem tónlistarmenn frá ýmsum hornum heimsins troða upp og boðið verður upp á masterclass í kammertónlist og söng á leiksviði, vinnustofu fyrir söngvaskáld auk þess sem börnum býðst að sækja tónlistarleikjanámskeið.

**18.–21. júní Hinsegin hátíð Norðurlands eystra** verður haldin hátíðleg og um auðugan garð að gresja þegar kemur að hinum ýmsu viðburðum.



**Meðlimir eru þekktir fyrir æsilega sviðsframkomu.** Mynd / Daníel Starrason

**HLJÓMSVEITIN HELGI OG HLJÓÐFÆRALEIKARARNIR** á rætur að rekja í Eyjafjörðinn, allt til ársins 1987 þegar elstu meðlimir henar voru enn í grunnskóla. Stofnmeðlimir sveitarinnar, sem enn sitja, eru Helgi Þórsson söngvari, Brynjólfur Brynjólfsson gítarleikari, Atli Rúnarsson trommuleikari og Bergsveinn Þórsson bassaleikari. Hjálmar Brynjólfsson, slagverks- og harmonkikkuleikari hefur svo bæst í hópinn og stendur sig með prýði. Hljómsveitin er þekkt fyrir að fara ótroðnar slóðir, einhvern tíma leikið á blokkflautu í bland við hefðbundin rokkhljóðfæri og leikið undir söngleikjum frumsamin verk sín oftar en einu sinni. Í blaðagrein Dags frá árinu 1998 er hljómsveitin kynnt til leiks, þá með sjö meðlimum sem samtals spila á tólf hljóðfæri. Þar af var upp talin kjálkaharpa og hljómsveitinni lýst sem bæði frumlegri og óvenjulegri. Eitt er víst að þeir félagar gleðja gesti og gangandi með líflegri sviðsframkomu og vel fluttri tónlist sem grípur hjarta annars hvers manns þéttu taki.



**Hljómsveitin á tímum kjálkahörpunnar.** Mynd / Timarit.is

Helgi og hljóðfæraleikararnir stíga á svið þann 16. júní og um að gera að fjölmenna.

## Hátíðahöld og skemmtanir – framhald

**9. júní Sumarsólstöðuganga að Stapavík** með leiðsögn Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, en lagt verður af stað kl. 20 frá skrifstofu ferðafélagsins, Tjarnarási 8. Gangan er auðveld, eftir vegaslóða, en vegalengdin er 10 km. Verð 1000 kr. og hægt er að skrá sig á netfanginu ferdaf@ferdaf.is.

**19.–20. Júní Mótorhjóladagar á Akureyri** fara fram en þar verður fjölbreytt dagskrá sem hentar öllu áhugafólki um vélhjól. Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu Mótorhjólaklúbbsins Tíunnar.

**19.–21. júní Sólstöðuhátíð Grímseyjar** verður haldin hátíðleg. Ferjan Sæfari siglir á milli Dalvíkur og Grímseyjar mánu-, miðviku-, fimmtu-, föstu- og sunnudaga. Einnig býður Norlandair upp á flug þriðju- og sunnudaga, þá fram og til baka.

**20. júní Sumarsólstöður á Snæfellsjökli** með leiðsögn Ferðafélags Íslands, ganga í fararstjórn Örlygs S. Sigurjónssonar. Mæting er kl. 18:30 á Arnarstapa, framan við minnisvarða um Bárð Snæfellsás, hægt er að leigja jökulbúnað hjá FÍ en gangan er um 14 km. Sextán ára aldurstakmark er í gönguna og kostar hún 23.000 kr. fyrir félagsmenn en 31.000 fyrir almenning.



**21. júní Sumarsólstöðuhátíð Skaftfells, Seyðisfirði**, lífleg götuhátíð þar sem dagskráin hefst klukkan 17, með barnahorni og götumarkaði, en síðan fara fram helgisiðir tengdir sólstöðum í mismunandi menningarheimum. Að lokum verður götunni (regnbogagötunni) breytt í dansgólf fram til klukkan 21.

**20. júní Flugdagur Flugsafns Íslands fer fram á Akureyrarflugvelli** á milli kl. 13-16.

**20. júní Sæludagur í Hörgársveit,** árleg fjölskylduhátíð og dagskrá fyrir alla aldurshópa, leikir, hópreið, dansiball, markaður o.fl.

**20. júní Skógardagurinn mikli,** fjölskylduhátíðin vinsæla í Hallormsstaðaskógi þar sem haldið verður Íslandsmót í skógarhöggi, grillveisla og ketilkaffi, svona svo eitthvað sé nefnt.












# Útivist mjólkurkúa



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com




„Fyrir utan áhrif útivistar á atferli kúa þá hafa rannsóknir einnig sýnt að útivera hefur jákvæð áhrif á heilsufar kúa og m.a. verður heilbrigði klaufa betra sé rétt staðið að málum.“ Mynd / ál

Víða erlendis eru ekki viðlíka kröfur og eru gildandi á Íslandi, þ.e. varðandi kröfu um beit kúa, og á það raunar við um flest öll lönd í heiminum að undanskildum Svíþjóð og Noregi. Svo má í raun flokka Finnland með líka, þó svo að þar sé einungis gerð krafa um útivist en ekki beit.

Svo eru sum lönd með stuðningsgreiðslur sínar, við hefðbundna mjólkurframleiðslu, tengdar útivist kúa þannig að bændur geta fengið aukagreiðslur ef kýrnar eru settar út. Þetta á t.d. við um lönd eins og Sviss, Austurríki, Holland, England og Þýskaland að hluta.

### Þorri kúa inni erlendis

En á meðan þessi framangreindu lönd eru með þessar kröfur, virðist það vera svo að á heimsvísu fari vaxandi, og raunar ört vaxandi, að kúabændur láti mjólkurkýrnar vera innandyra allt árið um kring.

Skýringin á því af hverju margir kúabændur erlendis hafa farið þessa leið, þ.e. horfið frá útivist kúa, felst fyrst og fremst í því að nútíma fjós eru gjörbreytt í hönnun frá því sem áður var og nútíma lausagöngufjós eru hönnuð með þarfir kúa í huga og með áherslu á dýravelferð. Þannig uppfylla þau mikið til helstu hreyfiþarfir kúa.

Enn fremur næst yfirleitt betri rekstrarárangur á kúabúum þar sem kýrnar fara ekki út, þar sem innan fjóss er mun betur hægt að stunda svokallaðan nákvæmnisbúskap en þegar kýr fara á beit. Þess utan kljást margir kúabændur núorðið við hitastreitu í kúm og dagljóst er að auðveldara er að takast á við hana í stýrðu umhverfi innan fjóss, en utan þess.

### Í sérflokki

En af hverju er þá gerð þessi einstaka krafa á meðal þessara þriggja Norðurlanda, krafa sem er í sérflokki á heimsvísu? Skýringin er líklega tengd þjóðfélagsmynstri þessara landa, enda löngum verið lögð áhersla á hátt velferðarstig samfélaganna og líklega hefur sá hugsunarháttur einfaldlega smitað út frá sér og yfir í búskapinn. Þá eru aðstæður þessara landa einnig þannig að kýr gátu ekki verið úti á veturna, vegna veðurs, en voru alltaf settar út á sumrin. Á þessum tíma var þorri kúnna í þessum löndum í básafjósum, þ.e. bundnar á bása, og gátu þar af leiðandi ekki hreyft sig sem skyldi en gátu yfir sumartímann fengið útrás fyrir hina náttúrulegu hreyfiþörf sína.

Svo fóru sumir bændur að hætta því að setja kýr út á sumrin, þar sem ýmis vandamál komu upp og má hér nefna t.d. vandamál tengd beitinni, þ.e. kýrnar fóðruðust ekki nógu vel, svo hækkar frumutalan oftast við útiveru þ.e. júgurheilbrigðið verður verra, sumar sólbrenna og fleira mætti nefna.

### Sænsku Lindgren-lögin

Þegar þessi bústjórn fór að ná ákveðinni útbreiðslu fyrir um hálfri öld síðan, þ.e. að setja kýr í básafjósum ekki út á sumrin, varð ákveðin hreyfing meðal almennings í Svíþjóð og byrjaði í raun í kringum hinn heimsfræga sænska rithöfund Astrid Lindgren.

Árið 1985 skrifaði hún greinar um aðbúnað sænskra kúa í básafjósum, og vakti þar athygli á því að sumar þeirra fengju aldrei að fara út og fjallaði hún raunar um fleiri atriði sem á þeim tíma þóttu sjálfsögð í básafjósum eins og að nota straum til þess að venja kýr á að skíta aftur í flóra fjósanna.

Þessi skrif hennar vöktu mikla athygli og leiddu til þess að árið 1988 voru sett lög í Svíþjóð, þar sem gerð var krafa um að allar kýr ættu rétt á því að vera á beit yfir sumartímann. Lög þessi hafa alla tíð verið kennd við Astrid Lindgren og kallast einfaldlega Lex Lindgren, en „Lex“ er latína og þýðir „lög“. Ísland fylgdi svo í kjölfarið með reglugerðarbreytingu árið 2002 þar sem útivist kúa var gerð að kröfu, 8 vikur að lágmarki yfir sumartímann.

Noregur kom svo með sambærilegar kröfur árið 2004. Bæði hér á Íslandi og í Noregi voru kröfurnar ekki þær að kúm þyrfti að beita, heldur ættu þær að geta verið úti og hreyft sig að vild, þ.e. bændur gætu þó áfram fóðrað þær innan fjóss ef þeir vildu það.

Síðan, árið 2014, voru reglurnar á Íslandi hertar og gerð krafa um beit líka.

### Áhrif útvistar á atferli

Það sem kýr fá út úr því að vera úti, er fyrst og fremst að með því móti geta þær enn betur uppfyllt náttúrulegar atferlisþarfir sínar sem þær ná mögulega ekki að uppfylla yfir vetrarmánuðina í annars rúmgóðum og vel hönnuðum lausagöngufjósum. Í náttúrunni hreyfa kýr sig mikið og það geta þær í nútíma fjósum svo þeirri þörf er vel fullnægt allt árið um kring.

Hins vegar geta kýr ekki lagst hvar sem er í fjósum, nema ef um hálmfjós væri að ræða eða sambærilega fjósgerð. Það geta kýrnar aftur á móti utandyra, geta valið að vera einar og sér og langt í burtu frá hjörðinni nú eða þveröfugt ef það er það sem þær vilja.

Úti geta þær einnig enn betur stillt af eigin áttíma og legutíma, nokkuð sem stýrist nokkuð af vinnudegi bænda þegar kýr eru í fjósum. Þó má segja að með aukinni notkun sjálfvirkra fóðrunarkerfa þá er komið verulega langt til móts við þessar þarfir kúa.

Þá gefur aukið rými í kringum kýrnar utandyra gert þeim mögulegt að forðast valdamestu kýrnar en hin svokallaða virðingarröð kúa er mjög rík í hverri hjörð og geta sumar kýr hreinlega lent í einelti af kúm sem eru hærra settar í hjörðinni. Utandyra eiga kýr auðveldara með að forðast árekstra við þessa eineltisseggi.

Þá má geta þess að kýr sem eru úti liggja oftar á sama tíma en inni í fjósi sem bendir til þess að þær hafi slíka þörf en geti síður uppfyllt þá kröfu innan fjósanna.

Að síðustu má svo nefna að kýr sem eru úti sýna oftar en ekki meiri karakter, eru virkari, forvitnari og leika sér jafnvel á stundum. Það má því hæglega leiða að því líkum að þeim líði betur við slíkar aðstæður en ella.

### Jákvæð áhrif á heilbrigði

Fyrir utan áhrif útivistar á atferli kúa þá hafa rannsóknir einnig sýnt að útivera hefur jákvæð áhrif á heilsufar kúa og m.a. verður heilbrigði klaufa betra sé rétt staðið að málum.

Þá hefur útivistin einnig jákvæð áhrif á streitu kúa, þ.e. þær verða afslappaðri, sem hefur aftur góð áhrif á mótstöðuafl kúa gegn margs konar sjúkdómum.

Rannsóknir benda til að mynda til þess að kýr á beit, séu aðstæður réttar, fái síður bráðajúgurbólgu eða helti og vegna þessa geta kýr, sem eru hafðar við svona aðstæður, lifað lengur.






**Áskoranir**

Það fylgja því margs konar áskoranir að vera með kýr úti yfir sumartímann eins og flestir gera sér líklega grein fyrir.

Það hefur t.a.m. reynst sumum sem nota mjaltaþjóna ákveðinn höfuðverkur að nýta beit almennilega samhliða því að ná góðri mætingu kúnna í mjaltaþjóna. Þetta hefur þó verið leyst í dag með nýrri tækni og má í raun fullyrða að vandamálið sé fyrir bí nú til dags, eins og fram kom í yfirlitsgrein um efnið í Bændablaðinu sem kom út í byrjun maí sl.

En fleiri vandamál fylgja útivist, svo sem aukin hætta á sníkjudýrum. Þannig geta kýr t.d. smitast af iðraormum eða fengið á sig lýs eða bitflugur. Þetta getur valdið kúnum vanlíðan sem hefur aftur áhrif á mjólkurframleiðsluna.

Þessa áskorun má þó leysa með góðri bústjórn sem innifelur m.a. notkun á sníkjudýralyfjum svo dæmi sé tekið.

**Horft til framtíðar**

Undanfarna áratugi hefur mjólkuriðnaðurinn í heiminum tekið hreinum stakkaskiptum og aðbúnaður nautgripa í nútíma fjósum er einfaldlega gjörólíkur því sem áður var.

Aðbúnaður þorra nautgripa í fjósum dagsins í dag er einfaldlega ekki sambærilegur við það sem áður þekktist og því má leiða að því líkum að ólíklega fari fleiri lönd í þá átt að skilyrða útivist mjólkurkúa á komandi árum.

Þrátt fyrir þá staðreynd eru ekki heldur nein teikn á lofti um að dregið verði úr þeirri kröfu hér á landi, í Noregi eða í Svíþjóð og því er mikilvægt að halda áfram að hanna fjósin þannig að þau nýti sem best ávinninginn af því sem getur hlotist af útivist mjólkurkúa.


**Gróðurhús og glerskálar**

Fallegt gróðurhús hvort sem draumurinn er að rækta eigið grænmeti eða skapa notalegt útirými fyrir kaffibollan, þá er **Björk 15** fullkomin viðbót við garðinn.



**Björk 15, verð kr. 569.000 m/vsk.**

Nýtt hús ehf. Hamraborg 14A, 200 Kópavogur

**Skoðið heimasíðu okkar á www.nytthus.is**

**Sími 789-5656**

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

**Allt til járna-bindinga**

Sendum um allt land





**Klippum og beygjum**
Sverleikar frá 8-40mm

**Samsetning**
Fullkomin aðstaða innanhúss í nýju húsnæði okkar

**Fylgihlutir**
Mikið úrval á lager, einnig sérpantanir

**Járnamottur á lager**
Gott úrval, einnig sérpantanir

Kambstál ehf • Tinhellu 3 • 221 Hafnarfirði
534 1500 • kambstal@kambstal.is • kambstal.is

Hafðu samband og við finnum lausn sem hentar þér! 534 1500

# Bókin um hrossin á Kúludalsá

## – Veikindi í 19 ár, 26 fallin – líklega flúoreitrun!


Sigurður Sigurðarson.

Bóndinn á Kúludalsá við Hvalfjörð, Ragnheiður Jóna Þorgrímsdóttir, hefur gefið út bókina ,,Barist fyrir veik hross". Hún skrifar þar um hrossin sín. Bókin er ígildi fræðibókar. Birt eru bréfaskipti og margar tilvitnanir. Langur heimildalisti er við flesta kafla. Veikindi hrossa hófust árið 2007. Þau voru kvalafull og ólæknandi. Í áratugi hefur hrossabúskapur verið með sama móti á Kúludalsá og hrossin oftast um 40 á bænum. Svo langt sem munað er, var nær óþekkt, að hross veiktust á Kúludalsá. Hross fóru fyrst að veikjast þar árið 2007. Þá veiktust 5 hross. Þeim fjölgaði ár frá ári og eru nú orðin 26 eftir 19 ár. Þrátt fyrir góða umönnun og hjúkrun og lækningatilraunir hefur þeim öllum þurft að farga til að stytta kvalir þeirra. Nú eru farin að sjást sömu einkenni á 27. hrossinu. Ragnheiður lýsir í bókinni viðskiptum sínum við stofnanir og einstaklinga, sem hún leitaði ráða og aðstoðar hjá til að greina veikina og lækna. Flestir létu að því liggja að veikindin væru eigandanum sjálfum að kenna vegna offóðrunar og skorts á hreyfingum. Það mega undir heita, ef þeir, sem í blindni töldu eigandann valda veikindunum, eru ekki farnir að vitkast.



Grundartangi.

Mynd / Ástvaldur Lárusson.

### Röng sjúkdómsgreining hjá dýralækni hrossasjúkdóma

Afstaða álitsgjafa var aðallega vegna rangrar sjúkdómsgreiningar og yfirlýsinga fyrrverandi dýralæknis hrossasjúkdóma, Sigríðar Björnsdóttur, sem margir lögðu trúnað á. Hún fullyrti, að það væri sjaldgæfur efnaskiptasjúkdómur, Equine metabolic syndrome (EMS). Að sögn Ragnheiðar á Kúludalsá var Sigríður með greininguna tilbúna, þegar hún kom í hlað, áður en hún hafði séð nokkurt veikt hross. Annað kæmi ekki til álita. Ekki var þetta traustvekjandi. Steingrímur Sigfússon, fv. ráðherra, brást einn valdhafa við ítrekaðri beiðni Ragnheiðar um rannsókn og hjálp. Sjúkdómseinkenni veiku hrossanna líktust einkennum EMS. Hross með EMS eru að því leyti ólík sjúkdóminum í hrossunum á Kúludalsá, að flest þeirra eru mjög feit vegna offóðrunar og fá litla eða enga hreyfingu af eigendum sínum. Sjúkdómurinn leggst auk þess í ættir. Ekkert af þessu á við um hrossin á Kúludalsá. Engin offóðrun, flest hrossin voru hreyfð vegna kennslu ungmenna, reiðmennsku og hestaferða. Feit hross voru fá. Þau veiktust ekki frekar en þau holdgrennri. Skyldleiki hrossanna ekki meiri en algengt er. Umhirða var til fyrirmyndar hjá foreldrum Ragnheiðar og hjá henni. Það staðfesti ég sem héraðsdýralæknir á svæðinu um skeið. Ég kom þar oft vegna sjúkdóma í kúm, en aldrei vegna sjúkdóma í hrossum, en sá þó oft heilbrigð hross á bænum. Sama segir Gunnar Gauti dýralæknir um heilsu hrossanna fyrir 2007. Hann sinnti þar í áratugi lækningum og eftirliti.

### Rannsókn að ósk atvinnuvegaráðuneytis

Jakob Kristinsson, eiturefnafræðingur og prófessor og ég vorum beðnir af atvinnuvegaráðuneytinu að rannsaka veikindin. Við gerðum það í rúm 3 ár, komum þar 20-30 sinnum, tókum fjölda sýna og fylgdumst með heilsu hrossanna. Við þekktum því vel til allra aðstæðna, töldum engar líkur á EMS en aftur á móti líkur á flúoreitrun. Ekki var unnt að fullyrða um það án ítarlegri rannsóknar, vegna ófullkominnar þekkingar á flúoreitrun í hrossum. Tillögu um að fá erlenda sérfræðiaðstoð til að ljúka rannsókninni var hafnað af stjórnvöldum. Það þótti okkur undarlegt, jafnvel tilraun til þöggunar.

### Enginn þeirra, sem fullyrti um EMS hafði fylgst með veikum hrossum á Kúludalsá

Þeir sem fullyrtu um EMS höfðu fæstir séð veik hross á Kúludalsá og enginn þeirra fylgst með veikum hrossum þar. Fullyrðingar þeirra um EMS voru því ótrúverðugar. Hrossin fóru að veikjast árið 2007, nokkrum mánuðum eftir að bræðsluker áls sprakk í álverinu og gríðarlegt magn af flúor slapp frá verksmiðjunni út í loftið. Grundartangi er 5 kílómetrum austan Kúludalsár. Ríkjandi vindáttir austanstæðar bera reyk frá verksmiðjunni yfir bæinn og Akrafjall. Í reyknum eru eiturefni, sem verksmiðjan reynir að tempra með misjöfnum árangri. Hættulegust þeirra fyrir dýr er flúor. Flúor hækkaði mjög í umhverfinu eftir slysið og mældist 4x hærri í beinum veikra hrossa á Kúludalsá en í beinum hrossa af ómenguðum svæðum. Álverið lét Umhverfisstofnun strax vita um slysið eins og þeim var skylt. Umhverfisstofnun brást, varaði ekki búfjáreigendur við. Þeir gátu því ekki forðað skepnum sínum undan flúorskýinu. Ragnheiður vissi ekki í 2 ár um slysið í álverinu.

### Einkenni hjá veiku hrossunum á Kúludalsá

Sjúkdómseinkenni hjá veiku hrossunum á Kúludalsá eru m.a. þróttleysi, kvalir í vöðvum og liðamótum og vökvabjúgur undir húð víða um líkamann, áberandi á makka í flestum hrossanna (vökvabjúgurinn hvarf fljótt í hrossunum á Kúludalsá, en fituvefur er safnast í makka hrossa með EMS minnkar hægt). Ragnheiður telur, að orsök veikindanna sé eitrun af völdum flúors í útblæstri frá álverinu á Grundartanga. Afskipti, afskiptaleysi, umsagnir, dómar og þögn ýmissa aðila: Umhverfisstofnunar, fárra dýralækna, Matvælastofnunar (Jón Gíslason og Sigurborg Daðadóttir) og tveggja dómstóla hafa verið vafasöm, röng og hneykslanleg vegna skeytingarleysis um veikindi hrossanna og viljaleysis til að ljúka rannsókn á sjúkdóminum. Sömu sjúkdómseinkenni sáust í hrossum á Kiðafelli í Kjós, sem er andspænis Kúludalsá við Hvalfjörð. Bóndinn þar hefur gefist upp á hrossabúskap vegna þess. Á fleiri bæjum við Hvalfjörð hafa sömu einkenni sést. Sem væntа má hefur hrossum á Kúludalsá fækkað. Full ástæða er til að stjórnvöld láti fara betur yfir upplýsingar og rannsókn á veikindunum hrossanna á Kúludalsá. Tilgátan um EMS, sem er oft læknanlegur sjúkdómur, stenst enga gagnrýni að dómi okkar Jakobs Kristinssonar, sem rannsökuðum veikindin. **BARIST FYRIR VEIK HROSS** er athyglisverð bók. Hún ætti að vera skyldulesning fyrir alla, m.a. dýralækna. Hún fæst hjá Ragnheiði og í bókabúðum. Gerð hefur verið kvikmynd af veiku hrossunum og sögunni, hún verður líklega sýnd í ríkissjónvarpinu á þessu ári. Það verður lærdómsríkt, ekki síst fyrir þá, sem berja höfði við stein, trúa á EMS en neita flúoreitrun.

*Höfundur er dýralæknir.*

ÞRÝSTIAUKDÆLA

Hámarks hitastig< 60°C | Max flæði 95L/mín | Max hæð 58m

- Þrýstiauka dæla 0,75kw
- Afköst 57 l/min við 3 bör 0,75 kw afl
- Inntak/úrtak 1"
- Soggeta 8 metrar
- Hraðastýrð eftir þrýsting
- Innbyggður einstefnuloki
- Hljóðvist við afköst 45 dpa (hærra við sogdælingu)



Verð 96.248.kr m/vsk

Vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - Skemmuvegur 48

# Undir grænni torfu



Þórey Gylfadóttir.

Fátt er skemmtilegra en að horfa á gróðurinn vakna til lífsins á vorin með fyrirheit um betri tíð með blóm í haga. Hversu blómlegur hann verður ræðst af mörgum samverkandi þáttum sem eru mismikið á okkar valdi að stjórna. Þá er ekki um annað að ræða en að gyrða sig í brók og reyna að hafa áhrif á þá þætti sem mögulegt er að stýra og þannig stuðla að sem mestum og bestum vexti.

Hvort sem við erum í úthaga eða ræktuðu landi þá er ýmislegt sem hægt er að gera til að stuðla að sem bestum árangri, hvernig svo sem við viljum mæla hann. Ef við horfum á ræktað land þá viljum við helst fá mikla og góða uppskeru og reynum að stuðla að góðum árangri með t.d. tegunda- og yrkjavali og góðum ræktunaraðstæðum. Það er ekki alltaf einfalt að ná markmiðum sínum þegar framleiðslan fer fram í náttúrunni sjálfri, lifandi og síbreytilegri. Við erum orðin nokkuð góð í að álykta og meta það sem við sjáum svo sem lifun, lit og þéttleika auk þess sem við nýtum tækni við annað mat svo sem fóðurgæði. En þrátt fyrir það er stundum erfitt að skilja samhengi þess sem við sjáum og þess árangurs sem við náum, enda eru ótal þættir sem hafa samverkandi áhrif sem við sjáum alls ekki alla.

Lífið er frekar flókið, þó að við séum bara á yfirborðinu þar sem við eigum að geta fylgst með samhengi hluta og áhrifa þess sem gert er, þar sem við höfum það fyrir augunum. Hversu oft höfum við lesið eða heyrt um fjölda örvera sem finnast í einu grammi af jarðvegi eða undir skófari okkar? Oft, en það er eitthvað við það að skilja það sem maður ekki sér.

Það sem er undir torfunni er ekki minna mikilvægt en það sem er ofan hennar. Rannsóknir og mælingar á áhrifum jarðvegs, með öllum sínum lífrænum og ólífrænum þáttum, eru ekki komnar eins langt og það sem er ofar, enda er mun erfiðara að mæla alla áhrifaþætti og draga ályktanir um samhengi þeirra og áhrif einstakra þátta neðanjarðar. Það má samt ekki draga úr okkur að horfa undir yfirborðið og leggja áherslu á að fylgjast með því sem þar er og áhrifum þess á þetta græna. Við eigum að nýta okkur það sem við vitum, ekki festa okkur í því sem við ekki vitum og læra af reynslunni.

Í afar einfaldaðri mynd eru það lífrænt efni og hlutfall vatns og lofts sem eru lykilþættir þegar kemur að heilbrigðum jarðvegi. Það þarf að halda í, eða auka við lífrænt efni og það þarf að gæta þess að jarðvegurinn hafi þá eiginleika að geta haldið og miðlað vatni og súrefni. Við erum komin vel á veg ef við náum þessu og þá er hægt að huga að fleiri þáttum, svo sem hvernig við höldum, og aukum við fjölbreytt jarðvegslíf. Til að vita í hvaða átt er verið að fara er gott að vita hvar maður stendur og það er hægt að gera á misflókinn og skemmtilegan hátt.



Heilar bómullarnærbuxur fyrir niðurgröft. Mynd / Þórey Gylfadóttir.



Nærbuxur í jörðu við uppgröft. Mynd / Hafþór Finnbogason.



Nærbuxur eftir 13 mánuði í jörðu. Mynd / Hafþór Finnbogason.

Það er margt áhugavert sem fer fram í Bændahópunum hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins en þar er líka oft mjög gaman, allavega finnst mér það. Útdeiling á rúmlega 50 bómullarnærbuxum fellur þar undir en bændur í hópunum fengu afhentar nærbuxur til að grafa niður hjá sér í þeim tilgangi að sjá hve mikið yrði eftir af þeim þegar þær væru grafnar upp aftur. Þetta er skemmtileg og einföld leið til að meta jarðvegsheilbrigði og hægt er að útfæra samanburð með ýmsum hætti hvort sem það er eftir jarðvegsgerð, aldri ræktunar, fjölbreytileika tegunda ofanjarðar eða öðrum þáttum sem vitað er að hafa áhrif á jarðvegsheilbrigði. Þessi gamansama leið hefur verið notuð víða erlendis til að leggja mat á jarðvegsheilbrigði og þá er metið hvað mikið er eftir af brókunum þegar þær eru grafnar upp. Þar sem að hitastig og úrkoma hafa mikið að segja um virkni jarðvegslífs, og þar með niðurbrotshraða, verður fróðlegt að sjá hvernig brækurnar líta út, sem þessa dagana eru að tínast upp hver af annarri.

Mér vitanlega hafa nærbuxur ekki verið grafnar í jörð hérlendis í þeim tilgangi að meta jarðvegsheilbrigði og því bíð ég spennt eftir útkomunni. Nærbuxurnar á meðfylgjandi myndum fóru niður 7. maí í fyrra og voru grafnar upp 5. júní síðastliðinn. Það er aldrei að vita hvort RML blási til almennrar nærbuxnakeppni á næstu misserum.

*Höfundur er ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði RML.*











Til sölu - Jörðin Fell í Dýrafirði - Tilboð óskast

Jörðin Fell er staðsett í Dýrafirðinum, liggur undir Mýrarfelli að norðanverðu.
Einstakt útsýni er inn og út Dýrafjörðinn frá Mýrarfellinu, veðursæld og skjólgott.
Jörðin er talin vera um 170 hektarar að stærð.
Er þar rekin öflug skógrækt og hafa verið gróðursett um 250.000 tré.

**Húsakostir: á jörðinni stendur 212 m² einbýlishús og hlaða sem er skráð 231 m² að stærð.**

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Óli Tryggvason lögg. fasteignasali, s. 820-8284 – oli@fsv.is - www.fsv.is

Fasteignasala Vestfjarða





# Hvað er gott að hafa í huga við val á íblöndunarefnum í votheysverkun?



Sigurður Max Jónsson.

Þegar verið er að hugsa um að nota íblöndunarefni þá þarf að spyrja sig hvað við viljum fá út úr íblöndunarefninu. Er einungis verið að leitast eftir góðri votheysverkun þar sem markmiðið er að bæta gerjun með því að lækka sýrustig hratt? Eða viljum við að heyið geymist lengur eftir að rúllan eða stæðan er opnuð aftur? Eða viljum við bæta fóðurgæðin, því íblöndunarefni geta einnig aukið lystugleika fóðurs, sem sagt gert gott fóður betra.

Þess ber að geta að hægt er að ná góðum árangri án notkunar íblöndunarefna. Þegar sláttutími er á réttu þroskastigi grasanna og þau innihalda nægilegt magn sykurs, þegar þurrefnisinnihald er rétt, ef lítið sem ekkert laust vatn er í heyinu og það kemst fljótt í súrefnissnauða geymslu. Þá eru góðar aðstæður fyrir hraða og árangursríka gerjun án íblöndunarefna.

**Hvernig á að velja íblöndunarefni?**

Við val á íblöndunarefnum þá er fyrsta spurningin sem við þurfum að að spyrja okkur að hvaða þurrefnisinnihald grasslægjan sé með. Því mismunandi tegundir íblöndunarefna virka við mismunandi þurrkstig heys. Ef þurrefni er komið yfir 55% verður ekki nægileg votverkun, og áhrif íblöndunarefna takmörkuð. Jafnvel þarf að meta önnur skilyrði við heyöflunina eins og t.d. hlutfall sykurs og próteins í heyinu og hvaða áhrif það getur haft á verkun. Sem dæmi þegar smári eða aðrar belgjurtir eru í háu hlutfalli í slægjunni, þá er hlutfall próteins líklega hátt miðað við sykur sem getur valdið áskorunum við votheysverkun.

Íblöndunarefnin geta þó verið samsett og innihaldið hvata (ensím) ásamt mjólkursýrugerlum sem geta haft mismunandi virkni. Hægt er að flokka íblöndunarefni í lífræn efni, kemísk efni, ensím og sykurrík efni.

**Lífrænar bakteríur**

Svokölluð lífræn íblöndunarefni eru algengust hérlendis og innihalda mjólkursýrugerla sem auka hraðann á votverkunarferli fóðursins sem hjálpar til að bæta fóðurgæði votheysins. Fyrir notkun þeirra þarf að gera sér grein fyrir hvaða aðstæður eru fyrir hendi. Þurrefni þarf að vera rétt og nægilegur sykur þarf að vera til staðar í heyinu. Kosturinn við lífræn íblöndunarefni er hversu þægilegt þau eru í meðhöndlun.

Til eru mismunandi tegundir af mjólkursýrubakteríum sem hafa mismunandi virkni í gerjunarferlinu. Svokallaðar eingerjandi mjólkursýrubakteríur sjá um byrjunargerjunina og mynda aðallega mjólkursýru úr sykrinum sem er til staðar í fóðrinu, sem lækkar sýrustigið hratt, en gerjunin fer fram án mikillar þurrefnis- eða orkutaps.

Aðrar bakteríur sjá um svokallaða lokagerjun. Þær eru kallaðar fjölgerjandi mjólkursýrubakteríur því þær breyta sykrinum ekki aðeins í mjólkursýru heldur líka í ediksýru. Ediksýra er daufari sýra og lækkar sýrustig ekki jafn mikið og mjólkursýran og það tapast smá orka við myndun ediksýru í lok gerjunarferlisins en hún hægir verulega á lofthháðum skemmdum sem verða á heyinu eftir að það kemst í snertingu við súrefni aftur. Slík votheysverkun lengir tímann sem hey getur staðið opið án en þess að það byrji að spillast vegna myglu og hitamyndunar. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að gerjunarferli með fjölgerjandi bakteríum tekur 8-10 vikur að klárast. Hey sem kemst í snertingu við súrefni áður en því er lokið hefur ekki sömu hæfileika til þess að haldast óskemmt og hey sem hefur lokið votheysverkuninni.

Það er líka gott að hafa í huga að til eru margir stofnar af sömu bakteríunum sem framleiða mjólkursýru og geta þessir stofnar haft breytilega eiginleika. Því að sum fyrirtæki hafa einkaleyfi á ákveðnum stofnum og önnur fyrirtæki reyna að framrækta sína stofna til þess að skapa einhverja sérstöðu í eiginleikum bakteríanna fyrir verkun á votheyi og því hafa sömu tegundir af tiltekinni bakteríu ekki endilega nákvæmlega sömu virkni.

Sumar tegundir íblöndunarefna innihalda ekki mygluvörn og/eða gerjunarhemla og getur slíkt hey ekki staðið lengi opið áður en það byrjar að mygla og hitna. Það getur hentað í hey þar sem vitað er að þarf að standa opið í nokkra daga áður en það er étið upp.



### Hvatar (ensím) og sykurrík efni

Í ýmsum íblöndunarefnum eru ensím ásamt mjólkursýru- bakteríum, en þeim er bætt við til að brjóta niður frumuveggi plantna. Við það losnar sykur sem mjólkursýrubakteríurnar geta notað í verkunarferlinu. Við niðurbrot á frumuveggjum plantna eykst einnig meltanleiki fóðursins því frumstig niðurbrots á tréni er þegar hafið áður en skepnur byrja að éta og melta fóðrið.

Einnig er hægt að nota sykurrík náttúruleg efni sem íblöndunarefni. Þau veita mjólkursýrubakteríunum aukna orku til þess að klára votheysverkunina hratt og örugglega. Að auki gera sykurrík íblöndunarefni fóðrið lystugra heilt yfir.

### Lífrænar sýrur

Kemísk efni líkt og sýrur og sölt geta verið hentug til að lækka sýrustig hratt og hamla vöxt myglu, þegar hey er tekið saman við krefjandi aðstæður. Líkt og við mjög lágt þurrkstig eða þegar mikið laust vatn er í heyi. Þau eru notuð til að hamla vöxt skaðvalda eins og myglusvepp, smjörsýrubakteríur eða listeríu. Helsti gallinn við notkun á sýrum til votheysverkunar er að þau eru mjög ertandi og nauðsynlegt að notast við helstu persónuhlífar sem verja húð, augu og einnig innöndun meðan átt er við slík efni. Að auki hraða sýrur ryðmyndun járns og geta því líka farið illa með tækjabúnað. Þegar notast er við sýrur til votheysverkunar þá er tilgangslaust að nota í leiðinni sýrandi bakteríur, því sýran kemur í veg fyrir að bakteríurnar í heyinu geti starfað við votheysgerjunina.

### Nokkur praktísk atriði við val á íblöndunarefni

- Mjög blautt hey, <20-25% þurrefni, þá verður að nota **lífrænar sýrur** til þess að tryggja votheysverkun. Íblöndunarefni með mjólkursýrubakteríum virka ekki, eða hafa mjög takmarkaða virkni.
- Blautt hey, 25-40% þurrefni, er hentugasta þurrefnisbilið til þess að nota lífrænar bakteríur. **Eingerjandi mjólkursýrubakteríur** til þess að tryggja góða verkun og **fjölgerjandi mjólkursýrubakteríur** til að bæta loftþol og draga úr myglu eftir opnun.
- Hálfþurrt hey, 40-55% þurrefni, virkni eingerjandi mjólkursýrubaktería minnkar með hækkandi þurrefni í heyi og hættir við ákveðið þurrefni. Hins vegar henta **fjölgerjandi bakteríur** til að bæta loftþol og draga úr myglumyndun.
- Ef heyið hefur mikið smárainnihald, er gott að velja íblöndunarefni með **ensímum** sem brjóta niður plöntuveggi til þess að tryggja góða gerjun.
- Ef sykur er lágur í heyinu, þá virka lífrænar bakteríur illa, því þær þurfa sykur til að fjölga sér. **Ensím** geta hjálpað með því að brjóta niður plöntuveggi til að auka þannig aðgengi að sykri.

### Að lokum

Notkun á viðeigandi tækni er mikilvæg þannig að íblöndunarefni blandist vel við heyið og mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum framleiðanda við notkun og geymslu á þeim. Þau gera þó engin kraftaverk og því er alltaf mikilvægt að vanda til verka. Við ýmsar aðstæður getur verið erfitt að uppfylla skilyrði fyrir góða votheysverkun og þá má mæla með notkun íblöndunarefna. Hægt er að hafa samband við RML til að fá hjálp við val á íblöndunarefnum.

Nálgast má upplýsingar um seljendur og verð íblöndunarefna á heimasíðu RML.

*Höfundur er jarðræktar-ráðunautur hjá RML.*

## Leiðrétt

Í síðasta blaði birti Gústaf Gústafsson grein þar sem hann leitaði svara við spurningunni: Hafa ferðamenn áhuga á sveitinni? Í höfundarkynningu undir greininni var ranglega farið með vinnustað greinarhöfundar. Gústaf er aðjunkt við ferðamáladeild Háskólans á Hólum.
Beðist er velvirðingar á rangfærslunni.





Bændasamtök Íslands leita að öflugum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði lögfræði. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf þar sem reynir á fagmennsku, lausnamiðaða hugsun og góða samskiptahæfni.
Um er að ræða tímabundið starf til eins árs með möguleika á framlengingu.

**Helstu verkefni:**

- Hagsmunagæsla fyrir landbúnaðinn
- Lögfræðileg ráðgjöf til stjórnenda og félagsmanna
- Samskipti við opinbera aðila og aðra samstarfs- og hagsmunaaðila
- Undirbúningur gagna og gerð umsagna
- Þátttaka í stefnumótun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af lögfræðistörfum nauðsynleg
- Þekking og færni í stjórnsýslurétti
- Þekking á málefnum landbúnaðarins kostur
- Þekking á Evrópurétti kostur
- Mjög góð hæfni í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Mjög góð hæfni til að starfa í teymi og lipurð í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Sjálfstæði, sjálfstraust og frumkvæði í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur: til og með 25. júní**

Sækja skal um á **alfred.is**
Upplýsingar um starfið veitir Margréti Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands á **margret@bondi.is**









# Hvað býðst bændum?


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Ein mikilvægasta spurningin sem svara þarf í mögulegum aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið, eru áhrif aðildar á íslenskan landbúnað. Bændur á Íslandi hafa lengi kallað eftir betri starfsskilyrðum í landbúnaði. Fjölmargir ólíkir þættir skapa starfsumhverfi bænda. Dæmi um slíka þætti eru afurðaverð til bænda, kostnaður við rekstraraðföng, kröfur til starfseminnar, landfræðileg lega Íslands á norðlægum slóðum og fjarlægð frá alþjóðamörkuðum. Sumir þættir eru jákvæðir eins og nægt aðgengi að hreinu vatni, færri óværur í umhverfinu og mikið ónýtt landnæði. Aðrir þættir geta haft neikvæð áhrif á þessi starfsskilyrði, eins og hár kostnaður við fjármögnun, sem augljóslega eykur rekstrarútgjöld bænda.

Íslenskur landbúnaður er í fremstu röð, þökk sé framsýni þeirra sem starfa innan atvinnugreinarinnar. Til þess að byggja upp og viðhalda öflugum búum þarf áræðni, dugnað og útsjónarsemi bænda. Allt eru það eiginleikar sem íslenskir bændur búa yfir. Áskoranir nútímans eru hins vegar margvíslegar. Ein af þeim er samkeppnishæfni, sem byggir á því að íslenskir bændur geti framleitt afurðir með hagstæðu móti á sama tíma og þeir geti brugðist við kröfum nútímans um sérhæfð mannvirki og nýjustu tækni til að ná fram hagræðingu í rekstri.

Forsenda þessa er að starfsumhverfi íslenskra bænda geri þeim kleift að nálgast fjármagn á eðlilegum lánskjörum svo þeir geti fjárfest í mannvirkjum og tækjabúnaði. Aðeins þannig geta bændur framleitt sínar vörur við fyrsta flokks aðstæður og boðið vörur sínar á hagstæðu verði til neytenda. Einnig er þetta lykilþáttur í eðlilegri nýliðun í stéttinni sem er forsenda þess að atvinnugreinin geti viðhaldið sér og stækkað til framtíðar.


„Heildar fjármögnunarkostnaður sambærilegra kúabúa innan Evrópusambandsins er því um 3 milljarðar á ári, eða um 2 milljörðum lægri en á Íslandi."

Lánakjör íslenskra bænda geta seint talist frábær. Lengi hefur legið fyrir að kostnaður við fjármögnun býlis er ein af stærstu áskorunum í íslenskum búrekstri. Þannig er til dæmis heildar vaxtakostnaður íslenskra kúabúa um 5 milljarðar á ári, sé miðað við vaxtakjör landbúnaðarlána Byggðastofnunar, sem er í kringum 10%. Meðal kúabúið á Íslandi skuldar um 75 milljónir króna og greiðir því um 7,5 milljónir á ári í vexti, eða um 625.000 krónur á mánuði.

Til samanburðar er meðal vaxtakostnaður bænda í löndum Evrópusambandsins 6% eða um 40% lægri en á Íslandi. Heildar fjármögnunarkostnaður sambærilegra kúabúa innan Evrópusambandsins er því um 3 milljarðar á ári, eða um 2 milljörðum lægri en á Íslandi. Kúabú innan Evrópusambandsins, sambærilegt íslenska meðalbúinu, væri því að greiða um 4,5 milljónir á ári í vexti, eða um 375.000 krónur á mánuði. Sé meðal fjármögnunarkostnaður kúabúa á Íslandi og í Evrópusambandinu borinn saman, er munurinn í grófum dráttum um 250.000 krónur á mánuði í lægri vaxtagreiðslur, sem kúabændur í Evrópusambandinu þurfa að greiða. Það munar um minna.

Í tengslum við atkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið, er mikilvægt að íslenskir bændur hafi í huga þær afleiðingar sem slíkar grundvallarbreytingar á lánakjörum til íslenskra bænda, með aðild að Evrópusambandinu, gætu haft á starfsskilyrði íslenskra bænda að þessu leyti.

Íslenskur landbúnaður þrífst aðeins með eðlilegri fjárfestingagetu og nýliðun í stétt bænda. Þetta tvennt getur tekið stakkaskiptum til hins betra með aðild að Evrópusambandinu. Það er því mikilvægt að skýr samningur liggi á borðinu um aðild að Evrópusambandinu sem kveður á um starfsskilyrði íslensks landbúnaðar innan sambandsins, sem íslenskir bændur og neytendur geta tekið upplýsta afstöðu til. Þess vegna snýst atkvæðagreiðslan í ágúst um að vita meira og fá upplýsingar á borðið sem geta varðað hag bænda og fleiri tækifæri þeirra á komandi árum.

*Höfundur er utanríkisráðherra.*


Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Gastec Hurðir ehf.

Vagnhöfða 9 Reykjavík - bilskurshurdir.is - netfang: olafur@gastec.is



Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er staðsettur á Sauðárkróki. Mynd / Wikipedia

## Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra:

# Verknámshúsið stækkað

**Mikil ánægja er í Skagafirði þessa dagana því nýlega skrifuðu Inga Sæland mennta- og barnamálaráðherra, Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Skagafjarðar og Selma Barðdal Reynisdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, undir viljayfirlýsingu um stækkun verknámshúss skólands.**

Í dag eru nemendur skólans um 800 og hefur áhugi á verknámi alltaf verið mikill í skólanum. „Við erum himinlifandi að hafa undirritað viljayfirlýsingu um viðbygginguna. Það er ansi þröngt hjá okkur og hefur verið mjög lengi. Í verknámshúsinu kennum við rafvirkjun, húsasmíði, vélvirkjun og vélstjórn. Við kennum rafvirkjun í gámi og inni á gangi í bóknámshúsinu og í mjög litlu og þröngu rými í núverandi verknámshúsi. Of lítið pláss er almennt í kringum allar vélar og við getum ekki boðið nemendum og kennurum upp á eðlilegar vinnuaðstæður. Við höfum einnig verið að kenna bifvélavirkjun en kennslan fer að miklu leyti fram í húsnæði Bifreiðaverkstæðis KS út af plássleysi," segir Selma skólameistari.

Selma segir að í hönnuninni sé gert ráð fyrir fjölnotarými sem á að nota í ýmislegt, t.d. kennslu í bifvélavirkjun og jafnvel múrverki og pípulögnum. Kvikmyndagerðarbraut skólans vantar líka töluvert meira pláss.


Selma Barðdal Reynisdóttir, skólameistari F.N.V. Mynd / mhh

„Það er mikill áhugi á okkar upptökusvæði og víðar á verknámi, en svo hefur verið stöðug aðsókn fólks alls staðar af á landinu í helgarnám í iðngreinum," segir Selma aðspurð um áhuga á verknámi við skólann. Hönnun á fyrsta áfanga lýkur á haustdögum og stefnt er á flutning í þann hluta ári síðar.

„Við erum ákaflega þakklát, bæði Sveitarfélaginu Skagafirði sem tekur að sér að halda utan um verkefnið fyrir sveitarfélög á Norðurlandi vestra í samræmi við lagaheimildir og mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir að treysta okkur fyrir þessu. Það er ekki sjálfgefið að eiga jafn styrkan bakhjarl og sveitarfélagið er en við trúum því að með þessu móti getum við lokið framkvæmdum hraðar og ódýrar en ella," segir Selma. */mhh*

## Afmæli Hrunamannahrepps:

# Forseti Íslands heiðursgestur


Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, verður heiðursgestur í afmæli Hrunamannahrepps. Mynd / mhh

**Það verður mikið um dýrðir í Hrunamannahreppi helgina 12. til 14. júní þar sem sveitarfélagið fagnar 1150 ára afmæli sínu undir yfirskriftinni „Frá landnámi til framtíðar – Hrunamannahreppur í 1150 ár.**

Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, verður sérstakur heiðursgestur laugardaginn 13. júní þar sem sveitarstjórn og afmælisnefndin taka á móti henni klukkan 11:30 og sýna henni valda staði á Flúðum.

Forsetinn mætir svo í félagsheimilið á Flúðum klukkan 13:15 þar sem börn eru sérstaklega hvött til að hitta forsetann og þá eru þeir gestir, sem geta beðnir um að mæta í þjóðbúningum. Klukkan 13:30 hefst síðan hátíðardagskrá í félagsheimilinu þar sem Karlakór Hreppamanna mun flytja nokkur lög og forsetinn mun flytja ávarp svo eitthvað sé nefnt.

Að lokinni hátíðardagskrá um 15:00 er öllum boðið að gæða sér á fjölbreyttum veitingum í boði sveitarfélagsins. Svo eru fjölbreyttir viðburðir áfram allan daginn og líka sunnudaginn 14. júní. Alla dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, www. fludir.is. */mhh*




# Vöndum til verka við endurheimt votlendis





Ágústa Helgadóttir. Vigfús Ægir Vigfússon.

Þegar ákvörðun er tekin um að endurheimta votlendi þá er ýmislegt sem þarf að undirbúa áður en ráðist er í framkvæmdir. Það er nefnilega ekki nóg að moka bara jarðvegi ofan í skurð og láta þar við sitja. Endurheimtin hefst með grunnúttektum sem kortleggja endurheimtarsvæðið vel með tilliti til vatnsrennslis, halla lands, ruðninga og einnig hversu vel fært er fyrir vélar um svæðið. Ef svæðið er mjög blautt þá er ekki hægt að framkvæma á hvaða vél sem er. Verkið þarf þá að vinna á léttari vélum með breiðum spyrnum til að hámarka árangur. Grunnúttektirnar eru því mikilvægt undirbúningsskref sem mótar framkvæmdina og tryggir að rétt sé staðið að endurheimtinni.

Tilgangur endurheimtaraðgerðanna er að hækka grunnvatnsstöðu mýra þannig að vatn dreifist jafnt um og að allt framræst land innan svæðisins verði blautt á ný til að endurheimta þá vistkerfisferla sem hafa raskast við framræslu.

Endurheimtaraðgerðir á framræstum svæðum er almennt best að vinna síðsumars. Þá má gera ráð fyrir að varpi fugla sé lokið og að svæðin séu alla jafna þurrust en mikilvægt er að hafa í huga að hætta er á að vanmeta vatnsmagn svæðisins síðsumars. Vatnsmagn svæða getur breyst hratt eftir veðri, t.d. eftir miklar haustrigningar. Forskoðun fyrr á sumartímanum er því mikilvæg til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir því hvernig vatn dreifist um svæðið og hvaða tími ársins hentar best til aðgerða. Algengt er að halli lands og vatnsmagn sé vanmetið á framkvæmdarsvæðum. Halla í landslagi er oft erfitt að greina með berum augum, sérstaklega ef hann er lítill. Alltaf má leita til starfsfólks Lands og skógar ef hæðarlíkön eða betri kortagögn vantar áður en hafist er handa.

Við framkvæmdirnar sjálfar er mismunandi aðferðum beitt eftir aðstæðum. Auk stífla eru skurðir þveraðir með svokölluðum þverböndum til þess að dreifa vatni betur um endurheimtarsvæðið. Stíflurnar eru gerðar úr mó (mýrarjarðvegi) og þeim er hlaðið vel upp og út fyrir skurðinn þar sem jarðvegur þjappast verulega með tímanum. Vel staðsett og vönduð þverbönd auka líkurnar á að vatnið haldi áfram að renna eftir landslaginu en leiti ekki til baka ofan í skurðstæðið og ryðji stíflunum burt. Ef ræsi eru til staðar undir yfirborði innan svæðis þarf að gæta þess að stífla þau vel. Mikilvægt er að vinna verkið vel frá byrjun svo ekki þurfi að framkvæma aftur. Ef grunnúttektir og framkvæmdir hafa tekist vel þá ætti vatnsstaða að hækka og votlendisgróður að þrífast á ný með tilheyrandi fuglalífi.

Land og skógur býður upp á námskeið fyrir verktaka í endurheimt votlendis einu sinni á ári. Eftir námskeiðið fá þátttakendur staðfestingarskjal sem hægt er að framvísa þegar sótt er um að sinna verkefnum tengdum endurheimt votlendis. Fram undan eru margvísleg verkefni á sviði endurheimtar votlendis um allt land og eftirspurn eftir verktökum verður töluverð. Skilyrði fyrir ráðningu er að hafa lokið námskeiði um endurheimt votlendis og því er þetta kjörið tækifæri fyrir verktaka að undirbúa sig. Frábær mæting var á námskeiðið sem haldið var núna í maí. Sendið póst á votlendi@logs.is til að skrá ykkur á biðlista fyrir næsta námskeið!

*Höfundar eru sérfræðingar hjá Landi og skógi.*

**Bændablaðið kemur næst út 25. júní**









# Eru tollar vandi kartöflubænda fremur en gæði?



Ólafur Stephensen.

Viðamikil umfjöllun um samkeppnisstöðu kartöflubænda var í síðasta Bændablaði. Þar var margt gagnlegt og upplýsandi, en hins vegar eitt og annað í yfirlýsingum talsmanna kartöflubænda og í leiðara blaðsins, sem er ástæða til að fara nokkrum orðum um.

Í umfjöllun blaðsins var farið yfir þá þróun, að innflutningur á kartöflum hefur aukizt á undanförnum árum, og mest á þessu ári, en sala innlendrar framleiðslu dregizt saman. Í fyrra var gott uppskeruár hvað magn kartaflna varðaði og bændur hafa áhyggjur af að þurfa að henda vöru í sumar, sem ekki selst áður en næsta uppskera kemur í hús. Í umfjöllun Bændablaðsins er haft eftir kartöflubændum að lítill sem enginn hvati sé til að rækta kartöflur á Íslandi þar sem fáir stórir birgjar stýri markaðnum og sýni því ekki áhuga að kaupa meira af þeim. Forystumenn kartöflubænda og ritstjóri Bændablaðsins kalla eftir því að tollar verði hækkaðir til að draga úr innflutningi.

Það er ekki rétt að birgjar hafi ekki áhuga á að verzla við íslenzka kartöflubændur. Yfirgnæfandi meirihluti matarkartaflna, sem er seldur á Íslandi, er íslenzk framleiðsla. Neytendur kjósa almennt íslenzkt grænmeti fremur en innflutt og kartöflur eru þar engin undantekning. Það val neytenda byggist þó á þeirri forsendu að innlenda varan sé betri en sú innflutta og þar stendur hnífurinn í kúnni í þessu máli. Óskir og val neytenda fá ekki mikla athygli í umfjöllun Bændablaðsins, en eru þó það sem ræður ofangreindri þróun.



### Gæðavandamál eru skýringin

Eins og kemur skýrlega fram í ýtarlegri fréttaskýringu Sigurðar Más Harðarsonar blaðamanns, hafa gæði íslenzkra kartaflna dvínað á undanförnum árum. Jón Helgi Helgason, kartöflubóndi á Þórustöðum í Eyjafirði, rekur ágætlega ýmsar orsakir þess. Huga þurfi betur að skiptiræktun og áburðargjöf, bæta þurfi geymslu kartaflna og vanda flutning og skammtímageymslu. Þá sé stórt vandamál að stofnrækt kartaflna hafi lagzt af á tímabili, sem hafi valdið viðvarandi gæðavandamálum og sjúkdómum. Afurða af nýjum kartöflustofni megi ekki vænta í verzlanir fyrr en haustið 2028.

Það eru þessi gæðavandamál, sem liggja fyrst og fremst að baki auknum innflutningi á kartöflum undanfarin ár. Neytendur kjósa fremur vöru, sem lítur betur út og hafa þar að auki úr meiri fjölbreytni í úrvali. Þegar verð innlendra og innfluttra kartaflna var skoðað í tveimur stórmörkuðum í síðustu viku, kostuðu innlendu kartöflurnar á bilinu 349-633 krónur kílóið (að lífrænt ræktuðum kartöflum undanskildum) en þær erlendu, fluttar inn með tollum, 531-879 krónur kílóið. Það er því ekki þannig að innfluttu kartöflurnar séu almennt ódýrari og að tollar og flutningskostnaður „bíti ekki“, öfugt við það sem látið er í skína í leiðara Bændablaðsins. Margir neytendur kjósa innfluttu kartöflurnar engu að síður, þótt þær séu almennt dýrari en þær íslenzku. Yfirleitt er þessu öfugt farið; neytendur eru alla jafna tilbúnir að borga meira fyrir innlent grænmeti en innflutt, gæðanna vegna. Birgjar flytja inn meira af erlendum kartöflum, þrátt fyrir tollana, einfaldlega vegna þess að þær seljast betur í verzlunum, sem leggja inn meira af pöntunum á þeim.

Það er vandséð hvernig hærri tollar eiga að leysa úr þessari stöðu. Á að skella á hærri tollum til að pína neytendur til að kaupa vöru sem þá langar ekki í? Er ekki einmitt hinn stóri kostur frjálsrar milliríkjaverzlunar, að hún tryggir að neytendur eiga val um þá vöru sem hentar þörfum þeirra og smekk bezt, jafnvel þótt innlendir framleiðendur geti ekki útvegað hana?

Ef innflutningur hækkar enn frekar í verði, er eðlileg afleiðing að innlenda varan hækki líka. Líklegasta niðurstaðan af slíkum verðhækkunum á kartöflum er að neytendur færi sig í auknum mæli í annað meðlæti, sem er alls ekki hagur kartöflubænda.

### Tollaglugginn sem enginn er ánægður með

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, gagnrýnir í viðtali við Bændablaðið „tollagluggann“ í júní, en þann eina mánuð á ári má flytja inn kartöflur án tolla, samkvæmt bráðabirgðaákvæði í búvörulögum. Axel vitnar til samkomulags Bændasamtakanna og Félags atvinnurekenda frá 2020 um að leggja til við atvinnuvegaráðherra að breyta til bráðabirgða tollatímabilum á útiræktuðu grænmeti, sem höfðu verið fest í breyttum búvörulögum árið 2019. Alþingi feilreiknaði sig þar og skellti tollum á margvíslegt útiræktað grænmeti á tímabilum, þar sem engin íslenzk framleiðsla var til. Reynslan af þessu á árinu 2020 var slæm og FA og Bændasamtökin gerðu því sameiginlegar tillögur til atvinnuvegaráðherra, byggðar á því að það væru sameiginlegir hagsmunir neytenda, verzlunar og bænda að ekki kæmi upp vöruskortur eða að neytendur þyrftu að borga tolla sem vernduðu enga innlenda framleiðslu.

Bráðabirgðaákvæðið við búvörulögin átti að gilda í ár, með þeim rökum að á árinu 2022 stæði til að gera nýjan búvörusamning ríkisins og garðyrkjubænda, þar sem eitt af markmiðunum (samkvæmt búvörusamningi, sem enn er í gildi) átti að vera að taka upp uppskerutengdar greiðslur vegna útiræktaðs grænmetis og kartaflna, á móti mögulegri lækkun eða niðurfellingu tollverndar fyrir þessar afurðir. Ríkið hefur hins vegar árum saman svikið bæði grænmetisbændur og verzlunina um þessa kerfisbreytingu, sem án efa yrði báðum til góða, að ekki sé talað um neytendur.

FA og BÍ hafa ítrekað reynt að ná saman um nýja sameiginlega tillögu til ráðuneytisins um tollagluggana, en það hefur enn og aftur strandað á mismunandi afstöðu samtakanna til gæða á kartöflum. FA hefur bent á að strax í maí sé oft farið að bera á því að erfitt sé að fá kartöflur í söluhæfum gæðum, en BÍ hefur fremur horft á það magn sem bændur hafa átt óselt og viljað loka glugganum. Niðurstaðan hefur verið sú að atvinnuvegaráðherra hefur mörg ár í röð lagt til framlengingu á bráðabirgðaákvæðinu óbreyttu, sem hefur hvorki verið vilji FA né Bændasamtakanna. Út úr þessari stöðu þarf einhvern veginn að losna.

### Er verið að svindla á tollalöggjöfinni?

Jón Helgi segist í samtali við Bændablaðið hafa „rökstuddan grun“ um að verið sé að flytja venjulegar matarkartöflur inn á röngum tollanúmerum, án tolla. Þau tollanúmer eru ætluð fyrir bökunarkartöflur, sem almennt hefur ekki gengið vel að rækta á Íslandi (andstætt því sem Jón Helgi gefur í skyn). Hann segir að tollaeftirliti sé ábótavant og tollayfirvöld hafi ekki svarað fyrirspurnum hans. Það er að sjálfsögðu ekki gott afspurnar að yfirvöld virði hagsmunaaðila ekki svars, en því miður of algengt. Mögulega ættu menn þó að bíða með alvarlegar ásakanir eins og að innflytjendur brjóti tollalög, þangað til þeir hafa eitthvað í höndunum annað en ágizkanir. Ofangreindar tölur um verðmun innlendra kartaflna og innfluttra styðja ekki að verið sé að svindla á tollalöggjöfinni. „Neysluvenjur breytast ekki svona hratt,“ segir Jón Helgi í öðru orðinu en rökstyður í hinu orðinu, þegar hann fjallar um gæðavandamálin, alveg ágætlega hvers vegna æ fleiri neytendur kjósa innfluttu kartöflurnar.

### Gæðin eru sameiginlegt hagsmunamál

Það er rétt, sem Þröstur Helgason ritstjóri segir í leiðara síðasta Bændablaðs, að stjórnvöld mega gjarnan vanda sig meira gagnvart innlendri grænmetisrækt. Ofangreint fyrirheit, um að auka stuðning við útirækt á móti niðurfellingu tolla, hefur verið svikið í meira en áratug. Í viðræðum um nýja búvörusamninga, sem eru framundan, verður að standa við þessi áform, enda væri slíkt fyrirkomulag langtum skynsamlegra og hagstæðara fyrir alla aðila en fikt í tollagluggum, sem enginn veit hvernig munu standast á við uppskerumagn, veðurfar og aðra áhrifaþætti í grænmetisrækt.

Það er líka rétt hjá Jóni Helga á Þórustöðum að það ætti að efla fjárfestingarstyrki í greininni þannig að bændur geti bætt geymslur sínar og tækjabúnað. Hið opinbera á að sjálfsögðu að styðja við stofnrækt og aðrar úrbætur í gæðamálum. Ábendingar Jóns Helga um betra samstarf framleiðenda, birgja og verzlana um geymslu, flutning og meðhöndlun á kartöflum eru sömuleiðis allrar athygli verðar.

Á endanum eru það gæði íslenzku kartaflnanna, sem tryggja vinsældir þeirra hjá neytendum og samkeppnisstöðu kartöflubænda. Það eru gæðin, sem eru sameiginlegt hagsmunamál framleiðenda, verzlunar og neytenda. Hærri tollar leysa hins vegar ekki vanda kartöflubænda.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.*



# Engar kókoshnetur fyrir mig, takk

## – Ég er með birkiofnæmi



Kristján Friðbertsson.

Flest fögnum við frjósemi, en fórnarkostnaðurinn getur verið þó nokkur. Leitar þá sjálfsagt hugur margra til kostnaðar við íþróttaiðkun afkvæma, svo ekki sé minnst á allar ólaunuðu vinnustundirnar sem óhjákvæmilega fylgja. Ég er hins vegar að vísa sérstaklega til þess að sumt fólk er hreinlega með óþol gagnvart frjósemi. Öfund? Gæti verið. Birtingarmyndin er þó oftast líkari flensueinkennum, en getur jafnvel ýtt ónæmiskerfi fólks í ógöngur með miklum verkjum.

Að sjálfsögðu erum við að tala um frjókornaofnæmi. Algengustu ofnæmisvaldarnir meðal frjókorna á Íslandi eru annars vegar frá grösum og hins vegar birki. Svipuð saga er á Norðurlöndum, þar sem einn versti ofnæmisvaldurinn er birki. Skv bresku ofnæmissamtökunum Allergy UK er áætlað að um fjórðungur allra sem þjást af frjókornaofnæmi séu viðkvæm fyrir birkifrjói. Tíðni ofnæmis á Vesturlöndum fer mjög vaxandi síðustu áratugi og birkiofnæmi á Íslandi er engin undantekning. Hvað trjátegundir varðar virðast frjó af birki, eikum og eini vera langskæðust.

### Frjó sem ferðast

Náttúrufræðistofnun, skv. CORINE flokkunarskýrslu 2012, flokkar skóga, að meðtöldum skógræktarsvæðum, sem einungis 0,7% af flatarmáli Íslands. Nýrri tölur sem fylgja öðrum og víðari skilgreiningum telja þó birkiskóga og birkikjarr þekja um 1,5% landsins. Í ljósi þess hve lítill hluti landsins það er mætti ætla að vandamál tengd birkifrjói væru afar lítil hér.

Til samanburðar er mun meira skóglendi á Norðurlöndum en hér. Mikið af birkiskógum, svo frjómagn og nálægð við fólk er mikil. Vandinn er bara sá að nálægð við birki er ekki endilega nauðsyn. Frjókorn birkisins eru agnarsmá og fislétt, berast langar leiðir með vindum og eru framleidd í gríðarlegu magni. Þó megin uppspretta þeirra hérlendis sé íslenska birkið, má stundum má greina mikið magn þeirra utan blómgunartíma, sem hafa þá borist frá Evrópu.

### Einsleitni

Þegar ég les undanfarin ár um auknar áherslur á gróðursetningu birkiskóga, velti ég stundum fyrir mér hvort það sé endilega að öllu leyti jákvætt. Birki er auðvitað nú þegar langalgengasta skógartréð hérlendis. Mikið hefur verið gróðursett síðustu árin og sérstakt markmið hefur að meira en þrefalda áðurnefnt 1,5% svo heil 5% landsins verði þakin birkiskógi fyrir 2030 (Bonn áskorunin).

Hópurinn sem þolir illa frjósemi birkisins er sjálfsagt lítið hrifinn af þeirri margföldun á frjómagni í loftinu og velta má fyrir sér hvort taka ætti það með í reikninginn við tegundaval. Víðihekk síðustu áratuga minntu marga á ókosti þess að hafa of mikla einsleitni í plöntuvali og spurning hvort mætti ekki frekar auka við fjölbreytni trjátegunda hérlendis.

### Skaðvaldafæða

Nú þegar sjáum við mikið magn af óværu ýmiss konar herja á birkið.



Skaðvaldurinn sætur og saklaus.

Sveppir líkt og birkiryð og blástursvendill eru þar í hópi með skordýrum eins og birkikembu, birkiþélu, birkisprotalús og hinum ýmsu fiðrildalirfum. Eftir því sem við margföldum ræktunarsvæði þessara skaðvalda má alveg reikna með að fleiri bætist í hópinn.

Birkiglitmölur er einn núverandi skaðvalda, en fyrir fólk með birkiofnæmi er kannski huggun harmi gegn að ungviði hans dvelur m.a. í karlreklum birkisins og getur því dregið örlítið úr frjóframleiðslunni.

### Innlent ofnæmi

Víða á landinu er þörf á plöntum sem geta vaxið við léleg skilyrði, þau binda þá um leið jarðveg sem fýkur annars burt. Ásamt þessu er það talið birkinu til tekna hérlendis að það sé nánast eina innlenda trjátegundin frá landnámi.

Það er því á vissan hátt svekkjandi að það sé ekki minna um viðbrögð við frjóinu, fyrst það hefur verið hér svo lengi. Sömu sögu sjáum við þó víðar og ekki bara í birkiofnæmi Norðurlanda. Mjög afgerandi dæmi má sjá í Japan. Þar eru þau að súpa seyðið af því að hafa farið í sérstakt átak í plöntun innlendra tegunda um miðja síðustu öld. Áherslan þar var þó á tvær innlendar tegundir, ekki bara eina. Í dag er frjókornamagnið frá þeim svo mikið að það orsakar árlega gríðarleg veikindi og truflanir víða um samfélagið. Fyrir vikið er núna átak í gangi að fækka þeim og skipta út fyrir aðrar trjátegundir.

### Fjölstuðandi frjó

Þó fleiri séu viðkvæmir fyrir grasi en birkinu er eitt sérstaklega áhugavert við birkiofnæmið. Frjó þess stuðar ónæmiskerfið svo mikið að það orsakar svokallað „krossofnæmi“. Þar er eitthvað allt annað en maður hefur í raun ofnæmi fyrir að koma af stað ofnæmisviðbrögðum.

Þekkt er að fólk með birkiofnæmi fái m.a. viðbrögð við því að borða græn epli, kirsuber, perur, gulrætur, kartöflur, tómata og hinar ýmsu hnetur.

Allt þetta er svo auðvitað fyrir utan fólk sem þjáist af sjálfsofnæmissjúkdómum líkt og t.d. vefjagigt. En þá getur birkifrjóið leitt til þess að ýmiss konar bólgur og verkir myndist í líkamanum, jafnvel þó ekkert eiginlegt birkiofnæmi sé einu sinni til staðar.

*Höfundur er plöntunörd. Skrifað undir áhrifum antihistamíns.*










Menning:

# Landlæg hamingja: frá Londonderry í Kópavog

Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is



**Landsbyggðir Bretlands, bæjarhátíðir og William Morris eru meðal umfjöllunarefna Jeremy Deller, eins þekktasta samtímalistamanns Bretlands, á sýningunni Landlæg hamingja sem var opnuð í Gerðarsafni í Kópavogi í maí.**

Sýningin fyllir tvo sali safnsins, annar þeirra er þakinn prentverkum sem hafa orðið til yfir þrjátíu ára tímabil og í hinum salnum er stór myndbandsinnsetning sem ber titilinn „Triumph of Art“ þar sem sjö myndböndum er varpað á veggina samtímis.




Myndir / Frá Gerðarsafni, ljósmyndari Vigfús Birgisson.




### Handverksfólk og sundballerínur

Sumarið 2025 var Deller fenginn til að halda gjörningahátíðir þvers og kruss um Bretlandseyjar til að fagna 200 ára afmæli Listasafns Bretlands. Deller ferðaðist frá Londonderry á Norður-Írlandi til Dundee í Skotlandi, til Llandudno í Wales og að Plymouth í Englandi og vann á hverjum stað með heimamönnum til að skapa götuhátíðir. Hann vann með listahópum, handverksfólki, fjöllistamönnum og tónlistarfólki, kraftlyftingafólki og jafnvel sundballerínum. Að lokum bauð hann til allsherjarveislu á Trafalgartorgi í London þar sem fólkið sem hann hafði unnið með í þessum smærri bæjarfélögum ferðaðist utan að landi og inn í borgina til að sýna listir sínar. Verkið „Triumph of Art“ sem er nú til sýnis á Gerðarsafni er vitnisburður um þetta umfangsmikla verkefni og er að sögn Deller „tilraun til að endurskapa hugmyndina og andrúmsloftið sem lá að baki og fjölheim alls þess sem átti sér stað“.

### Áhersla á smærri bæjarfélög

„Verkin voru mjög svo um þá staði sem þau voru að gerast á,“ segir Deller um gjörningana sem áttu sér stað á landsbyggðum Írlands, Skotlands, Englands og Wales. „Mig langaði til þess að fara á staði sem voru ekki augljósir valkostir, ekki fyrstu valkostir, en ég vissi að höfðu mikið fram að færa.“ Hann hefur sjálfur ferðast mikið um Bretlandseyjar og hefur áhuga á að finna og skapa tengingar þvert á staði og samfélög. „Í verkunum er áhersla á staðina sjálfa, sögu þeirra, tónlist þeirra, alþýðutónlistina og áhersla á landslag þessara staða og iðnað,“ segir Deller og bendir á að í myndbandsverkunum sé hægt að sjá stillur og myndbönd frá bæði Írlandi, Skotlandi og Wales sem minni mikið á íslenskt landslag.

Þátttaka og samskipti eru mikilvægir þættir í verkum Dellers að hans sögn og var markmiðið með götuhátíðunum „að skapa rými þar sem væru miklar heimildir, umhverfi þar sem allt gæti gerst en á góðan hátt.“ Þar sem Deller vann með mismunandi listafólki vissi hann sjálfur ekki alltaf hvað myndi eiga sér stað og þar sem viðburðirnir áttu sér allir stað utandyra vissi hann heldur ekki endilega hvernig veðrið yrði. „Við lentum í alls konar veðri. Stundum var hræðilegt veður, en samt mætti fólk til að fylgjast með.“ Þegar kemur að þátttökuverkum segir Deller: „Það er mikilvægt að sleppa tökunum, þú getur ekki stjórnað almenningnum og svo sannarlega ekki veðrinu.“

### Afskorin höfuð og ærsl

Hluti af því að fagna 200 ára afmæli Listasafns Bretlands var að bregðast við safnkostinum. Þar valdi Deller að nálgast efnið á gagnrýninn en gamansaman máta. „Ég notaðist við tilvísanir í safnkost Listasafnsins, bæði leit ég á frásagnir og goðsögur sem birtast í verkum þar, bæði Grikkja og Rómverja, og þeirra ærsl og slæmu hegðun,“ segir Deller, „og svo var mikið um afskorin höfuð, þar er ég að vísa í málverk á Listasafninu, og við gerðum líkan af afskornu höfði Karls I Bretakonungs sem fólk gat haldið á og tekið mynd af sér með. Það er svona ákveðinn aktífismi í því og húmor. Við sögðum nú engum að við ætluðum að gera það,“ segir Deller og hlær, „en það er mikilvægt að vera stundum aðeins óþekkur.“

### Grafísk skilaboð

Grafíkverkin sem eru til sýnis í vestursal safnsins eru prentuð plaköt og textar í mismunandi stærðum, búin til frá 1993 – 2026 og ber sá hluti sýningarinnar titilinn Warning Graphic Content. Þar má líta þekkta frasa, pólitísk slagorð og tilvísanir sem og stuttar hnyttnar setningar. „Verkin hafa verið búin til við hin ýmsu tilefni, stundum til að safna pening fyrir málefni, stundum fyrir sýningu, stundum til að hengja eitthvað upp úti,“ segir Deller, „eins og þau birtast hér er bara ein útgáfa, ég hef oft sett upp sýningar með þessum verkum en hún breytist í hvert sinn.“ Flest eru verkin á ensku, móðurmáli listamannsins, en ákveðið var að þýða prentverkið Thank God for Immigrants yfir á íslensku: Guði sé lof fyrir innflytjendur. „Verkið hefur áður verið þýtt á önnur tungumál og okkur fannst viðeigandi að færa það inn í íslenskt samhengi,“ segir Arnar Freyr Guðmundsson sýningarstjóri ásamt Birnu Geirfinnsdóttur en þau vinna saman undir nafninu Studio Studio. „Sum verkanna eru mjög bundin bresku samhengi og menningu. Til að auðvelda gestum að nálgast þau hefur Deller skrifað skýringartexta sem fylgja sumum verkunum. Þá ákvað hann einnig að taka nokkur verk út úr sýningunni þar sem þau voru of sértæk fyrir breskt samfélag,“ segir Arnar. Deller leggur áherslu á aðgengi spurður út í þessa ákvörðun og segir: „Mér finnst persónulegt að hafa handskrifaðar útskýringar og það er mikilvægt, ég vil ekki að fólk sé ráðvillt þegar það sér verkin því þau snúast einmitt um að eiga samskipti og mynda tengingar.“

### William Morris var hér

Arnar segir það hafa mikla þýðingu fyrir safnið að fá að frumsýna verk listamannsins. Auk myndbandsinnsetningarinnar gerði Deller nýtt grafíkverk fyrir Gerðarsafn sem gestir geta tekið með sér heim af sýningunni sér að kostnaðarlausu. „Jeremy vann nýtt upplagsverk fyrir sýninguna, William Morris var hér. Hann hefur áður unnið með arfleifð Williams Morris og í undirbúningi sýningarinnar ræddum við meðal annars heimsóknir Morris til Íslands, en hann kom hingað tvisvar sinnum,“ segir Arnar. „Ég er hrifinn af Morris og fannst því upplagt að skapa þessa tengingu,“ segir Deller og bendir á að það eru tvö önnur verk í salnum sem minnast á breska listamanninn og skáldið William Morris. Aðspurður segir Deller að hann sé ekki að bera sína heimsókn til Íslands við heimsóknir Morris til landsins árin 1871 og 1873, þar sem Morris ferðaðist um landið vegna aðdáunar á landslaginu og áhuga á sagnahefðum Íslendinga, en hann sé sjálfur hér á landi sem túristi í stuttu stoppi í þetta sinn.









Nýútskrifaðir járningarmenn ásamt aðalkennurum, rektor og deildarstjóra: Aftari röð frá vinstri: Friðbergur Hreggviðsson, Paavo Kovanen, Leó Hauksson, Magnús Ingi Másson, Kjartan Gunnar Jónsson og Hreinn Gunnar Guðmundsson. Fremri röð frá vinstri: Aksel Vibe járningameistari, Hólmfríður Sveinsdóttir rektor, Víkingur Gunnarsson deildarstjóri og Kristján Elvar Gíslason járningameistari. Mynd / Aðsend

## Hólaskóli:

# Sex útskrifaðir úr járninganámi

**Fyrsta brautskráning úr nýju járninganámi við Háskólann á Hólum fór fram 23. maí síðastliðinn en námið, sem kallast sérhæft íslenskt járningapróf, er 30 eininga örnámsleið sem spannar eitt skólaár og er ætluð fyrir reynslumikla járningamenn.**

Námið var blanda af kennslu í staðarlotum heima á Hólum og fjarnámi. Í náminu var lögð sérstök áhersla á gangtegundir íslenska hestsins og þá sérhæfingu í járningum sem þeim fylgja. Námið fór fram á ensku og miðast prófkröfur við réttindastaðla Evrópsku járningamannasamtakanna (EFFA). Aðalkennarar voru járningameistararnir Kristján Elvar Gíslason og Aksel Vibe frá Noregi. Víkingur Gunnarsson, deildarstjóri á Hólum, veit allt um námið.

### Frábær hópur og inntökupróf í gangi

„Í náminu er fléttað saman verklegri kennslu og þjálfun í skeifnasmíði og járningum við fræðilega kennslu í líffræði hestsins, hreyfingafræði, heilsufræði og velferð hans auk járningafræðanna sjálfra. Hópurinn sem var að klára núna var frábær, reynslumiklir kappar sem voru mjög virkir og lögðu sitt af mörkum við frekari þróun námsins,“ segir Víkingur.

En hvernig er staðan, er skortur á járningarmönnum? „Í dag eru aðeins fáeinir menntaðir járningamenn starfandi hérlendis og eins og hér heima er víða erlendis hörgull á járningamönnum sem hafa þá sérhæfingu sem fylgir járningum íslenska hestsins. Markaðurinn fyrir sérhæfða járningamenn er því alþjóðlegur og mjög stór. Það var engin kona í útskriftarhópnum núna en það mun örugglega breytast í framtíðinni því við getum átt von á sömu þróun og í nágrannalöndunum en þar hefur konum fjölgað ört í þessari fagstétt,“ segir Víkingur.

Hann segir mikla aðsókn að náminu og nú séu inntökupróf í gangi fyrir næsta skólaár. „Við þurfum að mæta vaxandi kröfum um heilbrigði og endingu reiðhesta með meiri þekkingu og verkfærni í hófhirðu og járningum. Námið við Háskólann á Hólum mótast af nánu samstarfi við atvinnugreinina og því förum við af stað með þetta nám og munum á næstu árum þróa það enn frekar bæði með fleiri námsleiðum og rannsóknarstarfi.“

### Mjög ánægður með kennsluna og námið

Hreinn Gunnar Guðmundsson var einn af þeim sem voru að útskrifast úr náminu. „Heilt yfir var ég mjög ánægður með kennsluna og námið. Helst hefði ég viljað hittast oftar á Hólum en við förum þangað aðeins þrisvar í kennslu og svo í lokapróf. En þess á milli voru reglulegir teams-fundir og svo fyrirlestrar sem virkaði yfirleitt ágætlega. Ég mæli tvímælalaust með náminu, það er engin spurning að þetta nám er frábær viðbót við þá elju sem er í bransanum hér á landi en engu að síður fyrir íslenska hestinn í heild sinni þar sem þetta er alþjóðlegt nám, kennt á ensku og ætlað fólki alls staðar að úr heiminum. Bara að það vilji gera betur fyrir íslenska hestinn,“ segir Hreinn Gunnar og bætir við:

„Járningar hafa verið mín eina vinna síðustu 6-7 árin og í heildina hef ég járnað í tæp 20 ár. Það er hægt að hafa meira en nóg að gera í járningum. Ég flutti mig á Reykjanesið fyrir 2 árum og þá byrjaði ég að þurfa að keyra talsvert meira eftir vinnunni og vera jafnvel að heiman í eina eða tvær nætur til að túrarnir borguðu sig betur. Nú ætla ég að flytja til austurs í sumar, byrja upp á nýtt í Noregi þar sem ég er byrjaður á næsta námi í járningum og ætla að reyna að láta gott af mér leiða fyrir hönd hestsins okkar á meginlandinu,“ segir Hreinn Gunnar, alsæll með starf sitt sem járningamaður. */mhh*



Tré, berjarunnar, skrautrunnar, fjölær blóm, matjurtir, sumarblóm ofl.
Á til Alaskaösp og Keisara, bæði bakkaplöntur og plöntur í stærri pottum.
ATH!
Allar plöntur eru ræktaðar í Gróðrarstöðinni Dilksnesi í Hornafirði.
Email dilksnes@simnet.is







**Til sölu er fallegur og vel skipulagður sumarbústaður til flutnings,**
**staðsettur við Laufskálabyggð 2 á Flúðum í Hrunamannahreppi.**

Bústaðurinn er skráður 40 fm en samkvæmt seljanda er raunverulegur gólfflötur um 50 fm auk rúmgóðs svefnlofts sem nýtist vel til gistingar eða sem aukarými fyrir fjölskyldu og gesti.

**Skipulag eignarinnar er eftirfarandi:**

- **Forstofa**
- **Eldhús, stofa og borðstofa í björtu og opnu alrými**
- **Baðherbergi**
- **Svefnloft**

Húsið er almennt í góðu ástandi og býður upp á notalega og hlýlega sumarhúsastemningu.

Hér gefst einstakt tækifæri til að eignast vel hannaðan sumarbústað og flytja á þann stað sem hentar nýjum eiganda best.

**Nánari upplýsingar á Fasteignasölu ÁS í Hafnarfirði,**
**Eiríkur lgf. s. 862-3377 og Svala lgf. s. 820-9699**








Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Hraun í Öxnadal þar sem Jónas Hallgrímsson fæddist 1807. Bein hans komu aftur í dalinn á vörubílspalli 139 árum síðar.

Sagnaþáttur:

# Hvíld í nýrri mold

Um tíuleytið laugardagskvöldið fimmta október árið 1946 renndi vörubíll með segldúk strengdan yfir pallinn í hlað á Möðruvöllum í Hörgárdal. Sóknarprestur Hörg- og Öxndælinga og bóndi á Möðruvöllum, séra Sigurður Stefánsson, heilsaði gesti og spurði frétta.

Gesturinn svaraði að hingað væri hann kominn til að fylgja til grafar vini sínum sem látist hefði fyrir rúmri öld. Daginn eftir, sunnudaginn, myndu þeir prestur ásamt söngfólki og fylgdarmönnum aka upp Öxnadal og að kirkjunni á Bakka, þar sem útförin færi fram. Kistan væri á pallinum. Gestur bað prest jafnframt lengstra orða að minnast ekki á þetta við neinn, hann væri nú á leið til Akureyrar að redda söngfólki en best færi á að kistan fengi að standa uppi í kirkjunni á Möðruvöllum um nóttina. Var kistan borin af palli og í kirkju. Kvöddu síðan komumenn séra Sigurð og óku út í haustmyrkrið.

### Beðið á Bakka

Daginn eftir stóð kistan á grindum í Bakkakirkju. Þangað komst hún á endanum. Þjóðvegurinn um Öxnadal lá þá sem nú austan Öxnadalsár en Bakki stendur vestan hennar. Nú á tímum eru brýr á ánni á tveimur stöðum í þessum hluta dalsins og hægt að komast að Bakka um aðra þeirra en þá var brúin á ánni ekki orðin bílheld, var aðeins göngubrú. Báru Öxndælingar því kistuna yfir ána, settu á hestakerru og gengu svo á hæla kerrunni að Bakka.

Í kistunni lá Jónas Hallgrímsson. Eða það sem fundist hafði af honum á upprunalegum legstað. Samkvæmt nákvæmri lýsingu voru það bútar „af fótleggjum, lærleggir báðir og efri hlutar sköflunganna, en einnig nokkrar leifar af handleggjunum, en allar voru leifar þessar svo meyrar að þær urðu ekki teknar upp, hvert bein fyrir sig“. Hafði því þetta allt verið skafið upp úr leirnum í gröfinni með vír og krossviðarplötu síðan smeygt undir og þannig hafði tekist að hífa það sem eftir var af kistunni ásamt beinum, blöndnum mold og leir, allt meira og minna sundurmorkið, upp á grafarbakkann. Allt var svo sett í „sterkan kassa“ og flutt yfir hafið með Brúarfossi frá reit númer 1095 á svæði N í Assistenskirkjugarði á Norðurbrú í Kaupmannahöfn til Reykjavíkur þar sem „sterka kassanum“ var skipt út fyrir kistu í geymslu við Laufásveg og kistunni síðan ekið á vörubíl norður yfir heiðar. Og af hverju? Jú, vegna þess að maðurinn undir stýri hafði fengið ábendingu um að gera þetta frá hinum látna. Að handan.

### Vinir í öðru lífi

Á fyrri hluta tuttugustu aldar, og raunar lengst af þeirri öld, var möguleikinn á samtali milli framliðinna og lifenda einn af burðarþáttunum í hugmyndalífi Íslendinga. Svo eindregið hefur efnishyggjan náð vopnum sínum að fyrir fólk fætt á tuttugustu og fyrstu öld virka lýsingar á þessari trú eins og verið sé að segja frá graftarsiðum Forn-Egypta. Það hljómar fullkomlega fjarstæðukennt að miðlar hafi getað fyllt Háskólabíó af fólki sem komið var til að heyra þá streyma röddum framliðinna úr gagnaverum handanlífsins og inn í nútíðina. Þúsundir fengu bót meina sinna vegna íhlutunar þeirra sem gátu veitt læknisaðstoð að handan. Heilu bókaflokkarnir komu út með frásögnum af lækningum, samtölum og samskiptum lifandi fólks við hina dánu. Og fólk sem talið er til helstu meistara og snillinga trúði þessu eins og nýju neti og nægir að nefna rithöfundana Elínborgu Lárusdóttur og Þórberg Þórðarson. Þessi samgangur heimanna varð einnig samfléttaður kirkjulegu starfi þótt ýmsir innan þjóðkirkjunnar ættu erfitt með að kyngja andatrúnni.

Séra Sigurður á Möðruvöllum skirrðist því við að jarða kistuna sem öllum að óvörum hafði birst á bæjarhellunni hjá honum þetta októberkvöld. En það var fyrst og fremst vegna þess að honum var bannað það af sýslumanni Eyjafjarðarsýslu, prófasti Eyjafjarðarprófastdæmis, formanni Þingvallanefndar, þjóðminjaverði og dómsmálaráðherra. Hér var nefnilega illt í efni. Gesturinn, Sigurjón Pétursson, eigandi ullarverksmiðjunnar við Álafoss í Mosfellssveit, hafði með ótrúlega bíræfnum hætti tekið jarðneskar leifar Jónasar Hallgrímssonar og ekið með þær á brott úr höfuðborginni til þess að uppfylla loforð sem hann hafði gefið Jónasi. Hvernig þá? Jú, Sigurjón var í daglegum samskiptum við Jónas og hafði fengið frá honum tilmæli um hvernig ætti að haga málum. Á grundvelli þeirra hafði hann snúið á Matthías Þórðarson þjóðminjavörð sem farið hafði í ágúst 1946 til Kaupmannahafnar, raunar á kostnað Sigurjóns, og fengið leyfi til að grafa Jónas upp. Þegar „sterki kassinn“ kom til Reykjavíkur hafði Sigurjón látið aka honum í líkbíl af kæjanum í Reykjavíkurhöfn í fylgd með Matthíasi og þar sagst vera algerlega samþykkur áformum yfirvalda um að grafa Jónas í hetjugrafreit þeim sem Jónas Jónsson frá Hriflu hafði látið koma upp aftan við kirkjuna á Þingvöllum. En vart hafði Matthías snúið sér við en Sigurjón sótti kistuna sem Jónas var nú kominn í eftir að þeir Matthías höfðu fært hann þangað úr „sterka kassanum“. Sigurjón hafði pantað þessa kistu hjá Eyvindi Árnasyni, líkkistusmið og útfararstjóra í Reykjavík. Á hana hafði verið settur skjöldur eftir fyrirsögn Sigurjóns þar sem stóð: „Jónas Hallgrímsson skáld, fluttur heim 4.10. 1946. Kveðja frá vinum.“ Jónas skyldi eiga hinstu hvílu á æskuslóðum sínum Norðanlands. Jónas var loksins kominn heim.

### Moldin á Þingvöllum

Séra Sigurður hafði fengið fyrirmæli um að kyrrsetja kistuna og alls ekki láta Sigurjón komast upp með að hola henni niður. Frásögnum ber ekki fyllilega saman hvort Sigurjón á Álafossi hafi sjálfur viljað jarðsetja Jónas á Bakka eða það hafi verið tillgaga Sigurðar á Möðruvöllum. Í það minnsta varð það úr að Sigurjón og Sigurður komust að samkomulagi um að fara saman upp að Bakka sunnudaginn sjötta október og koma kistunni þar fyrir. Á Bakka var kistan sveipuð íslenska fánanum og Sigurjón benti á legstaðinn sem Jónas hafi tjáð honum að væri sín hinsta hvíla og hélt svo skorinorða ræðu um að nú væri Jónas kominn á heimalóð. Sagt var frá því í Tímanum að undirskriftasöfnun hefði verið hleypt af stokkunum til að krefjast þess að Jónas færi ekki aftur úr Öxnadal og sóknarnefnd Bakkakirkju fór þess formlega á leit við biskup, en hér var við máttug öfl að etja. Kistan var að lokum send suður og Jónas jarðsettur í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum þar sem skáldið Einar Benediktsson hafði þá dvalið einn um skeið. Á afmælisdegi Jónasar, 16. nóvember 1946, báru ráðherrar, náttúrufræðingar og rithöfundar kistuna frá Þingvallakirkju til moldar.

### Bein í leit að legstað

Einn var þó sá rithöfundur sem seint hefði fengist til að vera þar kistuberi, Halldór Laxness. Þann 11. júlí 1937 hafði hann verið viðstaddur áþekka útför þegar meint bein Solveigar á Miklabæ voru jarðsett að nýju með viðhöfn í Glaumbæ í Skagafirði. Solveig hafði fyrirfarið sér á Miklabæ árið 1778 og að þeirra tíma siðvenju var hún husluð utangarðs „út og suður“. Þótt engar áreiðanlegar heimildir væru um legstað hennar var talið nokkuð víst að kista hennar hefði fundist þegar tekið var leiði í stækkuðum kirkjugarði á Miklabæ árið 1914. En nú jókst traffíkin milli okkar heims og hinna framliðnu og Solveig kom fram á miðilsfundi og bað um flutning út í Glaumbæ í félagi við „þrjár verur“ sem æsktu þess sama.

Halldór vann um þetta leyti að öðru bindi Heimsljóss, Höll sumarlandsins, sem út kom árið 1938. Þar snýr hann enn einum beinaflutningi þessara ára upp í beitta ádeilu á handanheimsáfergju samtíma síns: Pétur Þríhross grefur sakapersónurnar Satan og Mósu úr dysjum sínum „uppi í skarði“ og flytur til Sviðnisvíkur þar sem útför þeirra er gerð með miklum höfðingsbrag. Höfðu þau skötuhjú þá „birst á andafundi“ Sálarrannsóknarfélagsins í plássinu.

Þarna snýr Halldór út úr því þegar Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson voru grafin upp við Þrístapa í júní 1934 að þrábeiðni Agnesar sem komið hafði fram á miðilsfundum og sagt til beinanna með undraverðri nákvæmni. Og enn gerir Halldór endurgreftanir að umfjöllunarefni í Atómstöðinni, sem út kom árið 1948, og auðvitað var þar á ferð beinaþvælingur Jónasar Hallgrímssonar. Halldór dregur þar fram að sama dag og Sigurjón á Álafossi nappaði Jónasi samþykkti Alþingi samning við bandarísku ríkisstjórnina um hvernig stjórn Keflavíkurflugvallar yrði háttað næstu árin, svokallaðan flugvallarsamning. Með samþykkt samningsins sprakk ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Sósíalista. Gerðist þetta allt nánast í sama mund: Jónas var brottnuminn fyrir framan nefið á yfirvöldum, flugvallarsamningurinn var samþykktur og stjórnin féll.

En Halldór sá þó ekki fyrir að „Ástmögur þjóðarinnar“ yrði grafinn upp einu sinni enn eins og nú stendur til. Þar ráða þó ekki ferðinni andar að handan, heldur trúin á að „vísindin efli alla dáð“ og kannski líka að lífið sé eins og glæpasaga þar sem spæjarinn birti lausnina í lokin.



# Vísnahornið

Nýlega kom út kver sem nefnist, Eitt og annað, en **Þórarinn Eldjárn** birtir þar nýjar stökur og kviðlinga. Alveg bráðskemmtilegt efni, svo maður gleymir sér við lestur:

Skyldi það vera skipulagsslys
sem skapar okkar vanda
að milli himna og helvítis
vor heimur skuli standa?

Og Þórarinn segir um breytingarnar:

Ég veit ekki neitt um neitt
og næ ekki að komast í feitt
því allt svona yfirleitt
er einhvern veginn breytt.

Hringhenda snjöll frá skáldinu:

Með sér elur margur sveinn
margt sem felur hraður.
Það sem telur afleitt einn
annar velur glaður.

Hér yrkir Þórarinn um vorverk sólar:

Þegar hörfa hret og kul
hlýnar í laut og bala.
Sólin vinnuvélagul
verkin lætur tala.

**Jón Ingvar Jónsson** var líka skáld með góðan húmor, en áhugalítill um leikfimi í æsku og orti þegar hann leit inn um dyr á íþróttasal, þar sem við blöstu gólfæfingar:

Reigja búkar háls og hupp,
hefst þá sjúka atið.
Brosi ljúka allir upp
út um kúkagatið.

Fyrir stúdentsprófið orti Jón:

Fólkið hefur furðumargt,
-fæst með geði ljúfu-,
ansi mikið á sig lagt
aðeins fyrir húfu.

Á ferð með kvæðamannafélginu Iðunni, orti Jón þessa vísu:

Yfir kæra frónið fríða
furðuléttir enn
gúmmídekkja griðung ríða
gamlir kvæða menn.

Fyrir daga nútíma ferðahraða sem margir vilja heldur auka en hitt, var langt ferðalag yfir marga sandana. **Þorsteinn Einarsson** á Höfðabrekku orti um sinn uppáhaldsgæðing:

Þó við eigum langt í land
létt er ennþá sporið.
Margoft yfir Mýrdalssand
mig hefur Skjóni borið.

Til er frásögna af því að séra **Páll**, prófastur í Hörgsdal hafi farið á 4. v. fola af Eyrarbakka og austur á Síðu. Klerkur orti um þá reið, röska 200 km á einum sólarhring einhesta:

Af Eyrarbakka utan stanz
-æði töf með stuttri-
frá miðaftni til miðaftans
mig í hlaðið flutti.

*Umsjón: Magnús Halldórsson*
*mhalldorsson0610@gmail.com*

CONSENSA
INNKAUPAÞJÓNUSTA
Við veitum viðskiptavinum okkar innkauparáðgjöf og innkaupaþjónustu og tökum að okkur framkvæmd útboða, óháð tegund innkaupa
• • •
www.consensa.is - consensa@consensa.is

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla

**Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar Húnaþings vestra**

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti þann 13. maí 2026 óveruleg breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026 vegna Melstaðar í Miðfirði
*samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Breytingin tekur til landnotkunarreits VÞ9, verslun og þjónusta, við Melstað í Miðfirði.
Í breytingunni felst að reiturinn er færður um u.þ.b. 500 m til suðvesturs frá núverandi staðsetningu. Breytingin felur ekki í sér stækkun landnotkunarreitsins og skilmálar reitsins, nýtingarheimildir, umfang fyrirhugaðrar starfsemi og meginforsendur gildandi aðalskipulags haldast óbreyttar.

Markmið breytingarinnar er að færa skilgreint verslunar- og þjónustusvæði á hentugri stað innan sama svæðis, m.a. með hliðsjón af aðkomu og tengingu við samgöngukerfið við Þjóðveg nr. 1 og Miðfjarðarveg nr. 704.
Nánari útfærsla aðkomu, lóðarmarka, vegtenginga, byggingarreita og skilmála fer fram í deiliskipulagi.

**Skipulagsfulltrúi Húnaþings vestra**
**Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.**

**Öflugar og fjölhæfar vöruhúsalausnir**





**Umhverfisvæn, hagkvæm og endingargóð vinnutæki!**

- Rafmagnslyftarar
- Rafmagnstjakkar
- Tínslutæki
- Handtjakkar
- Skotbómulyftarar

Hafðu samband **Adolf Þ. Andersen** í **590 5135** eða **adolf@klettur.is** og kynntu þér lausnir sem henta þínum rekstri.

KLETTUR
www.klettur.is — 590 5100




**Berðu saman verðin áður en þú festir kaup annars staðar. Það á eftir að koma þér skemmtilega á óvart!**

Fast Parts ehf.
Sími: 788 8893
Email: pantanir@fastparts.is
www.shop.fastparts.is
FAST PARTS




# Saga eyrnamarkanna


Breki Einarsson.

„Eyrnamörk eru mjög gömul“ segir í bókinni Sauðkindin, landið og þjóðin eftir Stefán Aðalsteinsson. Þetta er staðreynd en hversu gömul er hefðin í raun?

Auðvelt er að rekja hana aftur til víkingaaldar þar sem eyrnamörk eru t.d. nefnd í Grágás, Jónsbók og í elsta handriti Færeyinga, Seyðabrévinu. Mörk í Norðurlöndunum bera sameiginleg einkenni sem bendir til sameiginlegs uppruna.

Eyrnamarkið var eitt af því mikilvægasta sem bændur á landnámsöld áttu. Óbirt grein sem Jón forseti hefur skrifað þann 9. júlí 1868 um innsigli, fangamörk og önnur merki einstaklinga til sönnunar eignaréttar talar um mikilvægi eyrnamarka. Hann skrifar: „Mark á fénaði hefur á Íslandi hina mestu þýðingu, og hefur haft frá fornöld, því á markinu byggðist oft öll eignarhelgi eigandans. Í sögum vorum er oft talað um mark á fénaði, og lögin skýra frá því greinilega. Þar er skipað (í Grágás) að marka allan fénað, naut, sauði, svín, geitur, nema það sem gengur heima við bæi með móðurinni. Þar er skipað að marka þessi húsdýr á eyrum og ekki annars staðar.“



Mynd eftir Rudenko úr bók hans Frozen tombs of Siberia, 4 eyrnamörk sem fundust á hestunum í gröf 1 og 5.

Margar þjóðir í Norður-Síberíu notast við eyrnamörk en ég tek Nenets þjóðina hér sem dæmi þar sem ég hef fundið mest um hana. Nenets þjóðin í Yamalo-Nenets sjálfstjórnarsvæðinu stundar mikla hreindýrarækt og notast við tvær hefðbundnar leiðir til að merkja hreindýrin sín. Þeir notast við feldsmerkingar, það er að skera út merki í feld hreindýranna en það hverfur þegar hárið vex til baka, aðalleiðin og sú rökréttasta til að merkja dýrin eru því eyrnamörk. Mörkin skipta bændurna miklu máli, þegar sonur á að eignast sitt eigið mark býr oft faðir hans til markið út frá sínu eigin marki til að sýna skýran skyldleika.

Grunnmark skilgreinir hóp, oftast ætt, svo bætir hver bóndi örlítið við það svo hægt sé að þekkja einstaklinginn. Rosa líkt því sem sumir gera hér, mark föður er kannski sneitt aftan hægra og sonur eða dóttir fær svo sitt mark sem gæti verið sneitt aftan, biti framan hægra.

Hér sjást grunnmörkin sex sem hreindýrabændur frá ýmsum smáþjóðum nota í eyrnamerkingum á túndrunum Rússlands. Með nöfnum sínum í Nenets (efri röð) og Komi (neðri röð) tungumálunum, auk þýðinga á Komi nöfnunum yfir á ensku. Byggt á upplýsingum frá nokkrum hreindýrahirðum sem mannfræðingarnir Kirill Istomin og Roza Laptander tóku viðtal við.

Samarnir í Skandinavíu og Finnlandi notast líka við eyrnamörk á sínum hreindýrum og líkjast þau einnig okkar mörkum og hefðin virkar nær alveg eins. Þetta lét mig halda upprunalega að kannski lærðu Samarnir og aðrir eyrnamarkahefðina frá germönum þegar þeir sáu okkur með markað fé. En það er líklegast rangt. Hefðin er mun eldri en ég gerði mér grein fyrir á þeim tíma.

Vinur minn í háskólanum benti mér á að það væru nokkrar grafir sem kallast Pazyryk-grafirnar, þær fundust í Suður-Síberíu í Altai fjöllunum og eru frá u.þ.b. 3-5. öld f.Kr. Í þessum gröfum er fólk sem hefur eflaust verið hátt sett þegar það lifði og oft talið að það séu höfðingjar. Fólkið er grafið með fullt af flottum hlutum en líka hestum. Margir af þessum hestum varðveittust vel í sífreranum sem þarna er og frostið varðveitti húð og annað sem hefði annars rotnað burt.

Þetta eru svona náttúrulegar múmíur og oftast talar fólk um þessar grafir til að vitna í húðflúrin sem hafa varðveist á skinni mannfólksins sem þarna var grafið. Mér fannst hestarnir samt áhugaverðastir því að þeir eru margir eyrnamerktir.

Hestarnir voru allir geldingar og margir þeirra voru grafnir í fullu reiðtygi og jafnvel með grímur sem á voru hjartarhorn. Efri hluti taglsins og faxið var klippt þetta var algengt fyrir reiðhesta á þessum tíma. Mörkin sem hestarnir bera eru mismunandi og til dæmis eru í gröf eitt 10 hestar og þar eru 7 mismunandi eyrnamörk. Þetta er talið vera vegna þess að hestarnir voru úr mismunandi hjörðum og aðilinn sem var grafinn með þeim fékk þá að gjöf eða eignaðist þá á annan hátt þegar hann lifði.

Í einni af þessum gröfum fannst meðal annars veggteppi og á því er mynd af manni á hesti andspænis sitjandi manneskju sem talið er að sé ákveðin forn gyðja. Fornleifafræðingurinn sem gróf flestar af þessum gröfum upp hét Sergei Ivanovich Rudenko. Hann lýsir þessu teppi í bók sinni og segir þar að hesturinn á teppinu sé eyrnamerktur. Ég hugsaði að þetta gæti þýtt að eyrnamarkið gæti bent á hver knapinn væri en þar sem markið minnir helst á bita þá gæti þetta verið ofmat á hefðinni. En hún hefur verið mikilvæg fyrst þeir eyrnamerkja hest á veggteppi og hestana grafna með höfðingjum.

Út frá þessum hestum getum við verið viss um að hefðin sé í það minnsta u.þ.b. 2500 ára. En ég tel að það sé hægt að fara lengra aftur í tímann.

Hammúrabí var konungur Babýloníumanna í Mesópótamíu sem er sirka nútíma Írak. Lög Hammúrabís sem oft eru kölluð „Fyrsta lögbókin“ eru frá um 1760 f.Kr. og er mjög verðmæt sagnfræðileg heimild um samfélag manna fyrir næstum 4000 árum síðan. Lögin voru skorin á steinsúlu sem nú er varðveitt í Frakklandi.

Á súlunni eru ein lög sem mér finnst passa hér inn. Það eru lög 265, þar segir að féhirðir sem hefur fengið fé til að annast hefur breytt markinu eða ranglega markað féð og svo selt það verður dæmdur og gæti þurft að borga allt að 10 sinnum virði fjárins til rauneigandans í öðru fé.

Þarna er talað um mark, en ekki sagt hvort það sé eyrnamark eða brennimark. Það hafa fundist brennimörk frá Forn-Egyptalandi en ef við skoðum íslenskar dómabækur þá kemur oftar fyrir að eyrnamörkum var breytt þegar sauðaþjófar voru dæmdir.

Nú erum við búin að rekja eyrnamarkahefðina aftur rúmlega 3700 ár, miðað við það að kindur voru tamdar fyrir u.þ.b. 9-11 þúsund árum þá er þetta góður hluti af því. Líklegast er að hefðin sé mun eldri og gæti jafnvel náð alveg að því þegar við byrjuðum fjárbúskap fyrir sirka 10.000 árum og við Íslendingar erum eina þjóðin sem heldur svona vel utan um þessa hefð.

*Höfundur er sagnfræðingur.*


## Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Melstaðar í Miðfirði

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 13.maí 2026 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi þjónustulóðar í landi Melstaðar í Miðfirði, *skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
**Tillagan verður auglýst frá 10. júní til og með 24.júlí 2026.**

Tillagan tekur til breytingar á deiliskipulagi þjónustulóðar í landi Melstaðar, landnr. L144137, sem staðfest var 26. júní 2013. Skipulagssvæðið er um 2 km suðvestan við Laugarbakka og afmarkast af Hringvegi nr. 1 til norðurs og Miðfjarðarvegi nr. 704 til austurs. Breytingin felur í sér tilfærslu skipulagsmarka, stækkun skipulagssvæðis og nýja og breytta skilmála.

Markmið skipulagsins er að skapa ramma um verslunar- og þjónustustarfsemi á 22.000 m² lóð, þar á meðal þjónustumiðstöð, eldsneytisafgreiðslu, hleðslustöðvar rafbíla, bílastæði og tengdan búnað. Gert er ráð fyrir byggingarreit þjónustuhúss allt að 665 m² hámarksbyggingarmagni og aðkomu frá Miðfjarðarvegi.

Samhliða skipulagsvinnunni hefur verið unnin náttúrufars- og mengunarvarnaúttekt. Þar kemur fram að svæðið er láglent með votlendi, tjörn og vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Helstu áhrif skipulagsins tengjast raski á votlendi og mögulegri mengunarhættu.

Í tillögunni eru settir skilmálar um mengunarvarnir, fráveitu, olíuskiljur, blágrænar ofanvatnslausnir, vöktun og mótvægisaðgerðir vegna röskunar á votlendi og dýralífi. Mótvægisaðgerðir felast m.a. í því að viðhalda eða endurskapa vatnsstöðu, rennslisleiðir og vistfræðileg gildi með mótun nýrrar tjarnar og votlendis austan Miðfjarðarvegar, í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Tillagan og fylgigögn verða til sýnis á skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, á auglýsingartíma.
Gögnin verða einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins, www.hunathing.is, og í Skipulagsgáttinni, www.skipulagsgatt.is.**Nánari upplýsingar í síma 455-2400**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu berast eigi síðar en **24. júlí 2026** í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, merktar: „Melstaður í Miðfirði“.

**Skipulags- og byggingafulltrúi Húnaþings vestra.**

# Milli trjánna með Gyrði

**Hrifla | Þröstur Helgason**
throstur@bondi.is




Gyrðir Elíasson hlaut í liðinni viku Zinklar-verðlaunin 2026, dönsk heiðursverðlaun sem veitt eru dönskum eða erlendum smásagnahöfundi. Þetta rifjaði upp eitt af bestu smásagnasöfnum aldarinnar, Milli trjánna, sem Gyrðir sendi frá sér 2009 og hlaut fyrir Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2011. Haustið 2009 kom raunar einnig út ljóðabók eftir Gyrði, Nokkur almenn orð um kulnun sólar. Vert er að rýna í þessar bækur í tilefni af heiðursverðlaunanna en í þeim má finna snertifleti við nýútkomna lífsreynslusögu Gyrðis, Ótíð í víti.

Þetta eru fallegar bækur. Kápuhönnun er í höndum Aðalsteins S. Sigfússonar. Kápurnar eru eins í forminu. Á efri hluta þeirra eru myndir, málverk eftir Rökkva Sigurlaugsson, bróðurson Gyrðis. Báðar myndirnar eru talsvert myrkar, þó er sú sem prýðir kápu ljóðabókarinnar öllu dekkri en ljóðin innihalda raunar ansi dökka heimssýn, fjalla um árstíð í eins konar víti. Mynd Rökkva á ljóðabókinni er dimmgræn, grængrár himinn leggst yfir kyrran sjó en eilítil glæta sést speglast fremst á haffletinum – kannski er það vonarneistinn sem líka er að finna í ljóðunum þrátt fyrir allt.

Bjartara er yfir myndinni framan á smásagnasafninu þótt dimmir tónar séu ríkjandi. Blóðrauður forgrunnur með grófgerðum svörtum pensilstrokum er neðst á myndinni en svo taka við lög af svörtum og hvítum og bláum, eins og rökkvað land beri við ljósan himin – kannski speglast himinn og jörð í vatnsfleti eins og í fyrrnefndu myndinni. Bjartari litir kallast á við tóninn í sögunum sem er ekki jafn dimmur og í ljóðunum en báðar bækurnar eru fullar af mystík, eins og myndir Rökkva, hafa yfir sér þennan lýríska og dularfulla en jafnframt áreynslulausa blæ sem getur innihaldið hvað sem er, borið mann hvert sem er.

Tengsl eru á milli ljóðabókarinnar og smásagnasafnsins, eins og kannski við er að búast. Mótíf á borð við drauma, speglanir, sjóndepurð, eggvopn, dauða og útfarir koma fyrir í báðum bókunum. Einnig staðir eins og þorpið – sem að minnsta kosti stundum er augljóslega Hveragerði, þáverandi heimabær Gyrðis – og Hamnavoe á Hjaltlandi. Svartir hundar eru líka í báðum bókunum en sumir þeirra eru reyndar alls ekki hundar. Og reyndar koma fleiri hundar við sögu. Í titilsögunni finnst einn dauður inni á milli trjánna í litlum skógarreit í þorpinu þar sem sögumaður býr ásamt konu sinni. Hundurinn hefur líklega verið skotinn. Eftir að hafa virt dýrið fyrir sér gengur maðurinn aftur sömu leið út úr skóginum og kemur þá auga á að veggjakrot sem hann hafði séð á leiðinni að skóginum er horfið. Málað hefur verið yfir það. Þannig lýkur sögunni eins og svo mörgum í þessari bók án þess að lesandanum finnist að það hafi verið settur punktur fyrir aftan. Göngumaðurinn í titilsögunni hafði reyndar tekið eftir því að veggjakrotarinn hafði sett punkt aftan við setningarnar tvær sem hann hafði skrifað á vegginn, „nokkuð sem var ekki algengt hjá þeirri manntegund", eins og hann segir.

Sögur Gyrðis eru opnar – ég ætla ekki að segja í endann eða báða enda vegna þess að það er ekki endilega þannig. Þær eru kannski eins og tré með öruggra rótfestu sem teygja anga sína upp á móti ljósinu, til allra átta. Og þessi tré mynda skóg og þegar við komum inn í hann erum við á milli trjánna. Og þar má greinilega finna ýmislegt. En undir okkur er þétt rótarkerfi sem fléttast saman með ýmsum hætti og yfir okkur er greinaþykknið þar sem við sjáum varla hvar ein greinin byrjar og önnur endar. Sögurnar kallast á, þær fléttast saman, stundum í djúpgerð merkingarstrúktúrsins, stundum í myndmálinu, orðanotkuninni. Og það er ekki síst í þessu samspili sagnanna sem merking þeirra verður til, merkingin býr á milli trjánna ekki síður en í þeim sjálfum.

Þetta á reyndar við um allt höfundarverk Gyrðis. Í sögum þessarar bókar er að finna mörg viðfangsefni úr fyrri verkum hans. Auk þeirra sem fyrr voru nefnd mætti telja líkkistuna sem birtist með ýmsum hætti í Gangandi íkorna en í þessari bók hér tekur til að mynda maður nokkur upp á því að breyta bókaskáp í kistu, og maður þarf beinlínis að bíta sig í vörina til þess að missa ekki stjórn á túlkunarþörfinni. Og auðvitað mætti nefna öll glerin og hnífana sem oft hafa verið notaðir til þess að tálga einhver form í tré. Þegar ég las söguna Spegilmyndir í þessu nýja smásagnasafni varð mér hugsað til greinar Ástráðs Eysteinssonar um sögur Gyrðis, Myndbrot frá barnæsku, þar sem hann talar meðal annars um það gagn sem Gyrðir hefur haft af beittum hnífum og bendir á hvernig sögurnar fjalla ekki bara um útskurð af ýmsu tagi heldur hvernig skáldið tálgar texta sinn. Í Spegilmyndum er engu líkara en að Gyrðir sé í samræðu við eldri verk sín um tálgun og jafnvel skrif um þau. Í sögunni rifjar trésmiður upp æskuár í sveit þegar hann vildi verða rithöfundur. Faðir hans flytur að heiman og virðist skilja móðurina eftir í sárum. Einn daginn finnst drengnum hann sjá glampa á gleraugu uppi á háalofti. Hann segir móður sinni frá þessu og hún svarar að þetta hafi kannski verið pabbi hans. Drengurinn skrifar sögu um atburðinn og líka nokkrar um hænurnar og hundinn á bænum en móðirin tekur þær og brennir í viðarbrennaranum. Eftir það vill drengurinn ekki lengur verða rithöfundur og tekur að skera út einhverjar fígúrur í birkibúta inni í verkfæraskúr föður síns, þetta voru hálfgerðir djöflar með horn og stingandi augu. Móðirin brennir einnig þessi sköpunarverk drengsins en þrátt fyrir það hættir hann ekki að tálga litla djöfla. Um vorið kemur faðir hans aftur en það er allt breytt þótt foreldrarnir láti nú eins og ekkert hafi í skorist.


**Gyrðir Elíasson.** Mynd / Wikipedia.

Samband tálgunar og skáldskapar virðist sækja á Gyrði. Tré er efniviður í meira en einum skilningi. Trésmíði í eilífðinni hét eitt smásagnasafn Gyrðis. Föðurmótífið sækir líka enn og aftur á Gyrði í þessari bók. Hér er til dæmis sagt frá föður sem er byggingaverktaki og á í litlu sem engu sambandi við son sinn. Sagan heitir Bréf um föður og hefur tileinkunarorðin Með sérstöku leyfi frá F.K. en þar er vísað til Franz Kafka. Og þess má geta að í fyrrnefndri grein ber Ástráður Gyrði saman við Kafka.

Þetta safn inniheldur 47 smásögur á 270 síðum. Þetta eru margar sögur á mörgum síðum, að minnsta kosti samanborið við margar aðrar bækur Gyrðis. En maður vill ekki að lesturinn taki enda. Sækið ykkur endilega eintak.

**Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.**
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur




**SK Toppþrif**
*Topp háþrýstiþvottur á topppris*
Við erum tveir 16 ára strákar í sjálfstæðum rekstri. Við mætum á staðinn með hágæða kröftuga háþrýstidælu. Það eina sem þarf að vera til staðar er vatnstengi og við sjáum um rest. Fyrirmyndar umgengni og virðing er okkar markmið og við göngum skrefinu lengra í allri þjónustu. Erum á höfuðborgarsvæðinu.
**Þjónusta okkar**
✓ Ruslatunnur
✓ Innkeyrslur
✓ Bílar
✓ Pallar og svalir
**Hafðu samband**
+857-1836
sktoppthrif@gmail.com
@Sktoppthrif
@sk.toppthrif






Dagblaðið Vísir, Morgunblaðið, Feykir og Vísir voru meðal þeirra dagblaða sem gerðu sér mat úr mest lesnu grein Bændablaðsins árið 2024.

# Bænder

**Fyrir um tveimur árum birtist einhvers konar stefnumótasíða hér í Bændablaðinu sem kitlaði landsmenn á stöðum sem þá óraði ekki fyrir.**

Færri komust að en vildu í hóp þeirra útvöldu, en fiðringur fór um landið þegar við hófum úthringingar fyrir efnið. Eftir að blaðið fór í dreifingu var eins og við manninn mælt að ákafur skjálfti hríslaðist um landsmenn.

Fjölmiðlar gripu efnið, bæði útvarp og blöð, og vakti það mikla lukku. Til viðbótar fengu starfsmenn Bændablaðsins sendar ýmiss konar fyrirspurnir en mikill áhugi var fyrir að fá að komast að í næsta Bænder.

Einnig má bæta því við að Bænder var næstmest lesna grein Bændablaðsins árið 2024, í fyrsta sæti stóð Réttarlistinn.

Nú er komið að því, kæru landsmenn, næsti Bænder birtist í júlíblaðinu fyrir sumarfrí. Því er um að gera að hafa samband og vera með – eða mæla með vinum eða vandamönnum sem eru komnir með nóg af því að vera einhleypir.

Okkur þykir vænst um að fá að heyra frá fólki sem víðast yfir landið þannig nú skal ekki hika!

Vinsamlegast sendið póst á netfangið sigrunpeturs@bondi.is með helstu upplýsingum, mynd, auk óska um hvaða kosti maki þarf að bera – eða einfaldlega símanúmer og upplýsingar um þann sem ykkur líst á að gæti notið góðs af þessu uppátæki.

*/sp*






Börn í leikskólanum Funaborg og foreldrar þeirra heimsóttu Miðdal í Kjós 30. apríl. Ungir sem aldnir höfðu mikinn áhuga á að skoða búféð. Myndir / ál

# Dýrmæt tenging milli sveitar og þéttbýlis

**Bændurnir í Miðdal í Kjós hafa boðið leikskólabörnum og foreldrum þeirra í heimsóknir í áratugi. Þau segja heimsóknir af þessu tagi mikilvægar til að viðhalda tengslum borgarbúa við landbúnaðinn.**

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir segir í samtali að aðsóknin í þessar heimsóknir sé mjög mikil, en í nágrenni höfuðborgarsvæðisins séu aðeins tveir bæir sem bjóða leikskólahópum í skipulagðar heimsóknir. Löng hefð er fyrir leikskólaheimsóknum í Miðdal, en foreldrar Ólafar tóku á móti fyrstu hópunum í kringum 1990 og hafa þær verið óslitið í maí á hverju ári síðan þá, fyrir utan nokkur vor á meðan Covid gekk yfir.

„Í svona heimsóknum fá börnin tækifæri til að komast á starfandi sveitabæi og í návígi við húsdýrin í því umhverfi sem þau eru í flesta daga. Margir hafa enga tengingu við sveit og skortir því tækifæri til að komast á svona staði. Ég skynja mikinn áhuga á landbúnaði og því finnst mér mikilvægt að einhver sinni þessari eftirspurn, en ég held að þetta geti stuðlað að jákvæðara viðhorfi fólks gagnvart starfi bænda og þeim vörum sem við framleiðum.

Þó svo að þetta sé á miklum álagstíma tímum við ekki að hætta, því að við erum hrædd um að þá taki enginn annar við þessum bolta. Því væri óskandi að fleiri bændur væru til í að sýna leikskólabörnum sinn búrekstur þar sem við náum ekki að sinna öllum," segir Ólöf. Hún tekur fram að ef einhverjir bændur hafa áhuga á að feta í hennar spor sé þeim velkomið að spyrja hana ráða.

„Við erum uppbókuð alla þá daga sem við bjóðum fólki að koma og við gætum alveg verið að þessu mikið lengur, en fólk hefur sýnt því áhuga á að koma í apríl eða júní. Yfirleitt eru allir mjög spenntir fyrir því að koma og við sjáum að börnunum og foreldrunum finnst gaman að fá að sjá dýrin og snerta. Eins fá þau að hlaupa frjáls og leika sér í garðinum, hlöðunni og náttúrunni hérna í kring. Heimsóknirnar ganga yfirleitt mjög vel og dýrin eru fyrir löngu hætt að kippa sér upp við að hérna séu krakkar hlaupandi. Skepnurnar alast upp við þetta og eru ekki einu sinni hissa þegar fyrstu heimsóknirnar eru á vorin," segir Ólöf.

Hún segir heimsóknirnar alla jafna skipulagðar af foreldrafélögum og koma fjölskyldurnar á eigin bílum. Í Miðdal er blandað bú með kúm og kindum sem Ólöf rekur ásamt Hafþóri Finnbogasyni. Enn fremur eru þau með hænur, hunda og ketti ásamt því sem þau fóstruðu eina geit með kiði í vor.

*/ál*



Ólöf Ósk Guðmundsdóttir og Hafþór Finnbogason, bændur í Miðdal.



Til viðbótar við að skoða dýrin fá börnin að leika sér í hlöðunni og í kringum útihúsin. Á myndinni er nemandi frá leikskólanum Funaborg.



## EY COLLECTION:

# Íslensk hönnun í Mýrdal

**EY Collection er íslenskt lista- og hönnunarfyrirtæki staðsett í Garðakoti í Vík í Mýrdal.**











Vinkonurnar Eva Dögg Þorsteinsdóttir og Þorbjörg Kristjánsdóttir hafa alla tíð verið hrifnar af handverki og listum. Í dag reka þær vinnustofuna og verslunina EY Collection, hanna vörurnar og búa þær margar hverjar til. EY leggur áherslu á vörur sem hafa tengingu við náttúru, menningu og sögu nærumhverfisins. Þar má finna margvíslegar nytja- og gjafavörur, líkt og bolla, taupoka, kerti, teppi, skrautmuni og tækifæriskort.

Vörurnar eru hannaðar í Mýrdal og sækja Eva og Þorbjörg sér mikinn innblástur í náttúruna þar í kring. Vörur þeirra eru gjarnan skreyttar íslenskum fuglum og plöntum. Bæði fá þessi klassísku blóm að njóta sín, líkt og gleymmérei, baldursbrá og hvönnin en þá fá plöntur sem enda oftast ekki í íslenskri hönnun einnig að stíga fram í sviðsljósið eins og melgresið og puntstráin. Einkennandi landslag Mýrdals, svörtu sandar Reynisfjörunnar og dramatísku drangarnir hafa einnig veitt þeim innblástur.

Vinkonurnar nota efnivið úr umhverfinu, tína jurtir sem þær nýta í kertaskreytingar og nota ull af kindunum sínum til þess að búa til gærur og fjölbreyttar ullarvörur. Eva málar myndirnar sem þær nota á meðan að Þorbjörg saumar en þær hanna allar vörurnar í sameiningu. Íslandslínan þeirra hefur verið einkar vinsæl en þar má sjá málaða mynd af fjölskyldu í íslenska þjóðbúningnum. Auk eftirprents af málverkinu sjálfu hafa þær prentað myndina á servíettur, kerti og eldspýtustokka. Saumuð ullardýr sem þær búa til úr efnis- og ullarafgöngum hafa auk þess notið vinsælda.

Litríkir og brosmildir steinar hafa vakið mikla lukku meðal viðskiptavina EY Collection. Happy Stone, á íslensku Glaður steinn, er hönnun sem Eva og Þorbjörg hugsuðu að myndi höfða sérstaklega til barna en hefur verið vinsæl meðal allra aldurshópa. Happy Stone eru þæfðar kúlur sem vísa í ávala fjörusteina, með augu og stærðarinnar bros.

Aðallega hefur selst af lyklakippum en á döfinni er að gera derhúfur með þessum vinsælu krúttlegu fígúrum.

Aðspurðar um aðrar nýjungar segir Þorbjörg að þæfðar ullarsápur séu nú á leið í verslunina en annars séu hugmyndirnar endalausar svo það sé um að gera að fylgjast vel með EY Collection.

Sem stendur eru Eva og Þorbjörg að undirbúa sumarmánuðina en mikið af ferðafólki leggur leið sína á Suðurlandsundirlendið. Þetta er þriðja sumarið sem þær stöllur hafa opið fast og hlakka þær til að taka á móti fjölbreyttum gestum. Þeir sem gera sér ferð út að Dyrhólaey geta komið við í Garðakoti, litið hönnunina augum og jafnvel verður heitt á könnunni.

*/kró*

Færibanda-
reimar



Eigum á lager
færibandareimar
í flestar gerðir rúlluvéla

GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.

Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

SAGTÆKNI EHF

GÆÐI – ÞEKKING – ÞJÓNUSTA




VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í:
- Steypusögun
- Kjarnaborun (stór og lítil göt)
- Múrbrot og niðurrif
- Hurða- og gluggagöt
- Stálbitauppsetning
- Burðarþolsstyrkingar
- Fjarlægum skorsteina

38 ÁRA REYNSLA

HAFÐU SAMBAND Í DAG!

Sími: 567 4262 - sagtaekni@sagtaekni.is - sagtaekni.is - Bæjarflöt 8e, Reykjavík



VERKVAL EHF.

Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:

- Holræsahreinsun/lagnahreinsun
- Rotþróarhreinsun
- Götu- og gangstéttasópun
- Lagnamyndun
- Stíflulosun

Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.
í síma: 892-3762
eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is

HMS Húsnæði Mannvirki Skipulag

## Umhverfismat framkvæmda

### Umhverfismatsskýrsla í kynningu

## Vindmyllur við Lagarfossvirkjun, Múlaþingi

Orkusalan ehf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats tveggja vindmylla við Lagarfossvirkjun í Múlaþingi.

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Umhverfismatsskýrsla er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgátt eigi síðar en 17. júlí 2026.

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús
af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR



Matarkrókurinn:

# Grillráð Hafliða!

**Hafliði Halldórsson**
hafliði@icelandiclamb.is





**Frummaðurinn við opinn eld**

Það er sennilega tenging við frummanninn í okkur sem gerir að við njótum okkar við að steikja við opinn eld. Flestir grilla steikur og hamborgara, en alls kyns grænmeti og fiskur passar líka vel á grillið. Grilleldun er af mörgum talin afar karlmannleg og gangast margir karlarnir upp í því að grilla fyrir sitt fólk, oft með kaldan drykk sér til stuðnings án þess að kannski snerta mikið á matargerðinni svona annars. Stundum vantar aðeins upp á og hér er örlítil samantekt um hvað þarf að hafa í huga án þess að vera tæmandi.

**Hreinlæti**

Grillið á alltaf að vera jafn hreint og önnur áhöld sem við notum í matreiðslunni inni sem úti, lag af ösku, brenndu kjöti og gamalli fitu gefur grillmatnum vont bragð og fer ekkert vel í magann og því skipta hreint grill og grind öllu máli upp á bragðgæði. Auðveldast er að þrífa grillið strax eftir eldun, á meðan það er enn heitt og auðvelt að bursta af því á nokkrum sekúndum.

**Gas eða kolagrill?**

Flestir nota gasgrill þægindanna vegna og er það mjög skiljanlegt. Kolagrill eru samt alltaf meira sjarmerandi að mínu viti, sérstaklega ef notast er við alvöru kol en ekki pressuðu kolin sem fást á bensínstöðvum. Þegar grillað er yfir kolum skal varast að nota kveikilög því af honum kemur bragð í matinn, notið frekar kveikikubba sem eru búnir til úr þjöppuðum pappa eða viði. Það þarf líka þolinmæði við kolin og bíða þar til er kominn eldur í þau öll áður en við hefjum eldamennskuna.

**Áhöld við grillið**

Markaðsöflin hafa fyrir löngu fattað að það erum við karlarnir sem tökum ákvarðanir um kaup á grillum og aukahlutum. Þess vegna eru græjur eins og grilltangir og spaðar sem mest er haldið að okkur ansi grófar, alltof langar, þungar og ekki sérlega praktískar en auðvitð agalega karlmannlegar útlits. Mitt ráð er að leita uppi grilltangir og spaða sem kokkar nota, fást líka víða og eru mun nettari og handhægari og fara betur með okkur við vinnuna.

**Val á hráefni**

Ég mæli alltaf með því að fólk velji sér kjöt sem er ekki forkryddað eða í einhverri bölvaðri marineringu sem því miður flestir virðast kaupa. Marineringarnar eru oft mjög saltar og hafa dregið vatn úr kjötinu sem gerir það minna safaríkt. Þær eru flestar með alls kyns aukaefnum sem gera einfaldlega ekkert jákvætt fyrir steikina og eru einhvern veginn allar eins á bragðið. Best er að velja gott kjöt með því að sjá það hreint og marinera í olíu að viðbættum þeim kryddum sem þið sjálf veljið, t.d. hvítlauk og fersku timían. Svo er bara ekkert að því að sleppa marineringunni og pensla ögn af góðri olíu á kjötið fyrir eldun.

Forðist að krydda kjöt með pipar áður en það er grillað því pipar brennur við háan hita, heldur bæta honum við eftir að grillun hefur átt sér stað. Hvað fisk varðar er alltaf best að velja feitan fisk.

**Hitastig**

Að grillið sé vel heitt áður en við byrjum er auðvitað lykilatriði. Ef hitinn er ekki nægur er hætt við að hráefnið hreinlega nái ekki þeirri áferð og bragði sem sóst er eftir. Í flestum tilvikum festist ekki við grindina ef hún er nógu heit.

Ástæðulaust er að hræðast háan hita, sérstaklega þegar byrjað er að grilla, því hann hjálpar til við að fá rétta áferð, munið að við það að opna grillið tapast hiti auk þess sem hráefnið er alltaf mun kaldara en grillflöturinn. Efnismeiri grillflötur t.d. úr pottjárni heldur síðan mun betur hita en léttari grindur. Hráefnið þarf svo auðvitað að ráða ferðinni þegar hitastigið er valið, og oft er gott að nota blöndu af hærri hita fyrst og lækka svo síðar í eldunarferlinu.

**Eldunartími?**

Algengasta spurningin sem ég fæ um eldunartíma á grilli er hvort eigi að grilla tiltekinn bita eða hráefni svo eða svo lengi á hvorri hlið? Í sannleika sagt þá er ekki til heiðarlegt svar við spurningunni. Því það er öllu ósvarað um aðstæður á nákvæmlega ykkar grilli, stað og stund. Til dæmis tegund og hitastigi grillsins, útihitastigi, hvort vindkæling hafi áhrif, svo ekki sé minnst á þykkt og þyngd hráefna. Einfalt ráð áður en kjöt er eldað er að ná því fyrst upp í stofuhita. Þá styttist eldunartíminn og verður jafnari. Til að kjötið brúnist sem best er gott að salta það ríkulega 5–10 mín. fyrir eldun. Þetta er gert til þess að þurrka yfirborð kjötbitans og með því móti brúnast það betur og hraðar (fyrir grillnördana þá er hér um að ræða svokallað Maillard reaction).

**Notið kjarnhitamæli**

Mikilvægt er að nota kjarnhitamæli til að ná sem bestri niðurstöðu, stingið í þykkasta partinn og fylgist vel með. Mjög mikilvægt er að hvíla kjöt eftir að það kemur af grillinu til að lágmarka vökvatap. Mikil spenna myndast í bita sem er grillaður á háum hita vegna hitamunar á yfirborði og í kjarna. Eina leiðin til að minnka þessa spennu er með því að leyfa því að hvíla. Lambalæri skal t.d. hvíla í minnst 10–15 mín. áður en það er skorið. Hvíldartíminn er breytilegur eftir stærð kjötbitans og hitastigi sem var eldað við. Léttari biti þýðir styttri hvíld eftir eldun. Eftir því sem eldunarhiti í grilli eða ofni er lægri lækkar hvíldartíminn sömuleiðis.

## KROSSGÁTA



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
